


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




Fornbílasýning á Korputorgi
*Fornbílaklúbbur Íslands fagnar 35 ára afmæli sínu um helgina.*
FÓLK 4




# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
18. maí 2012
116. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




Facebook-leikrit
*Halldóra og Katrín setja upp leiksýningu byggða á samskiptum á Facebook.*
**popp** 34

Lög lygum líkust
*Ísland skæri sig úr hópi nágrannaríkjanna með banni við birtingu skoðanakannana, skrifar Pawel Bartoszek.*
**í dag** 17



Hörð barátta
*Útlit er fyrir spennandi sumar í Pepsi-deild kvenna.*
**sport** 30

## veðrið í dag




**HÆGVIÐRI** Í dag má búast við hægri breytilegri átt en S-til hvessir heldur af suðaustri er líður á daginn. Nokkuð bjart norðantil en fremur skýjað annars staðar og væta undir kvöld S-til.

VEÐUR 4

# Tveir þriðju umsækjenda fá ekki sumarstarf hjá borginni

**Ekki hafa verið færri sumarstörf í boði hjá Reykjavíkurborg í níu ár. Yfir 60 prósentum umsækjenda, mest ungum nemendum, hefur verið synjað um starf síðan 2009. Áhyggjuefni, segir deildarstjóri hjá Hinu húsinu.**

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg hefur synjað nálægt tveimur þriðju umsækjenda um sumar- og afleysingastörf síðan sumarið 2009. Fjöldi umsækjenda nær tvöfaldaðist eftir efnahagshrunið, en fjöldi starfa hefur ekki breyst mikið, að undanskildu sumrinu í fyrra þegar tæplega tvö þúsund störf voru í boði. Í ár eru þau tæplega 1.400 og umsækjendur rúm fjögur þúsund.

Gerður Dýrfjörð, deildarstjóri atvinnumála hjá Hinu húsinu, segir þróunina áhyggjuefni. „Fólk hefur vissulega áhyggjur. Við fáum fleiri símtöl á dag frá fólki sem er að spyrjast fyrir um þessi mál," segir hún. Flestir umsækjendur eru nemendur á aldrinum 17 til 20 ára og segir Gerður foreldra yngra fólks, sem ekki hefur fengið vinnu, uggandi yfir stöðunni.

„Þetta er áhyggjuefni, en á móti kemur að borgin beitir sér mikið í málefnum þeirra sem hafa verið án vinnu til lengri tíma," segir hún.




Laufey Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnumálastofnun, segir að almennt sé erfiðara fyrir ungt fólk að fá vinnu. „Ungmennin hafa yfirleitt minni starfsreynslu og minni menntun," segir hún, en nemendur á milli anna hafa ekki rétt á atvinnuleysisbótum. „Við tókum áður á móti námsmönnum á sumrin og áttum von á þúsundum manna, en raunin var sú að flestir fengu vinnu að lokum. En auðvitað er alltaf einhver hópur sem ekki fær vinnu."

Heildarfjöldi starfsumsókna er þó talsvert meiri en fjöldi umsækjenda, því flestir sækja um fleiri störf en eitt. Flestar stöður eru í boði hjá umhverfissviði borgarinnar, eða um 450. Velferðarsvið og ÍTR eru næststærstu flokkarnir.

Alls eru 1.800 störf í boði hjá Vinnuskólanum fyrir nemendur í 9. og 10. bekk grunnskóla og verða allir ráðnir til borgarinnar sem sækja um. **- sv**



**SKEMMTIFERÐASKIPIN KOMIN** Tveir úr áhöfn Crystal Serenity fengu það hlutverk að mála í rispur á kinnungi skemmtiferðaskipsins eftir að það lagðist að Skarfabakkanum í Reykjavík í gærmorgun. Skipið er það fyrsta af mörgum slíkum sem sækja landið heim í sumar. Það er 68 þúsund tonn að stærð og rúmar 1.080 farþega auk 635 manna áhafnar. Hingað kom skipið frá Nýfundnalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Darri Ingólfsson á ABC:

## Með hlutverk í nýjum þætti

**FÓLK** Darri Ingólfsson leikari fer með lítið hlutverk í fyrsta þætti þáttaraðarinnar Last Resort sem sýnd verður á sjónvarpsstöðinni ABC.



DARRI INGÓLFSSON

Darri kveðst ánægður með hlutverkið enda komi margt hæfileikaríkt fólk að gerð þáttanna. „Auðvitað er frábært að hafa fengið þetta hlutverk þó lítið sé og skapar vonandi fleiri tækifæri fyrir mig," segir hann. Darri leikur aðstoðarmann þingmanns sem fer á stefnumót við dóttur efnaðs vopnaframleiðanda og leikin er af Autumn Reeser. **- sm / sjá síðu 34**

Fyrsta fornleifarannsókn ársins hefst í Höfnum á Reykjanesi á mánudag:

## Ætla að ljúka rannsókninni á Vogi

**FORNLEIFAR** Fyrsta fornleifarannsókn ársins hefst í Höfnum á Reykjanesi næstkomandi mánudag, að því er fram kemur í tilkynningu Fornleifafræðistofunnar. Þar er haldið áfram rannsóknum á skála sem jafnvel er talinn hafa verið byggður talsvert fyrir tíma hefðbundins landnáms undir lok níundu aldar. Fram kemur að rannsóknirnar hafi staðið með hléum allt frá árinu 2003.

Skálinn, sem er frá síðari hluta járnaldar, hefur verið nefndur Vogur, en rannsóknin snýr einnig að nánasta umhverfi hans.



BJARNI F. EINARSSON

Í fyrrasumar greindi Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur frá því að niðurstöður kolefnisaldursgreiningar gæfu til kynna að skálinn hefði verið yfirgefinn á árabilinu 770 til 880, sem gæfi tilefni til að áætla að hann hafi verið byggður fyrir hið „sagnfræðilega landnám" sem er jafnan miðað við árið 874.

Núna mun stefnt að því að ljúka rannsóknum á sjálfum skálanum og leita að enn fleiri rústum sem kynnu að leynast á svæðinu og vera samtíða skálanum sjálfum. **- óká**






## SPURNING DAGSINS



*Ásmundur, ertu þá núna utan Garðs?*

„Já, það má segja það. Ég er í Vestmannaeyjum núna.“

Ásmundur Friðriksson hefur verið rekinn úr starfi sínu sem bæjarstjóri í Garði. Hann er mjög ósáttur við málalok.

Hryssa kastaði í gær folaldi í skjóli við álfastein Árna Johnsen í Vestmannaeyjum:

# Folaldið var nefnt álfunum til heiðurs

**DÝRALÍF** „Við nefndum folaldið Álf sem smá virðingarvott við þessa nýju fjölskyldu sem sest er að hérna í Eyjum“, segir Gunnar Árnason, eigandi Hestaleigunnar Lukku í Vestmannaeyjum. Svo bar við að hryssan Gæfa frá Lágafelli kastaði fallegu folaldi í skjóli við álfasteininn í garði Árna Johnsen. Árni flutti steininn til Eyja á þriðjudag en steinninn var settur niður við íbúðarhús hans, Höfðaból.

Gunnar segir Eyjamenn taka fagnandi á móti nýju vori og ekkert sé meira viðeigandi en þegar nýtt líf lítur dagsins ljós.

Spurður um það hvort hann trúi á álfa og aðrar verur sem flest okkar greina ekki með berum augum segir Gunnar að hann hafi tekið sama pól í hæðina og Árni títtnefndur Johnsen. „Það sem við ekki sjáum eigum við að láta vera, það er góð regla. Við eigum ekki að vera káfa í því sem við höfum ekki þekkingu á,“ segir Gunnar hlæjandi en án þess að skýra þau orð sín út frekar.

„Það eina í þessu er að við vonum að nafngiftin styrki sambúðina við þessa nýbúa. Við viljum hafa þá okkar megin og bjóðum þá velkomna til Eyja,“ segir Gunnar. - shá



**ÁLFUR DREYPIR Á KAPLAMJÓLK** Gæfa frá Lágafelli kastaði folaldinu fljótlega eftir að steinninn var settur niður við hús Árna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fleiri beittir kynferðisofbeldi:

## Einn af tíu áreittur í haldi

**BANDARÍKIN, AP** Vísbendingar eru um að tíundi hver fangi í Bandaríkjunum verði fyrir kynferðisofbeldi að minnsta kosti einu sinni í fangavistinni. Gerendur eru ýmist sagðir aðrir fangar eða starfsfólk fangelsa.

Niðurstöðurnar eru fengnar úr fyrstu landskönnuninni sem gerð hefur verið á fólki sem setið hefur í fangelsi og bandaríska dómsmálaráðuneytið birti í gær.

Sambærileg könnun sem gerð var 2008 og 2009 meðal fanga í haldi leiddi í ljós að einungis 4,4 prósent sögðust fórnarlömb kynferðisofbeldis. - óká

24 ára maður laus úr haldi:

## Sýknaður eftir sjö ár í fangelsi

**LUNDÚNIR, AP** Snúið hefur verið við dómi yfir 24 ára gömlum Lundúnabúa sem dæmdur var á unglingsaldri fyrir morð. Maðurinn, sem heitir Sam Hallam, hefur setið í fangelsi í sjö ár.

Hallam var dæmdur fyrir aðild í morðinu á 21 árs gömlum manni Essaya Kassahun árið 2005.

Lífsýni tengdu Hallam ekki við vettvanginn og fram kom fyrir dómi að ný gögn styddu fjarvistarsönnun hans og vörpuðu skugga á framburð sem tengdi hann við glæpinn. Í tilkynningu sem Hallam sendi frá sér eftir að dómur féll í gær sagðist hann þurfa tíma til að jafna sig með fjölskyldu og vinum eftir „martröðina“ sem hann hefði mátt þola. - óká



DONNA SUMMER



ÞÓRIR BALDURSSON

Donna Summer látin:

## Aldrei með stjörnustæla

**FÓLK** Diskódrottningin Donna Summer lést á heimili sínu í gær, 63 ára, eftir langa baráttu við brjóstakrabbamein.

Summer naut mikilla vinsælda á áttunda áratug síðustu aldar og gerði heimsfræga smelli á borð við I Feel Love, Last Dance, Hot Stuff, Bad Girls og Love to Love You Baby. Hún vann til fimm Grammy-verðlauna á ferlinum.

Tónlistarmaðurinn Þórir Baldursson vann náið með Donnu Summer á sínum tíma og útsetti mörg af hennar frægustu lögum. „Þetta var mjög viðkunnanleg ung kona þegar ég kynntist henni og það voru aldrei neinir stjörnustælar í henni, jafnvel þegar hún var orðin heimsfræg,“ sagði Þórir um hana í gær. - sh / jhh

# Sextán fornbílar í lúxusferð um Ísland

**40 manna hópur fer akandi frá Egilsstöðum suðurleiðina til Reykjavíkur á 16 lúxusfornbílum á vegum fransks ferðaklúbbs. Ferðin hefst í júníbyrjun með heimsókn á Fáskrúðsfjörð. Bílarnir verða til sýnis í Reykjavík í lok ferðarinnar.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Í júníbyrjun getur fólk átt von á því að sjá á þjóðvegum landsins 16 lúxusfornbíla á leiðinni frá Egilsstöðum til Reykjavíkur, með viðkomu á mörgum helstu ferðamannastöðum. Þarna verður á ferð hópur ferðamanna á vegum franska fornbílaklúbbsins Imperial Rallye.

„Þarna verða allt í allt um 40 manns á ferðinni,“ segir Catherine Ulrich, sem verður leiðsögumaður hópsins. Hún er landsmönnum að góðu kunn og hefur ferjað hér um margvíslega hópa síðustu 20 ár. Í vetur var hún hér á ferð í fimmtugasta sinn.



CATHERINE ULRICH

„En þetta verður nú svolítið öðruvísi, því ég er vön að vera með fólk í bílum og tala við það á leiðinni. Núna verða allir í sínum eigin bíl,“ segir Catherine, sem þó á von á því að geta frætt ferðafólkið um land og þjóð á viðkomustöðum og í matartímum.

Imperial Rallye blæs til ferða af þessu tagi á hverju ári, en í fyrra var til dæmis ekið um Portúgal og árið 2010 var ekið um Kína í fornbílum. Eðli málsins samkvæmt miða ferðir þessar að betur stæðum ferðamönnum. Catherine á þó ekki von á öðru en að vel fari um alla hér, þótt fólkið sé vant lúxus af öllu tagi.

„Þetta verður mjög skemmtilegt,“ segir hún. Bílarnir koma með Norrænu í lok maí, en fólkið með flugi til Keflavíkur annan júní. Daginn eftir fara þau svo með flugi til Egilsstaða þar sem bílaflotinn bíður þeirra. „Og þá byrjum við á því að fara til Fáskrúðsfjarðar og þar verður líka sendiherra Frakklands á Íslandi og bæjarstjórinn í Fjarðabyggð,“ segir Catherine Ulrich. Hún segir hins vegar að hópurinn fari í tveimur rútum að franska kirkjugarðinum í Fáskrúðsfirði, því þar séu ekki stæði fyrir alla fornbílana.

Hópurinn ekur síðan til suðurs, kemur við á Stöðvarfirði og gistir á Höfn í Hornafirði.

Alls verður hópurinn í viku hér á landi og heldur af landi brott mánudaginn ellefta júní. Þá verða þau líka búin að vera í tvær nætur í Reykjavík, en til stendur að halda sýningu á bílunum að kvöldi níunda júní fyrir framan Hótel Borg þar sem hópurinn gistir. „Yngsti bíllinn í hópnum er frá árinu 1975, en hinir allir eldri,“ segir Catherine. olikr@frettabladid.is



**FORNBÍLAR Á FERÐ** Hér getur á að líta svipaðan bílaflota og verður á ferðinni hér á landi í júníbyrjun. Myndin er tekin í ferð Imperial Rallye árið 2009, en þá var ekið frá Prag til Feneyja. MYND/IMPERIAL RALLYE

### Bílarnir sem koma til landsins í maílok

Bílarnir sem koma til landsins í lok mánaðarins eru ekki af lakara taginu, en alls er von á 16 fornbílum. Staðfest er að í hópnum verða AC Cobra, Aston Martin DB 2/4, Bugatti 57 C - Citroen DS Chapron Cabriolet, Ferrari 250 GT, Ferrari 365 GTC, Jaguar XK 140, Jaguar MK2, Mercedes Benz 300 SL, Mercedes Benz 280 SE Cabriolet, Mercedes Benz 350 SL og Rolls Royce Corniche. Fram kemur á vef Imperial Rallye að af öryggisástæðum séu aldrei fleiri en 20 bílar saman í ferð.



**TIL SÝNIS** Þessi Bugatti 57 C 1938 var til sýnis á sýningunni L'art de l'Automobile í París í fyrravor. NORDICPHOTOS/AFP



**ARNARNESIÐ** Þó oft sé rætt um strandstíga á Arnarnesi er þeir ekki á dagskrá bæjaryfirvalda.

Skipulagsmál á Arnarnesi:

## Strandstígar ekki á dagskrá

**SVEITARSTJÓRNIR** Ekki er gert ráð fyrir stígum meðfram ströndinni á Arnarnesi í þeirri tillögu að deiliskipulagi sem nú liggur fyrir hjá bæjaryfirvöldum í Garðabæ. Í Fréttablaðinu sagði frá því að samkvæmt lögfræðiáliti sem unnið var fyrir bæinn eiga landeigendur ströndina en ekki bærinn.

Yrði strandstígur lagður mætti búast við bótakröfum frá eigendum sjávarlóða. Guðfinna B. Kristjánsdóttir, upplýsingastjóri hjá Garðabæ, segir að þó hugmyndir um lagningu stígs meðfram strandlengjunni hafi oft verið í umræðunni sé nú aðeins gert ráð fyrir svokallaðri „útivistarleið“ þar. Það þýði einungis að þar sé öllum heimilt að fara um. Ekki sé gert ráð fyrir neinum framkvæmdum. - gar

Fengu vond ráð frá moskum:

## Konur kæri ekki eiginmenn

**SVÍÞJÓÐ** Í sex af tíu moskum í Svíþjóð fengu tvær konur, sem þóttust beittar ofbeldi, ráð sem stríða gegn sænskum lögum, að því er kemur fram í heimildarþætti sænska ríkissjónvarpsins.

Konurnar, sem voru ýmist með falda myndavél eða tóku upp símtöl við fulltrúa mosknanna, báðu um ráð vegna fjölkvænis eiginmanns, ofbeldis og þvingunar til kynlífs. Aðeins í tveimur mosknanna fengu konurnar það ráð að kæra. Sumir gáfu loðin svör en aðrir voru þeirrar skoðunar að ekki ætti að kæra. Þeir sem svöruðu voru ímanar eða fjölskylduráðgjafar. Einn íman hefur verið látinn hætta störfum vegna málsins. - ibs

Deilur í bæjarpólitíkinni í Garði gætu haft áhrif á heildarrekstur sveitarfélagsins:

# Uppsögn þung fyrir reksturinn

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Uppsögn Ásmundar Friðrikssonar sem bæjarstjóra í Garði kostar bæjarfélagið tugi milljóna. Kostnaður vegna uppsagnarinnar nemur stórum hluta af tekjum sveitarfélagsins.

Ásmundur sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að kostnaðurinn gæti numið allt að 115 milljónum þegar upp væri staðið. Reiknaði hann þá með þeim möguleika að hann, nýr bæjarstjóri og þriðji bæjarstjórinn eftir næstu kosningar myndu þiggja laun.

Einar Jón Pálsson, fráfarandi forseti bæjarstjórnar, segist ekki vita hver endanlegur kostnaður verður eða hvernig greiðslum verði háttað. Fari svo að greiðslur til Ásmundar verði allar greiddar upp í einu sé það átak fyrir bæjarfélagið. „Ef greiða þarf alla upphæðina strax þýðir það niðurskurð, lántöku eða að ganga þurfi á sjóði bæjarfélagsins.“

Kolfinna S. Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs, segir rétt að um stórar upphæðir sé að tefla. Hins vegar eigi eftir að kanna lögmæti skuldbindinga samningsins við Ásmund.

Ársvelta sveitarfélagsins nemur 700 til 800 milljónum króna. Ógreidd laun Ásmundar nema því allt að fimm prósentum af veltu sveitarfélagsins í ár. - shá



**Í GARÐI** Deilurnar hverfast ekki síst um skólamálin í Garði og afskipti stjórnmálamanna þar af. Þessum virðist nokk sama.

Þolinmóð lögregla í Kanada:

## Bíða demants úr iðrum þjófs

**KANADA, AP** Lögreglan í Ontario í Kanada bíður þess nú að þjófstolinn demantur gangi niður af rúmlega fimmtugum manni í haldi hennar.

Maðurinn er talinn hafa stolið demantinum, sem er metinn á jafnvirði um tveggja og hálfrar milljónar, úr skartgripaverslun fyrir heilli viku og gleypt hann.

Síðan hefur hann dvalið á lögreglustöðinni, tekið hægðalosandi lyf, verið samvinnuþýður og farið ítrekað á salernið, en án nokkurra árangurs. - sh

# Hefst í dag
# Velkomin á Listahátíð!

## Arcadi Volodos
Harpa, Eldborg
sun. 20. maí kl. 20
4.500 kr. / 5.500 kr.
Allra síðustu miðarnir



## Gamli maðurinn og hafið
Brúðusýning fyrir fullorðna
Þjóðleikhúsið, Kúlan
frá 20. maí
2.500 kr.



## Íd og GusGus
Harpa, Norðurljós
Aukasýning laugardagskvöld kl. 23
3.900 kr.



## Stórtónleikar Hljómskálans
Harpa, Eldborg
2. júní
3.500 kr.–5.500 kr.

## Bachveisla Kammersveitar Reykjavíkur
Stjórnandi Richard Egarr
Harpa, Eldborg
sun. 20. maí kl. 14 / 3.500 kr.



## Glymskrattinn
Danstónleikar
Þjóðleikhúskjallarinn
frá 23. júní
2.500 kr.



## Anna Þorvaldsdóttir
Raf- og vídeótónleikar ásamt DJ Mike Gao
Harpa, Kaldalón
mið. 23. maí
2.500 kr.

## Splunkuný leikrit
á óvenjulegum sýningarstöðum
frá 21. maí
1.500 kr.



## Ljóðatónleikar Christoph Prégardien
Harpa, Norðurljós
27. maí / 4.500 kr.



## Bliss
Ragnar Kjartansson og fleiri. Myndbandsverk í Þjóðleikhúsinu 21. maí frá hádegi til miðnættis, hægt að koma og fara að vild.
1.000 kr.



FÍTON / SÍA

# (I)ndependent people
Collaborations and Artist Initiatives

## Myndlist á Listahátíð
Sýningaropnanir á morgun, laugardag, frá morgni til kvölds. Málþing sunnudag kl. 13 í Norræna húsinu.

Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Norræna húsið, Nýlistasafnið, Kling og Bang, Listasafn ASÍ, Myndhöggvarafélag Íslands, i8, Listasafn Árnesinga og fjöldi annarra sýningarstaða. Sjá ítarlega dagskrá á **www.independentpeople.is**

1857. A Kassen. Anonymous. AIM Europe. Box. Endemi. Goksøyr & Martens. The Icelandic Love Corporation. IC-98. Institutt for Degenerert Kunst. Jóna Hlíf Halldórsdóttir & Hlynur Hallsson. Kling & Bang. Learning Site (Rikke Luther & Cecilia Wendt) with writer Jaime Stapleton. M.E.E.H. Nomeda & Gediminas Urbonas + MIT 4.333. Melissa Dubbin & Aaron S. Davidson. No Gods No Parents (UKS). NÝLÓ + Archive of Artist Run Initiatives. Raflost & Steina. Sofia Hultén & Ivan Seal. Superflex. The Artist Formerly Known as Geist. The Awareness Muscle Team. The Leyline Project (Steingrímur Eyfjörð & Ulrika Sparre). Elin Strand Ruin and The New Beauty Council (NBC), Thérèse Kristiansson+ Mariana Alves & Katarina Bonnevier. Torpedo. Útúrdúr. Wooloo.

**... OG FJÖLDI ANNARRA VIÐBURÐA Á HVERJUM DEGI TIL 3. JÚNÍ**
**Miðasala á alla viðburði hátíðarinnar á www.listahatid.is**
Miðasölusími: 561 2444 / Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050

Landsvirkjun · Radisson Blu Saga Hotel, Reykjavík · vib · Samskip · Iceland Express · Fréttablaðið

# Listahátíð í Reykjavík 2012
Reykjavík Arts Festival
18. maí-3. júní

## GENGIÐ 16.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,48 | 128,08 |
| Sterlingspund | 203,00 | 203,98 |
| Evra | 162,05 | 162,95 |
| Dönsk króna | 21,798 | 21,926 |
| Norsk króna | 21,246 | 21,372 |
| Sænsk króna | 17,776 | 17,880 |
| Japanskt jen | 1,5847 | 1,5939 |
| SDR | 194,31 | 195,47 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 224,0711

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Félag kvenna í atvinnurekstri skiptir um nafn og innlimar Leiðtogaauð:

# Atvinnurekstri skipt út fyrir atvinnulíf

**VIÐSKIPTI** Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) skipti um nafn á aðalfundi í vikunni og heitir nú Félag kvenna í atvinnulífinu. Á sama fundi var ákveðið að félagið LeiðtogaAuður yrði framvegis starfrækt sem fagdeild innan FKA.

„Fyrstu árin var félagið eingöngu hugsað fyrir konur sem áttu fyrirtæki. Þessu var breytt árið 2008 og þá var opnað fyrir inngöngu þeirra kvenna sem gegna leiðtoga- og stjórnunarstöðum í atvinnurekstri,“ segir Hulda Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri FKA, um nýja nafnið, sem þykir lýsa tilgangi þess og starfsemi betur í dag. „Hér er því í raun um rökrétt framhald að ræða því með þessu náum við að sameina konur í rekstri hvort heldur sem þær eiga fyrirtækin eða reka þau fyrir aðra“



HULDA BJARNADÓTTIR

LeiðtogaAuður varð til í tengslum við verkefnið Auður í krafti kvenna sem stóð yfir á árunum 2000 til 2003. Félagskonur eru nú um 120 og langflestar þeirra í stjórnendastöðum hjá stórum og meðalstórum fyrirtækjum. FKA var stofnað árið 1999 og hefur markmið félagsins frá upphafi verið að gæta hagsmuna, efla samstöðu og samstarf kvenna í atvinnurekstri. Um 700 konur eru skráðar í félagið.

Í stjórn FKA eru Hafdís Jónsdóttir, formaður, Bryndís Emilsdóttir Ingibjörg Gréta Gísladóttir Ingibjörg Guðmundsdóttir, Marín Magnúsdóttir, Rúna Magnúsdóttir og Svava Johansen. **- sh**

72 ára kona í Noregi:

# Beitti karlinn ofbeldi í 40 ár

**NOREGUR** 72 ára gömul kona frá Norður-Noregi hefur verið ákærð fyrir að beita eiginmann sinn ofbeldi í meira en 40 ár. Eiginmaðurinn er látinn.

Saksóknari segir konuna hafa beitt manninn líkamlegu og andlegu ofbeldi, neytt hann til að búa í kjallara húss þeirra og neitað honum um aðgang að eldhúsi og klósetti. Hún hafi tekið af honum lyf, skorið hann og barið.

Konan neitar öllu, en börn hjónanna hafa tekið afstöðu með látnum föður sínum. **- þeb**



**LYKLAKIPPAN** Neytendastofu hafa borist ábendingar um lyklakippu frá Blátt áfram sem dettur auðveldlega í sundur. MYND/NEYTENDASTOFA

Lyklakippa Blátt áfram:

# Neytendastofa varar við kippu

**NEYTENDUR Blá, hjartalaga lyklakippa sem samtökin Blátt áfram seldi dagana 4. til 6. maí síðastliðinn getur reynst hættuleg börnum. Kippan var seld í fjáröflunarskyni fyrir samtökin, sem berjast gegn kynferðisofbeldi gegn börnum.**

**Neytendastofu hafa borist ábendingar frá neytendum þar sem bent er á að kippan, sem er úr mjúku plasti, detti auðveldlega í sundur og geti því reynst hættuleg fyrir lítil börn. Í tilkynningu frá Neytendastofu er fólki bent á að þegar kippan fer í sundur falla út fjórir smáir hlutir; tvær rafhlöður, ljósapera og vír.** **- sv**

Endurvinnsla í Kópavogi:

# Pappírstunna við öll heimili

**UMHVERFISMÁL** Í byrjun júní verður komin blá sorptunna fyrir pappír við öll heimili í Kópavogi. „Markmiðið er að hvetja til endurvinnslu og draga úr úrgangi sem fer til urðunar,“ segir í frétt á vef Kópavogsbæjar sem með þessu er sagður verða fyrsta sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu til að dreifa slíkum tunnum til allra íbúa. **- gar**

# Atvinnuleysi hefur ekki verið minna frá árinu 2008

**Atvinnulausir voru 6,5% á vinnumarkaði í apríl. Hlutfallið hefur ekki mælst jafn lágt síðan í desember 2008. Forstjóri Vinnumálastofnunar segir tíðindin gleðileg en hefur áhyggjur af langtímaatvinnulausum.**

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi á Íslandi mældist 6,5% í apríl og hefur ekki verið lægra frá því í desember árið 2008. Hlutfall atvinnulausra lækkaði um 0,6 prósentustig í mánuðinum eða um 620 einstaklinga. Að meðaltali voru 10.837 einstaklingar atvinnulausir í apríl.

„Þetta eru auðvitað gleðitíðindi í þeim skilningi að þetta staðfestir að atvinnulífið er aðeins að rétta úr kútnum og eftirspurn eftir fólki að aukast,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, um nýju atvinnuleysistölurnar.



GISSUR PÉTURSSON

Hann leggur þó áherslu á að enn sé nokkuð í land við að ná ásættanlegu ástandi á vinnumarkaði. Sá hópur sem helst þurfi að aðstoða nú séu langtímaatvinnulausir.

„Hlutfall langtímaatvinnulausra af öllum án atvinnu hefur verið að aukast og okkar aðgerðir síðustu misseri hafa haft þennan hóp sem markhóp. Það er hins vegar umhugsunarefni að hann hefur ekki brugðist jafn hratt við og við vonuðumst eftir nú þegar fyrirtæki eru farin að bjóða fleiri störf,“ segir Gissur og bætir við: „Það er því mikilvægt að koma þeim skilaboðum á framfæri að það er engin endurhæfing eftir tímabil án vinnu jafn árangursrík og það að vera í vinnu. Og þó mönnum bjóðist kannski ekki draumastarfið er mikilvægt að taka það sem er í boði og halda áfram leitinni úr stöðu vinnandi manns.“



**VINNUMÁLASTOFNUN** Atvinnuleysi mælist yfirleitt lægst á ári hverju á sumrin vegna árstíðabundinna þátta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þó mönnum bjóðist kannski ekki draumstarfið er mikilvægt að taka það sem er í boði og halda áfram leitinni úr stöðu vinnandi manns.
>
> **GISSUR PÉTURSSON**
> FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR

Eins og áður sagði hefur atvinnuleysi ekki mælst lægra en í apríl frá því í desember árið 2008. Þá var hlutfall atvinnulausra á hraðri uppleið eftir fall íslensku bankanna en haustið og veturinn 2008 til 2009 fór atvinnuleysi úr 1,3% í lok september í 9,1% í febrúar. Réttu ári seinna, í febrúar og mars 2010, náði atvinnuleysi síðan hámarki og varð 9,3% sem jafngilti því að á sautjánda þúsund væru án atvinnu. Síðan hefur atvinnuleysi farið lækkandi hægt og rólega þótt árstíðabundnar sveiflur hafi mótað þróunina.

Atvinnuleysi lækkar iðulega nokkuð á vormánuðum og snemmsumars vegna árstíðabundinna þátta. Þannig fór atvinnuleysi úr 8,6% í mars 2011 í 6,6% í júlí fjórum mánuðum seinna. Því er almennt búist við að atvinnuleysi haldi áfram að lækka á næstu mánuðum en að sú þróun kunni að snúast við þegar tekur að hausta.

**magnusl@frettabladid.is**







## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR** Hitinn sígur hægt og bítandi upp á við næstu dagana og helgarspáin er ágæt. Horfur eru á fremur hægum vindi nema allra syðst. Það verður úrkomulítið norðan til á landinu en vænta má lítilsháttar úrkomu á S- og SA-landi. Hlýjast í innsveitum sunnan og vestan til.




**Á MORGUN** 8-20 m/s Hægast austan til.

**SUNNUDAGUR** Stíf norðanlæátt allra austast annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 21° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 16° |
| París | 16° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




# PÖNNURISTUÐ KJÚKLINGABRINGA MEÐ GRÆNMETI OG MOZZARELLA

*fyrir 4 að hætti Rikku*

- 1 lítið eggaldin, sneitt langsum í þunnar sneiðar
- 1 lítill kúrbítur, sneiddur langsum í þunnar sneiðar
- ólífuolía til steikingar
- 4 kjúklingabringur
- 2 msk heilhveiti
- 4 stórir tómatar, skornir í bita
- 150 ml hvítvín
- ½ kjúklingakraftskubbur
- 4 stór basillauf
- 1 mozzarellakúla, sneidd
- 60 g rifinn parmesanostur
- salt og nýmalaður pipar

Saltið eggaldinið og kúrbítinn. Hitið olíu á pönnu við meðalhita og steikið eggaldinið og kúrbítinn í 2 mínútur á hvorri hlið. Þerrið grænmetið á eldhúspappír. Setjið bringurnar í glæran plastpoka og fletjið með kökukefli. Setjið hveitið ofan í pokann og hrisstið. Steikið kjúklinginn í 4 mínútur á hvorri hlið og takið til hliðar. Steikið tómatana upp úr örlítilli olíu og hellið hvítvíninu saman við ásamt kjúklingakraftinum. Látið malla í 2-3 mínútur. Bætið kjúklingabringunum út á pönnuna og raðið eggaldin- og kúrbítssneiðum út á ásamt basillaufum, parmesanosti og mozzarellasneiðum. Lokið pönnunni og látið malla í 4-5 mínútur.

UPPSKRIFT




**Grísa T-bein**
í sweetchili marineringu




**Kjúklingalundir**
í Western kryddlegi




**Nautavöðvi**
kryddleginn




**Lambaprime**
í mangó marineringu



## LaSelva

- Grillað grænmeti
- Bruschetta með sveppum & ætiþistlum
- Pestó
- Risotto, margar tegundir




**OPIÐ**
24 Hagkaup
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

Gildir til 20. maí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Er vírusvörn í heimatölvunni þinni?*

Já 87,3%

Nei 12,7%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er það þín tilfinning að á Íslandi sé ein besta heilbrigðisþjónusta í heimi?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vísir

Taylor ávarpaði stríðsglæpadómstól í síðasta sinn fyrir uppkvaðningu refsingar:

# Segir vitnum bæði mútað og hótað

**HOLLAND, AP** Charles Taylor, fyrrverandi forseti Líberíu, lýsir samúð sinni með fólki í Síerra Leóne, sem orðið hefur fyrir þjáningum af völdum glæpa.

Sjálfur segist hann hins vegar ekkert rangt hafa gert og biðst hvorki afsökunar né sýnir iðrun vegna þeirra stríðsglæpa, sem hann hefur verið dæmdur sekur um af stríðsglæpadómstól.

Auk þess sakar hann sækjendur í málinu um að hafa mútað og hótað vitnum til þess að bera vitni gegn honum.

Taylor var sakfelldur fyrir margvíslega stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni, þar á meðal morð, nauðganir og notkun barna í hernaði í tengslum við borgarastríðið í Síerra Leóne, nágrannaríki Líberíu. Þeirri styrjöld lauk árið 2002 og hafði þá kostað meira en 50 þúsund manns lífið.

„Það sem ég gerði, var gert með sóma,“ sagði hann fyrir rétti á miðvikudag, þegar hann fékk tækifæri til að ávarpa dómstólinn í síðasta sinn áður en dómarar kveða upp úrskurð um refsingu í málinu. Það á að gera 30. þessa mánaðar.

„Ég var sannfærður um að án friðar í Síerra Leóne gæti Líbería ekki þróast áfram,“ sagði hann, og fór fram á að úrskurður dómstólsins yrði ekki byggður á hefndarhug heldur sáttahug. - gb



CHARLES TAYLOR

Einn tekinn í Hafnarfirði:

# Fundu eiturlyf og hálfa milljón

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn fundu hálft kíló af marijúana þegar þeir fóru inn í íbúð í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í fyrradag og leituðu þar dyrum og dyngjum.

Að sögn lögreglu fundust á sama stað um fimm hundruð þúsund krónur í reiðufé og er það mat hennar að peningarnir séu ávinningur af sölu fíkniefna.

Karlmaður á þrítugsaldri var handtekinn vegna málsins, sem er enn í rannsókn. Hald var lagt á fíkniefnin og peningana. - sh

Skólastarf eflt í borginni:

# 25 milljónir í frístundastarf

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg mun styrkja verkefni innan skóla- og frístundastarfs borgarinnar um 25 milljónir króna á árinu. Þetta var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs í vikunni.

Hæsti styrkurinn til þróunarstarfs, 3,5 milljónir króna, rennur til samstarfsverkefnisins „Skína smástjörnur“ sem fjórir sameinaðir leikskólar taka þátt í og miðar að því að þróa gæðastarf í fagstarfi með yngstu leikskólabörnunum. Önnur verkefni sem fá styrki eru meðal annars læsisverkefni í Úlfarsárdal, jafnréttisfræðsla í Rimaskóla og forvarnir gegn veggjakroti í Grafarvogi. - sv

## LÖGREGLUMÁL

### Pissuðu á almannafæri

Lögregla greip fimmtán manns og kærði fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur fyrir að kasta af sér vatni á almannafæri í miðborginni aðfaranótt fimmtudags.

### Innbrot í Austurbænum

Tilkynning um innbrot í heimahús í Austurbæ Reykjavíkur barst lögreglu laust eftir klukkan eitt aðfaranótt fimmtudags. Einhverjum munum var stolið í innbrotinu, en í haldi lögreglu eru unglingspiltar sem grunaðir eru um verknaðinn.

### Ekið á gangandi vegfaranda

Ekið var á gangandi vegfaranda í Lækjargötu í Reykjavík um klukkan hálffimm í gærmorgun. Sá reyndist ekki mikið meiddur en var samt fluttur á slysadeild Landspítalans til aðhlynningar, að sögn lögreglu.

# Ein stærsta skráning í sögu Bandaríkjanna

**Samskiptavefurinn Facebook fer á markað í dag. Búist er við að hlutafé safnist fyrir jafnvirði tvö þúsund milljarða króna og geri Bono að ríkustu rokkstjörnu í heimi. Fagfólk er flest sammála um að verðmatið á fyrirtækinu sé allt of hátt.**

**VIÐSKIPTI** Opnað verður fyrir viðskipti með hlutabréf í samskiptavefsíðunni Facebook í NASDAQ-kauphöllinni í dag. Búist er við að hlutafé safnist fyrir sextán milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði rúmlega tvö þúsund milljarða króna.

Sú tala er miðuð við efri mörk áætlana um gengi bréfanna þegar þau verða sett á flot, en miðað við áhugann sem fjárfestar hafa sýnt þykir líklegt að það gangi eftir. Samkvæmt því er heildarvirði fyrirtækisins um eða yfir hundrað milljarðar dala, eða tæplega þrettán þúsund milljarðar íslenskra króna.

Standist áætlanirnar er ljóst að um er að ræða þriðju stærstu skráningu fyrirtækis á markað í sögu Bandaríkjanna, á eftir greiðslukortarisanum Visa og ítalska orkufyrirtækinu Enel en fyrir ofan skráningu bílaframleiðandans General Motors.

Áhuginn hefur raunar verið svo mikill að á miðvikudag ákváðu forsvarsmenn fyrirtækisins að fjölga hlutum sem standa munu til boða um fjórðung.

Stofnandi og stjórnandi fyrirtækisins, Mark Zuckerberg, hyggst ekki selja fleiri hluti en hann hafði þegar ákveðið að gera. Eftir skráninguna mun hann enn eiga rúman fimmtug í fyrirtækinu og fara með um 56 prósent atkvæða á hluthafafundi.

Hluthafar í Facebook, til dæmis Bono, söngvari írsku hljómsveitarinnar U2, sem á 1,5 prósent, geta búist við að hagnast verulega á skráningunni. Tónlistartímaritið NME spáir því að söngvarinn verði ríkasta rokkstjarna veraldarinnar í kjölfarið, og skáki með því Bítlinum Paul McCartney.




**Á MARKAÐ Í DAG** Gríðarleg eftirvænting hefur ríkt eftir skráningu Facebook á markað, jafnvel þótt flestir telji verðmatið allt of hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Hagnaðist um milljarð dollara í fyrra

- Facebook var stofnað árið 2004. Þá mátti telja starfsmenn fyrirtækisins á fingrum annarrar handar. Nú eru þeir rúmlega þrjú þúsund.
- Google keypti 1,6 prósent í Facebook árið 2007 á 240 milljónir dollara. Miðað við það var fyrirtækið þá 15 milljarða dollara virði. Í dag er það um 100 milljarða dollara virði.
- Facebook hagnaðist um einn milljarð dollara í fyrra, sem jafngildir um 128 milljörðum íslenskra króna. Tekjurnar námu 3,15 milljörðum dollara, aðallega vegna auglýsingasölu.
- Yfir 900 milljónir manna nota Facebook að minnsta kosti einu sinni í mánuði, sem þýðir að tekjurnar af hverjum og einum eru um þrír og hálfur dollari á ári.



MARK ZUCKERBERG



BONO

Þrátt fyrir áhugann og athyglina eru þeir margir sem hafa fyrirvara á verðmatinu. Nýleg könnun sem viðskiptamiðillinn Bloomberg stóð fyrir meðal 1.250 alþjóðlegra fjárfesta, greinenda og miðlara leiddi í ljós að 79 prósent töldu ekki innistæðu fyrir þessu gríðarlega háa verðmati og aðeins sjö prósent töldu verðmatið eðlilegt.

Þessar efasemdir kristölluðust í því að á þriðjudag lýsti General Motors því yfir að fyrirtækið ætlaði að hætta að auglýsa á Facebook, enda sýndu rannsóknir að ávinningurinn af þeim tíu milljónum dollara sem þeir eyddu í auglýsingar þar í fyrra hefði ekki verið nægur.

stigur@frettabladid.is





Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 22. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00.

Dagskrá

- Skýrslur stjórna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Fjárfestingarstefna
- Ársreikningar 2011
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Bankastræti 7 • Sími: 510 6100 • lsr@lsr.is • www.lsr.is



BYLGJAN 989



Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12


Baráttumaður fyrir réttindum íbúa í Nígeríu fjallar um umhverfisspjöll Shell:

# Shell hefur ekkert viðurkennt

**MANNRÉTTINDI** Olíufyrirtækið Shell ber ábyrgð á stórfelldri olíumengun á óseyrum Nígeríufljóts, sem staðið hefur yfir áratugum saman.

Nígeríski mannréttindafrömuðurinn David Vareba er staddur hér á landi á vegum samtakanna Amnesty International. Hann fjallar um áhrif olíumengunarinnar á mannréttindi íbúanna í hádegisfyrirlestri í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni í dag.

Hann er sjálfur fæddur í Bodo í Ogonilandi í Nígeríu og þekkir vel þær raunir sem íbúar á svæðinu hafa mátt þola af völdum umhverfisspjalla og mannréttindabrota olíurisans Shell.

Hann starfar fyrir samtök í Nígeríu sem meðal annars hafa unnið með Amnesty International að rannsókn á olíulekanum í Bodo árið 2008. Hann vinnur með íbúunum sjálfum og upplýsir þá um rétt þeirra og leiðir til að mótmæla mannréttindabrotum og umhverfisspjöllum.

Amnesty International hefur krafist þess að Shell viðurkenni neikvæð áhrif olíumengunar á mannréttindi íbúa á óseyrum Nígerfljóts. Einnig krefjast samtökin þess að olíumenguð svæði verði hreinsuð að fullu og samfélög á þessu svæði fái bætur.



**DAVID VAREBA** Hefur aðstoðað íbúa á óseyrum Nígeríufljóts við að leita réttar síns gegn Shell. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hádegisfyrirlesturinn hefst klukkan 12 og stendur í klukkustund. Hann verður í stofu 131. - gb


Fleiri frábær tilboð á sumarferdir.is
ÓTRÚLEGT
TILBOÐ Í SÓLINA
Almería
Íbúð í ARENA CENTER ****
á Roquetas de Mar svæðinu.
Tilboðið gildir aðeins til 21. maí
89.694 kr.
Almennt verð: 101.694 kr.
Afsláttur á mann: 12.000 kr.
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku í íbúð með einu svefnherbergi án fæðis.
113.388 kr. m.v. 2 í íbúð með 1 svefnherbergi án fæðis.
Brottför 3. júlí. Heimkoma 10. júlí.
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.
*Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting.

## Úttekt Háskóla Íslands á einkunnum nemenda við skólann eftir framhaldsskólum

### Félagsvísindasvið

| Sæti | Skóli | Einkunn | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| 1 | IR | 7,17 | 27 |
| 2 | Háskóli | 7,09 | 28 |
| 3 | MA | 6,98 | 218 |
| 4 | FSU | 6,95 | 200 |
| 5 | ME | 6,90 | 88 |
| 6 | FSN | 6,83 | 25 |
| 7 | FNV | 6,82 | 68 |
| 8 | VA | 6,82 | 21 |
| 9 | FSH | 6,80 | 29 |
| 10 | MR | 6,80 | 430 |
| 11 | Kvennó | 6,78 | 313 |
| 12 | FB | 6,72 | 366 |
| 13 | FIV | 6,65 | 65 |
| 14 | MH | 6,65 | 516 |
| 15 | MS | 6,63 | 402 |
| 16 | FAS | 6,60 | 26 |
| 17 | VÍ | 6,59 | 760 |
| 18 | FL | 6,52 | 10 |
| 19 | FVA | 6,48 | 134 |
| 20 | MÍ | 6,48 | 70 |
| 21 | MK | 6,48 | 318 |
| 22 | ML | 6,46 | 45 |
| 23 | VMA | 6,45 | 96 |
| 24 | Undanþ. | 6,43 | 130 |
| 25 | Flensb. | 6,38 | 248 |
| 26 | FSS | 6,37 | 193 |
| 27 | Frumgr. Keilis | 6,35 | 156 |
| 28 | BHS | 6,29 | 168 |
| 29 | FÁ | 6,22 | 347 |
| 30 | FG | 6,21 | 270 |
| 31 | Erl. skóli | 6,20 | 70 |
| 32 | Frumgr. HR | 6,14 | 15 |
| 33 | Tæknisk. | 6,13 | 8 |
| 34 | Hraðbr. | 6,07 | 69 |
| 35 | TÍ | 5,86 | 18 |
| 36 | IH | X | 3 |
| 37 | MB | X | 3 |

### Heilbrigðisvísindasvið

| Sæti | Skóli | Einkunn | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| 1 | MR | 7,67 | 388 |
| 2 | MA | 7,48 | 179 |
| 3 | TÍ | 7,39 | 6 |
| 4 | MH | 7,27 | 365 |
| 5 | MÍ | 7,18 | 50 |
| 6 | FSU | 7,14 | 106 |
| 7 | VÍ | 7,13 | 245 |
| 8 | ME | 7,12 | 56 |
| 9 | Kvennó | 6,98 | 259 |
| 10 | FAS | 6,94 | 17 |
| 11 | FVA | 6,91 | 93 |
| 12 | MS | 6,90 | 202 |
| 13 | ML | 6,89 | 40 |
| 14 | FIV | 6,84 | 45 |
| 15 | Erl. skóli | 6,79 | 36 |
| 16 | FNV | 6,74 | 35 |
| 17 | FÁ | 6,73 | 162 |
| 18 | FB | 6,72 | 195 |
| 19 | VMA | 6,71 | 50 |
| 20 | Hraðbr. | 6,65 | 53 |
| 21 | MK | 6,64 | 166 |
| 22 | VA | 6,62 | 17 |
| 23 | FSS | 6,56 | 118 |
| 24 | Flensb. | 6,50 | 136 |
| 25 | BHS | 6,22 | 95 |
| 26 | FG | 6,21 | 146 |
| 27 | FSH | 6,15 | 13 |
| 28 | FL | 6,02 | 7 |
| 29 | Háskóli | 6,01 | 7 |
| 30 | IR | 5,78 | 10 |
| 31 | FSN | 5,71 | 16 |
| 32 | Undanþ. | 5,67 | 22 |
| 33 | Frumgr. HR | 5,36 | 5 |
| 34 | Frumgr. Keilis | 5,22 | 32 |
| 35 | IH | X | 3 |
| 36 | MB | X | 2 |
| 37 | Tæknisk. | X | 3 |

### Hugvísindasvið

| Sæti | Skóli | Einkunn | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| 1 | MR | 7,88 | 375 |
| 2 | VA | 7,68 | 12 |
| 3 | ME | 7,51 | 72 |
| 4 | Háskóli | 7,49 | 34 |
| 5 | MA | 7,48 | 213 |
| 6 | MH | 7,47 | 521 |
| 7 | Erl. skóli | 7,45 | 130 |
| 8 | VÍ | 7,35 | 222 |
| 9 | Undanþ. | 7,29 | 115 |
| 10 | FVA | 7,22 | 96 |
| 11 | Kvennó | 7,22 | 221 |
| 12 | MÍ | 7,22 | 33 |
| 13 | FSH | 7,18 | 16 |
| 14 | MS | 7,12 | 157 |
| 15 | Tæknisk. | 7,08 | 9 |
| 16 | FSU | 7,04 | 113 |
| 17 | FB | 7,03 | 227 |
| 18 | BHS | 6,98 | 96 |
| 19 | FSS | 6,97 | 86 |
| 20 | FNV | 6,95 | 37 |
| 21 | IR | 6,95 | 35 |
| 22 | Hraðbr. | 6,89 | 42 |
| 23 | ML | 6,88 | 29 |
| 24 | FAS | 6,86 | 18 |
| 25 | Flensb. | 6,85 | 159 |
| 26 | VMA | 6,84 | 87 |
| 27 | Frumgr. Keilis | 6,80 | 56 |
| 28 | FG | 6,77 | 121 |
| 29 | MK | 6,76 | 144 |
| 30 | FÁ | 6,72 | 235 |
| 31 | FIV | 6,55 | 17 |
| 32 | FL | 6,45 | 9 |
| 33 | TÍ | 6,41 | 11 |
| 34 | FSN | 6,07 | 9 |
| 35 | Frumgr. HR | 5,65 | 5 |
| 36 | IH | X | 2 |
| 37 | MB | X | 2 |

### Menntavísindasvið

| Sæti | Skóli | Einkunn | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| 1 | Háskóli | 8,18 | 41 |
| 2 | MR | 8,12 | 50 |
| 3 | MA | 7,92 | 63 |
| 4 | FSH | 7,86 | 18 |
| 5 | Erl. skóli | 7,85 | 37 |
| 6 | FL | 7,85 | 17 |
| 7 | MH | 7,85 | 119 |
| 8 | VÍ | 7,85 | 91 |
| 9 | Kvennó | 7,83 | 102 |
| 10 | FNV | 7,79 | 68 |
| 11 | FSU | 7,78 | 127 |
| 12 | FB | 7,77 | 213 |
| 13 | IR | 7,77 | 47 |
| 14 | MS | 7,76 | 224 |
| 15 | ME | 7,70 | 68 |
| 16 | BHS | 7,67 | 114 |
| 17 | FÁ | 7,67 | 158 |
| 18 | Flensb. | 7,65 | 93 |
| 19 | FVA | 7,62 | 108 |
| 20 | VMA | 7,62 | 93 |
| 21 | MÍ | 7,60 | 49 |
| 22 | VA | 7,58 | 24 |
| 23 | Frumgr. HR | 7,57 | 5 |
| 24 | ML | 7,53 | 37 |
| 25 | IH | 7,50 | 7 |
| 26 | MK | 7,50 | 119 |
| 27 | FSS | 7,48 | 132 |
| 28 | Hraðbr. | 7,47 | 14 |
| 29 | FG | 7,45 | 116 |
| 30 | Undanþ. | 7,45 | 151 |
| 31 | FAS | 7,36 | 13 |
| 32 | FSN | 7,35 | 15 |
| 33 | FIV | 7,33 | 56 |
| 34 | Frumgr. Keilis | 7,22 | 56 |
| 35 | TÍ | 7,11 | 9 |
| 36 | MB | X | 2 |
| 37 | Tæknisk. | X | 3 |

### Verkfræði- og náttúruvísindasvið

| Sæti | Skóli | Einkunn | Fjöldi nemenda |
|---|---|---|---|
| 1 | MR | 7,27 | 587 |
| 2 | MA | 6,99 | 268 |
| 3 | MH | 6,86 | 431 |
| 4 | Kvennó | 6,81 | 239 |
| 5 | Erl. skóli | 6,71 | 41 |
| 6 | ME | 6,62 | 63 |
| 7 | ML | 6,59 | 39 |
| 8 | VÍ | 6,59 | 408 |
| 9 | FNV | 6,58 | 41 |
| 10 | FSU | 6,53 | 127 |
| 11 | Undanþ. | 6,53 | 27 |
| 12 | MK | 6,51 | 197 |
| 13 | FAS | 6,42 | 29 |
| 14 | IR | 6,42 | 27 |
| 15 | Flensb. | 6,40 | 154 |
| 16 | FSH | 6,34 | 27 |
| 17 | MS | 6,32 | 265 |
| 18 | FB | 6,31 | 176 |
| 19 | FÁ | 6,25 | 169 |
| 20 | Háskóli | 6,24 | 4 |
| 21 | FVA | 6,23 | 112 |
| 22 | VMA | 6,23 | 62 |
| 23 | BHS | 6,22 | 80 |
| 24 | MÍ | 6,18 | 49 |
| 25 | Tæknisk. | 6,08 | 8 |
| 26 | FSS | 6,03 | 96 |
| 27 | Hraðbr. | 6,02 | 84 |
| 28 | TÍ | 6,02 | 16 |
| 29 | FSN | 5,84 | 13 |
| 30 | FG | 5,70 | 131 |
| 31 | Frumgr. Keilis | 5,47 | 37 |
| 32 | Frumgr. HR | 5,35 | 26 |
| 33 | VA | 5,18 | 15 |
| 34 | MB | 5,15 | 6 |
| 35 | FL | X | 4 |
| 36 | FIV | X | 41 |
| 37 | IH | X | 2 |

**SKÝRINGAR Á SKAMMSTÖFUNUM** **BHS** Borgarholtsskóli **Erl. skóli** Erlendur skóli **FNV** Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra **FSN** Fjölbrautaskóli Snæfellinga **FSU** Fjölbrautaskóli Suðurlands **FSS** Fjölbrautaskóli Suðurnesja **FVA** Fjölbrautaskóli Vesturlands **FAS** Fjölbrautaskólinn í Austur-Skaftafellssýslu **FB** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti **FG** Fjölbrautaskólinn í Garðabæ **FÁ** Fjölbrautaskólinn við Ármúla **Flensb.** Flensborgarskólinn í Hafnarfirði **FSH** Framhaldsskólinn á Húsavík **FL** Framhaldsskólinn á Laugum **FIV** Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum **Frumgr.** HR Frumgreinadeild HR **Frumgr.** Keilis Frumgreinadeild Keilis **Háskóli*** Fyrsta háskólagráða **IH** Iðnskólinn í Hafnarfirði **IR** Iðnskólinn í Reykjavík **Kvennó** Kvennaskólinn í Reykjavík **MB** Menntaskóli Borgarfjarðar **ML** Menntaskólinn að Laugarvatni **MA** Menntaskólinn á Akureyri **ME** Menntaskólinn á Egilsstöðum **MÍ** Menntaskólinn á Ísafirði **Hraðbr.** Menntaskólinn Hraðbraut **MK** Menntaskólinn í Kópavogi **MR** Menntaskólinn í Reykjavík **MH** Menntaskólinn við Hamrahlíð **MS** Menntaskólinn við Sund **TÍ** Tækniskóli Íslands **Tæknisk.** Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins **Undanþ.**** Undanþága frá stúdentsprófi **VA** Verkmenntaskóli Austurlands **VMA** Verkmenntaskólinn á Akureyri **VÍ** Verzlunarskóli Íslands **X** Ekki reiknað meðaltal * Nemandi hefur lokið öðru grunnnámi í háskóla ** Nemandi hefur fengið undanþágu frá stúdentsprófi

# Sömu skólarnir ítrekað í efstu sætunum

**Háskóli Íslands hefur kannað hvernig einkunnir nemenda við skólann skiptast eftir því úr hvaða framhaldsskóla nemendurnir koma. Munurinn á skólunum er ekki afgerandi en sumir skólar raðast oftar ofarlega en aðrir.**

Sömu framhaldsskólarnir eru ofarlega þegar skólunum er raðað eftir meðaleinkunn nemenda úr hverjum skóla þegar þeir eru komnir í Háskóla Íslands (HÍ). Þetta sýna niðurstöður úttektar sem gerð var á vegum háskólans.

Nemendur úr Menntaskólanum á Akureyri eru í einu af fimm efstu sætunum á öllum fimm sviðum háskólans. Nemendur frá Menntaskólanum í Reykjavík eru í einu af fimm efstu sætunum í fjórum af fimm sviðum.

„Þessar niðurstöður eru til þess fallnar að slá á fordóma og stuðla að upplýstri umræðu,“ segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ. Hann segir vissulega mun á nemendum eftir því úr hvaða skólum þeir komi, en leggur áherslu á að munurinn sé tiltölulega lítill.

Hann segir þá skóla sem gjarnan hafi verið taldir skila góðum nemendum koma vel út, en aðrir skólar skili einnig góðum nemendum. Þá verði að líta til þess að skólarnir fái misgóða nemendur úr grunnskólunum, og vel hugsanlegt að það hafi töluverð áhrif.

Ólafur varar við því að horfa of mikið á röð skólanna, enda sé oft mjög lítill munur á milli skóla. Munurinn verði ýktur þegar skólunum er raðað eftir einkunnum nemenda.

Róbert H. Haraldsson, formaður kennslumálanefndar HÍ, leggur áherslu á að almennt sé ekki mjög mikill munur á einkunn nemenda við HÍ eftir því úr hvaða framhaldsskólum nemendur komi.

„Samanburður á skólunum sýnir að það koma góðir nemendur úr öllum framhaldsskólum,“ segir Róbert. Tölurnar ná aftur til ársins 2008, en tölur fyrir þann tíma eru ekki samanburðarhæfar vegna skipulagsbreytinga hjá HÍ.

> Þessar niðurstöður eru til þess fallnar að slá á fordóma og stuðla að upplýstri umræðu.
>
> ÓLAFUR Þ. HARÐARSON STJÓRNMÁLAFRÆÐIPRÓFESSOR

„Það er samt augljóslega umtalsverður munur í nokkrum tilvikum, þó ekki sé auðvelt að segja af hverju sá munur stafar,“ segir Róbert. Þannig sé ekki hægt að fullyrða að kennsla sé betri í þeim skólum þar sem nemendur fái betri einkunnir í HÍ. Framhaldsskólarnir setji mismunandi kröfur um árangur á prófum í grunnskóla og fái þannig mismunandi nemendur inn í skólana.

Þá bendir Róbert á að ekki sé tekið tillit til námshraða í úttektinni og það skipti líka máli að mishátt hlutfall útskrifaðra nema framhaldsskólanna hefji nám við HÍ. Flestir stúdentar úr rótgrónu framhaldsskólunum fari í HÍ en hjá sumum öðrum skólum sé þetta hlutfall tölu-vert lægra.

Róbert segir skólameistara framhaldsskólanna geta nýtt niðurstöðurnar með því að lesa þær samhliða öðrum upplýsingum sem þeir hafa. Þannig geti þeir reynt að átta sig á mögulegum veikleikum á kennslu í sínum skólum og eins hvar þeir standi vel að vígi. Háskólinn leggi mikla áherslu á að hafa gott samstarf við alla framhaldsskólana.

Það sjónarmið hefur komið fram að stúdentspróf framhaldsskólanna séu orðin svo mismunandi á milli skóla að þau séu ekki marktækur mælikvarði við inntöku nýnema í háskóla. Þessi rök voru sett fram í umræðunni um að taka upp inntökupróf í Háskóla Íslands.

Daði Már Kristófersson, dósent við hagfræðideild HÍ, sagði í viðtali við Fréttablaðið í september síðastliðnum að markmiðið væri að fækka þeim nemendum sem ekki geti staðist þær kröfur sem deildin gerði til þeirra.

Inntur eftir því hvort niðurstaða könnunarinnar gangi þvert á þau rök að stúdentsprófið væri ekki marktækur mælikvarði segir Daði að það sé ekki hans skilningur, en tekur fram að hann hafi ekki lagst yfir niðurstöðurnar. „En spjall mitt við kollega mína, sem hafa túlkað þessi gögn af nákvæmni, bendir til að gróf niðurstaða sé sú að það séu hæfileikar nemandans en ekki menntaskólinn sem ráði því hvernig nemendum gengur í háskólanámi.“

Inntökupróf þjónar því tilætluðum tilgangi um að vinsa úr þá nemendur sem ekki hafa þann menntunargrunn sem þarf í námið. Nemandinn er, að mati Daða, áfram í forgrunni í slíku prófi en ekki það við hvaða skóla hann lagði stund á nám fram til þess tíma að inntökupróf var þreytt.



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



Rafskutlur

Vandaðar og kraftmiklar rafskutlur sem henta vel við íslenskar aðstæður.

Skoðaðu úrvalið og prufukeyrðu í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.

ÖRYGGI VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 121124



TILBOÐIN GILDA 17. - 20. MAÍ
nettó
Kræsingar & kostakjör
LAMBALÆRI
RAUÐVÍNSKRYDDAÐ
40% AFSLÁTTUR
1.379
ÁÐUR 2.298 KR/KG
GRILLUM SUMARIÐ Í GANG!
KJÚKLINGAVÆNGIR
HVÍTLAUKS
GÓÐIR Á GRILLIÐ
40% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
299
ÁÐUR 498 KR/KG
ÍSFUGL
GRÍSARIF BBQ
GOÐI
VERÐ NÚ
1.499
ÁÐUR 1.898 KR/KG
NAUTAPIPARSTEIK
FERSK
30% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
2.484
ÁÐUR 3.549 KR/KG
NAUTAMÍNÚTUSTEIK
FERSK
30% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
2.449
ÁÐUR 3.498 KR/KG
BRAZIL
GRÍSAVÖÐVI
Kjötbankinn
VERÐ NÚ
1.198
ÁÐUR 1.498 KR/KG
HAMBORGARAR
XXL 6 X 135G
FROSNIR
Kjötbankinn
VERÐ NÚ
958
ÁÐUR 1.198 KR/PK
NÝBAKAÐ TILBOÐ VIKUNNAR
50% AFSLÁTTUR
SÉRBAKAÐ
VÍNARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*
VERÐ NÚ
99
ÁÐUR 198 KR/STK
*GILDIR EKKI Í NETTÓ SALAVEGI
FANTA ORANGE
6X 330 ML
34% AFSLÁTTUR
Fanta
grab a taste of friday!
VERÐ NÚ
395
ÁÐUR 598 KR/PK
MELÓNA
GUL
50% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
99
ÁÐUR 198 KR/KG
ÁVÖXTUR VIKUNNAR
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FRÉTTASKÝRING: Umhverfismál

2. grein af 4

# Sjálfbært þorp um vind og svínaskít

**Þorpið Feldheim í nágrenni Berlínar er sjálfu sér nægt um rafmagn og hita. Vindurinn og sólin knúa rafmagnstæki þorpsins, og reyndar gott betur en það. Þorpsbúar ylja sér svo við varma sem byggir á úrgangi þeirra helstu framleiðsluvöru, svínanna.**




Stubbur er ekki stór. Það er þorpið Feldheim ekki heldur, en ólíkt Stubbi sem þurfti að stóla á aðra varðandi hita og rafmagn, er Feldheim sjálfbært í þeim efnum.

Feldheim er í Stadt Treuenbrietzen, skammt frá Berlín, og þar búa 145 manns, átta fleiri en í Varmahlíð. Feldheim var hefðbundið lítið þýskt þorp, þar lifðu menn á landbúnaði og aðallega svínarækt. Fyrirtækið Energiequelle kom að máli við þorpsbúa og óskaði eftir að leigja af þeim land undir vindmyllur. Þar er nú að finna 43 vindmyllur sem samanlagt fullnægja raforkuþörf 20.000 manns.

### Samvinnuhugsun

Íbúar Feldheim ákváðu að slá saman og reisa eina vindmyllu. Sú sér íbúunum fyrir nægu rafmagni og vel það, stærstur hluti þeirrar orku sem þar er framleiddur fer inn á flutningskerfi Þýskalands. Raunar fer orkan öll þangað og íbúarnir kaupa síðan þá orku sem þeir þurfa til baka.

Félag í eigu íbúanna kaupir hverja kílówattstund á 16,6 sent og selur síðan íbúunum á 9 sent. Til samanburðar má nefna að íbúar í Berlín borga um 25 sent fyrir hverja kílówattstund. Félag íbúanna greiðir síðan fjárfestinguna niður.

### Skítahitun

Það er sérkennileg upplifun að ganga um Feldheim, ekki síst í fylgd hins überþýska Werner Frohwitter.


WERNER FROHWITTERT

Með sitt yfirvaraskegg og heimsborgarakaskeiti leiddi hann erlendu gestina um hið sjálfbæra þorp. Ekki verður sagt að þolinmæði sé hans sterkasta hlið, þar sem við blaðamennirnir stóðum í rokinu og reyndum að ná niður tölum um megawött og kílówött, framleiðslutölur og -þörf, byrsti hann sig ef of oft var spurt um eitthvað sem áður hafði komið fram. Svo virtist sem upplýsingar hans um endurnýtanlega orkugjafa væru ekki endurnýtanlegar.

Frhowitter leiddi okkur þó í ljós að íbúar Feldheim eru gæddir gamaldags samvinnuhugsun eins og hún gerist best. Eftir að hafa keypt sér eitt stykki vindmyllu og snarlækkað rafmagnsreikninginn sinn settust þeir yfir húshitunarmál. Hvaða orkugjafi stóð þeim til boða sem væri hagkvæmur og gerði þeim kleift að láta af olíu- og gaskaupum?

Jú, í þorpinu eru svínabú þar sem fjórir geltir sinna 6-700 gyltum svo úr verður fjöldi grísa. Öll þessi svín þurfa að skíta eins og önnur dýr og þann skít þurfti að losa sig við með ærnum tilkostnaði. Sú sniðuga hugmynd að nýta skítinn til húshitunar kviknaði því.

Íbúar Feldheim settu því upp litla niðurbrotstöð þar sem skítnum er breytt í varma með gerlagróðri. Hitinn er síðan leiddur um þorpið og einnig í svínabúin þar sem svínunum er yljað svo þau geti framleitt meira hráefni fyrir hitakerfið.

### Dreifð framleiðsla

Raforkuframleiðsla Þjóðverja hefur breyst mikið undanfarna áratugi. Fyrir 20 árum voru orkuframleiðslustöðvarnar, þær einingar sem framleiddu rafmagn, 1000 talsins. Árið 2012 eru þær 2,7 milljónir.

Inni í þessari tölu er allt sem framleiðir orku sem fer inn á netið hjá Þjóðverjum, hvort sem um eina sólarsellu eða heilt kjarnorkuver er að ræða. Það segir sig sjálft að slíkur fjöldi gerir allt utanumhald erfitt.

Þetta er nokkuð deilumál í Þýskalandi nú um stundir. Á að hafa eitt miðstýrt dreifikerfi eða frjálsara orkuflæði? Og ef annar hvor maður er með sólarsellu í garðinum, verða þá of fáir notendur til að standa undir háþróuðu dreifikerfinu?

Ljóst er að slíkt kerfi þarf að vera til staðar í einhverri mynd, þó ekki væri nema til að bregðast við áföllum.

### Mikilvægi vindorku

Einn angi af þeirri deilu snýr að uppsetningu vindmyllugarða í Eystrasaltinu. Fyrirhugað er að reisa þar risastórar vindmyllur og ljóst er að tenging þeirra við landsnetið yrði kostnaðarsöm.

Ekki eru allir hrifnir af þeirri hugmynd, en ljóst er að sjónmengun af slíkri framkvæmd yrði umtalsverð. Matthias Rucsher, upplýsingafulltrúi hjá Þróunarstofnun Þýskalands, segir að nauðsynlegt sé að byggja á vindorku í miklum mæli eigi það markmið að nást að skipta út 30 til 40 þúsund megawöttum af orku fyrir endurnýjanlega orkugjafa árið 2020.


MATTHIAS RUCSHER

„Orkuframleiðendur eru nú að fjárfesta í vindorkunni og öðrum endurnýjanlegum orkugjöfum. Ef markmiðið á að nást verðum við að veðja á allt.“

Rucsher er bjartsýnn á að markmiðið náist. „Við höfum alltaf farið fram úr markmiðum okkar. Ríkisstjórnin stefnir á að árið 2020 komi 35% orkunnar úr endurnýjanlegum orkugjöfum, en iðnaðurinn segist geta náð þeirri tölu í 43%.“

### Fyrirmyndin Feldheim

Það er ekki síst í ljósi þessara markmiða sem Feldheim er fyrirmynd í orkumálum. Vissulega eru aðstæður þar óvenju góðar. Vindmyllurnar voru til staðar áður en íbúarnir ákváðu að taka þátt í verkefninu. Það þýðir þó ekki að aðrir geti ekki reist sér sína vindmyllu.

Þá er lausn þeirra á hitamálum einfaldlega praktísk. Í stað þess að sitja uppi með lífrænan úrgang úr svínabúum er hann nýttur til að hita þorpið upp. Orkukostnaður snarlækkar og ekki þarf að greiða fyrir förgun á mykjunni.



**VINDRISI** Vindmyllurnar í Feldheim eru engin smásmíði. Öxullinn er í 100 metra hæð og spaðarnir eru 35 metrar að lengd. Don Kíkóti hefði mátt hafa sig allan við í atlögum að þessum risum.

### Byggðastefna?

Fyrirkomulagið í Feldheim er þannig ekki aðeins umhverfisvænt heldur einnig efnahagslega hagkvæmt. Frohwitter segir að með sjálfbærnimarkmiðum sínum hafi þorpsbúar bætt efnahag sinn töluvert.

„Hér er ekkert atvinnuleysi og raunar er það svo að fólk sækir hingað eftir vinnu úr nágrenninu. Menn hafa jafnvel velt því upp hvort módelið hér geti ekki nýst sem byggðastefna. Það snýr kannski ekki við fólksflótta úr sveitum í borgir, en það getur vel hjálpað til við að halda honum í skefjum.“

Þar sem töluverð umframorka kemur úr vindmyllu Feldheim-búa sköpuðust skilyrði fyrir frekari uppbyggingu á svæðinni. Þar er nú verksmiðja sem framleiðir búnað í sólarsellur sem gerir þeim kleift að fylgja sólinni sjálfkrafa. Þetta bætir orkunýtingu þeirra um 8 til 9 prósent.

### Fjárfesting sem skilar sér

Það er meira en að segja það að skella upp einni 100 metra hárri vindmyllu og koma sér upp búnaði til að framleiða hita úr svínamykju. Líkt og áður segir er um samvinnu verkefni íbúanna að ræða.

Allt í allt kostaði fjárfestingin um einn milljarð evra. Augljóslega getur lítið þýskt þorp, þó vel stætt sé, ekki pungað út slíkum upphæðum, en lán reyndust auðsótt. Og fjárfestingin er ekki vitlausari en svo að hún borgar sig upp á 12 til 15 árum og það þó íbúarnir greiði mun minna fyrir raforkuna en þekkist víðast annars staðar.

Þegar greitt hefur verið af lánunum er ætlun íbúanna að lækka verðið enn frekar. Og þar sem þeir selja einnig rafmagn inn á þýska landsnetið skapa þeir sveitarfélaginu tekjur til framtíðar.

Samvinnuhug feldheimskra er við brugðið og myndi hann jafnvel vekja öfund Jónasar frá Hriflu og fleiri samvinnumanna. Verkefnið fékk nýverið 10 þúsund evrur í verðlaun og íbúarnir ákváðu að nýta það fé allt til frekari uppbyggingar.

Að auki skapa herlegheitin 60 störf, sem er ekki svo lítið í þorpi með 145 íbúum.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



**Á MORGUN:** Endurnýjanleg orka og alþjóðasamfélagið

Glæný Stórlúða 2.990 kr.kg
Sigin Grásleppa
Frá Drangsnesi
Harðfiskurinn frá Stykkishólmi
Þessi sjúklega góði
Humar 2.350 kr.kg
OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Vinsælar vörutegundir með 35-50% afslætti

dagana 17.-21. maí



50% afsláttur

## Ilmgóður, rakagefandi hörundsúði

Val er milli fernra tegunda (100ml): „Strawberry“, „Vanilla“,„Neroli jasmin“...

**Verð nú: 845 kr.**
Verð áður: 1690 kr.

...eða „Japanese cherry blossom“

**Verð nú: 995 kr.**
Verð áður: 1990 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með olíu úr jarðarberjakjörnum

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með olíu úr steinum jarðarberja, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2745 kr.**
Verð áður: 4230 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með mangóolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með mangóolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2745 kr.**
Verð áður: 4230 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2745 kr.**
Verð áður: 4230 kr.



35% afsláttur

## Dekurvörur með ólífuolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi „body butter“-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

**Verð nú: 2745 kr.**
Verð áður: 4230 kr.



35% afsláttur

## Andlitsvörur með þaraseyði

Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjólk (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) – allt saman vörutegundir sem innihalda seyði úr brúnþörungum

**Verð nú: 3470 kr.**
Verð áður: 5340 kr.



35% afsláttur

## E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml). Þessar vörutegundir henta öllum húðgerðum

**Verð nú: 3230 kr.**
Verð áður: 4970 kr.



## Sólarpúður og bursti

Tvær vörutegundir saman: „Bronzing powder“-farði (litbrigði að eigin vali) og „Sun lustre“ -andlitsbursti

**Verð nú: 3235 kr.**
Verð áður: 4980 kr.

35% afsláttur



35% afsláttur

## Handa unnustanum

Tvær vörutegundir saman: „White musk sport“-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 2095 kr.**
Verð áður: 3230 kr.



35% afsláttur

## Fyrir eiginmanninn

Tvær vörutegundir saman: „Of a man“-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

**Verð nú: 2095 kr.**
Verð áður: 3230 kr.

THE BODY SHOP ®

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI**

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða

# Sjóðirnir gefa ekki peningana

Lífeyrissjóðirnir segjast ekki mega fella niður innheimtanlegar kröfur. **Þórey S. Þórðardóttir**, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, segir ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** að sjóðirnir sjái um eign framtíðarsjóðfélaga sem verði að vernda.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Þórey S. Þórðardóttir tók við sem framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóðanna á síðasta ári. Hún segir að íslenskt samfélag stæði mun verr ef lílfeyrissjóðirnir væru ekki jafn sterkir og raun ber vitni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Kemur til greina að Lífeyrissjóðirnir felli niður innheimtanlegar kröfur?*

„Nei, það kemur ekki til greina. Á Íslandi erum við með skyldutryggingarkerfi þar sem öllum er gert skylt að borga í lífeyrissjóð að lágmarki 4% af laununum sínum og launagreiðandi borgar að lágmarki 8%. Þar af leiðandi er um að ræða eignir þessara sjóðfélaga sem eru að borga inn í sjóðinn og lífeyrissjóðirnir hafa engar heimildir til að fara með þessa fjármuni eins og þeim dettur í hug. Þeir hafa það skilgreinda hlutverk að borga út lífeyri.

Þetta er tryggingakerfi, þannig að þótt til séu ýmis góð og verðug verkefni þá er hlutverk lífeyrissjóðanna að ávaxta fé sjóðfélaganna með það að markmiði að geta staðið undir greiðslu lífeyris.

Við erum ekkert að gera lítið úr vanda þjóðfélagsþegnanna í dag, það eru margir sem eiga verulega bágt og það þarf að finna lausnir, en til þess verður að nota sameiginlega fjármuni samfélagsins, sem eru skatttekjur eða annað slíkt, en ekki það fé sem er búið að setja í ákveðinn pott og er ætlað fyrir lífeyrisþega.

Það er verulega mikilvæg trygging fyrir okkur sem þjóðfélagsþegna að hafa kerfið uppbyggt með þessum hætti, af því að við vitum aldrei hvernig stjórnvöld eru, hvernig árar í þjóðfélaginu, eða hver er við völd hverju sinni. Það skiptir því miklu máli að þessi eign sem um ræðir sé varin.“

### Eignaskattur mismunar

*Hver er ykkar afstaða gagnvart skattlagningu á lífeyrissjóðina?*

„Þingið samþykkti fyrirframgreiddan skatt sem átti að nýtast í sérstaka vaxtaniðurgreiðslu. Þá var lagður eignaskattur á lífeyrissjóðina, en hann kemur eingöngu niður á almennu lífeyrissjóðunum, ekki þeim opinberu, sem eru með tryggingu frá ríki og sveitarfélögum.

Þá koma þeir sem hafa verið að borga í séreign og nýtt sér fullar heimildir þar, sem er yfirleitt hátekjufólk í þjóðfélaginu, betur út úr skattinum heldur en þeir sem aðeins greiða í samtrygginguna.

Mér finnst eins og þeir sem eru miðjumenn og telja sig vera félagshyggjufólk átti sig ekki á því að eignaskattur með þessum hætti kemur einmitt verst niður á þeim sem minna hafa á milli handanna.“

*En hvað með hugmyndir um nýjan skatt til að mæta kostnaði við niðurfellingu?*

„Ég hef ekki heyrt um frekari hugmyndir um skattlagningu og ég hef fyrst og fremst séð hana á forsíðu Fréttablaðsins. Sem betur fer fannst mér eins og Steingrímur J. Sigfússon tæki ekki mjög vel í hugmyndina og ég er ekki viss um að hún sé efst í hans huga. Enda er líka skattlagningin mjög skammsýn, vegna þess að það má ekki gleyma því að það var mikil fyrirhyggja þegar byrjað var að leggja fyrir og safna í sjóð.

Með því að skattleggja lífeyrissjóðina beint er verið að nýta skattstofna framtíðarinnar. Í raun er verið að ýta byrðinni á unga fólkið og komandi kynslóðir.“

### Færri standa undir fleirum

*Gæti slíkt haft áhrif á skuldbindingar sjóðanna?*

„Við vitum að samsetning þjóðfélagsins er að breytast verulega. Núna eru 5,5 stöðugildi að vinna fyrir hvern lífeyrisþega, árið 2050 er áætlað að þau verði 2,5. Það er fráleit hugmynd að fara inn á skattstofna þessa fólks, enda ljóst að byrði komandi kynslóða verður mun meiri en nú er.

Lífeyrissjóðirnir gegna mikilvægu hlutverki sem sjá má með því að skoða hlutdeild þeirra í ellilífeyri. Árið 2001 komu 64 prósent af útgreiddum ellilífeyri úr lífeyrissjóðunum, en sú tala var komin upp í 79 prósent árið 2010. Lífeyrissjóðirnir greiða því um 80 prósent af öllum ellilífeyri í landinu.“

### Tengist ekki útrásinni

*Nú spyrja margir sig hvers vegna lífeyrissjóðirnir, sem tóku þátt í útrásinni, geta ekki komið að niðurfellingunni?*

„Það er allt annar handleggur að afskrifa eignir, gefa eftir eignir eða að taka rangar eða slæmar fjárfestingarákvarðanir. Það er tvennt ólíkt. Lífeyrissjóðirnir eru fjárfestar og sem betur fer gerðu þeir margt vel, þess vegna eru þeir enn sterkir. Það liggur alveg ljóst fyrir að íslenskt þjóðfélag væri miklu verr statt í dag ef lífeyrissjóðirnir væru ekki öflugir.

Ef horft er á það sem er að gerast víða í Evrópu í dag þá er verið að skerða lífeyrisgreiðslur. Þar sem einkum eru gegnumstreymiskerfi þá hafa greiðslur til framfærslu lífeyrisþeganna verulega verið skertar. Í Grikklandi hefur orðið 40 prósenta skerðing á lífeyrisgreiðslum. Hér á landi hafa lífeyrisgreiðslur hins vegar hækkað umfram kaupmátt undanfarið og það þrátt fyrir kreppu. Lífeyrissjóðirnir hafa greitt út verðtryggðan lífeyri en vissulega hefur þessi hópur fólks almennt ekki mikið á milli handanna, það er af og frá.“

### Höftin auka áhættu

*Hafa lífeyrissjóðirnir næga fjárfestingarmöguleika innan kerfis gjaldeyrishafta?*

„Áhættan fyrir sjóðfélaga og landsmenn sem fylgir því að vera með allt innan íslensks efnahagskerfis er augljós. Það er gífurleg áhættudreifing í því að fara með fjárfestinguna út fyrir landið. Hlutfall erlendra fjárfestinga lífeyrissjóðanna hefur minnkað mjög. Var 31,9 prósent árið 2009 en aðeins 22,4 prósent í árslok 2011.

Í erlendri fjárfestingu felst veruleg áhættudreifing og eitt af því sem komið er inn á í úttektarskýrslu á lífeyrissjóðanna. Skýrsluhöfundar taka fram að nauðsynlegt sé fyrir sjóðina að fara með stærri hluta af sínum fjárfestingum út fyrir landsteinana, því það sé allt of áhættusamt að vera með svo stóran hluta þeirra hér innanlands. Það má ekki gleyma því að við búum í neysluþjóðfélagi og hér er innflutningur þannig að við erum í rauninni háð umheiminum.“

*Talandi um skýrsluna, þar var lagt til að skoða hvort kjósa ætti einn til tvo stjórnarmenn sjóðanna beinni kosningu, hefur það verið skoðað?*

„Landssamtökin hafa ekki komið að þessu, en hins vegar tel ég víst að lífeyrissjóðirnir og bakland þeirra muni skoða þetta atriði ef þeir hafa ekki þegar gert það. Um þetta eru skiptar skoðanir en ég tel mjög æskilegt að aðilar fari í gegnum þessa umræðu, hvort sem hún leiði til breytinga eða ekki.“

> Lífeyrissjóðirnir greiða því um 80% af öllum ellilífeyri í landinu.

### Ekki félagsleg verkefni

*Hver er raunveruleg aðkoma Lífeyrissjóðanna að endurreisn íslensks efnahags og á hún að vera einhver?*

„Að sjálfsögðu. Lífeyrissjóðirnir eiga að koma að verðugum verkefnum í þjóðfélaginu og eiga að hjálpa til við koma hjólum efnahagslífsins í gang, ég held að það sé engin spurning. Lífeyrissjóðirnir hafa komið að stofnun Framtakssjóðs Íslands sem hefur skilað góðri ávöxtun og komið fyrirtækjum á legg sem voru illa stödd.

Þá hafa sjóðirnir verið að skoða hvort þeir geti komið að verkefnum eins og Hverahlíðarvirkjun og öðrum fjárfestingum. Svo vita allir af lífeyrissjóðunum ef þeir eru með góð og arðbær verkefni, en þetta snýst náttúrulega alltaf fyrst og fremst um ávöxtun og áhættu. Sjóðstjórnirnar verða að meta fjárfestingar út frá hagsmunum lífeyrisþeganna.“

*Þannig að hagsmunir þeirra eru alltaf hafðir að leiðarljósi?*

„Að sjálfsögðu er alltaf haft að leiðarljósi að fjárfestingar sem lífeyrissjóðirnir taka þátt í skili ásættanlegum arði með hagsmuni sjóðfélaganna í fyrirrúmi. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki heimildir til að gefa eftir fjármuni, þeir geta ekki komið að félagslegum verkefnum með beinum hætti nema slíkt sé einnig raunhæf fjárfesting. Þótt lífeyrissjóðirnir leitist við að vera samfélagslega ábyrgir fjárfestar þá er ljóst að þeim ber fyrst og fremst að fjárfesta á viðskiptalegum forsendum.“

### Gegnumstreymi skelfileg hugmynd

*Sú hugmynd að breyta úr sjóðsöfnun og í gegnumstreymi hefur heyrst á Alþingi og jafnvel innan ríkisstjórnarinnar. Hvað finnst ykkur um það?*

„Að mínu viti tala þeir sem hafa þessar hugmyndir af mikilli vanþekkingu um kerfið, því sjóðsöfnunin er einmitt styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins og því stendur það einna fremst í alþjóðlegum samanburði. OECD mælir með sjóðsöfnunarkerfi og hvetur til þess að þessa fyrirkomulags. Þeir hafa bent á og talið brýnt að þeir sem eru með gegnumstreymiskerfi þurfi að auka sjóðsöfnun.”






DAXARA 127 KERRA

**SÉRTILBOÐ**

**79.900 KR.**

FULLT VERÐ 97.500 KR.

**LÉTTGREIÐSLUR 6.658 KR. Í 12 MÁN.**

Sturtubúnaður, innanmál 120x92x35 cm og burðargeta 335 kg.



DAXARA 127 KERRA

**SÉRTILBOÐ**

**148.900 KR.**

FULLT VERÐ 174.500 KR.

**LÉTTGREIÐSLUR 12.408 KR. Í 12 MÁN.**

Sturtubúnaður, 13" dekk, opnanlegur gafl að framan og aftan, innanmál 145x100x40 cm og burðargeta 540 kg.



DAXARA 168 KERRA

**SÉRTILBOÐ**

**239.000 KR.**

FULLT VERÐ 289.000 KR.

**LÉTTGREIÐSLUR 19.917 KR. Í 12 MÁN.**

Sturtubúnaður, 13" dekk, opnanlegur gafl að framan og aftan, innanmál 155x115x40 cm, burðargeta 750 kg, varadekk, dekkjaberi og lok.



DAXARA 218 KERRA

**SÉRTILBOÐ**

**229.900 KR.**

FULLT VERÐ 279.500 KR.

**LÉTTGREIÐSLUR 19.158 KR. Í 12 MÁN.**

Sturtubúnaður, 13" dekk, opnanlegur gafl að framan og aftan. Innanmál 204x129x40 cm og burðargeta 560 kg.



PIPAR\TBWA • SÍA • 121380

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL OPIÐ Í DAG 1

HREINN ÁVAXTASAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR

159 KR. 3 FERN.
**APPELSÍNU OG ELPLASAFI**
3 FERNUR: 250 ML.

198 KR. 400 G
BÓNUS **HAMBORGARA-SÓSA**

198 KR. 450 G
BÓNUS **SINNEP**

198 KR. 400 G
BÓNUS **REMÓLAÐI**

198 KR. 680 G
**HUNT´S TÓMATSÓSA**

198 KR. 570 G
**HEINZ TÓMATSÓS**

359 KR. 480 G
**10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR**

198 KR. 240 G
**5 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR**

229 KR. 612 ML
HUNTS GRILL SÓSA **HONEY MUSTARD**

229 KR. 612 ML
HUNTS ORGINAL **BARBECUE SAUCE**

98 KR. 200 G
EUROSHOPPER **STEIKTUR LAUKUR**

159 KR. 5 STK.
**5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ**

2 LTR

**SVALANDI GOSDRYKKIR Í 330 ML BAUKUM**

79 KR. DÓSIN

195 KR. 2 LTR.

179 KR. 2 LTR.

OPNUM KL.10

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 0:00-19:30 ALLAR VERSLANIR BÓNUS




**1695** KR. KG.

FERSKT NAUTAGÚLLAS




**1695** KR. KG.

FERSKT UNGNAUTASNITSEL




**1995** KR. KG.

FERSK NAUTAPIPARSTEIK




BERNAISE SÓSA
NONNA LITLA
**KR 279**
255 ML.




**1495** KR. KG.

BRAGÐ FRÁ ÍTALÍU
SS KRYDDAÐ LAMBALÆRI

## ÍSLENSKT KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

NAUTAVEISLU 4 FERSKIR 80 GR. NAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI




100% NAUTAKJÖT

**595** KR. PK.




100% NAUTAKJÖT

**398** KR. 2 STK.

ÍSLANDSNAUT FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA -HAMBORGARAR



**1495** KR. KG.

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ
LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



**159** KR. 4 STK.

BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ




**1398** KR. 10 STK.

ÍSLANDSNAUT FROSNIR 10 X 100 GR.
UNGNAUTA HAMBORGARAR




**1979** KR.KG

KJÚKLINGABRINGUR




**1979** KR.KG

HOLTA -ÚRBEINUÐ SKINNLAUS
FERSK KJÚKLINGALÆRI




**1979** KR.KG

KJÚKLINGALUNDIR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Fylgstu með Bónus á Facebook

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Starfsfólk Landsbankans fær milljarða að gjöf.

## Ríkisbónus

Í desember 2009 var samið um uppgjör milli gamla og nýja Landsbankans. Í því fólst meðal annars að tvö gömul lánasöfn voru færð yfir í þann nýja á mjög, mjög lágu verði. Ef tækist að innheimta meira af lánunum myndu 85 prósent þess fjár renna til gamla bankans, sem í staðinn myndi láta eftir 18,7 prósenta eignarhlut í þeim nýja.

Frá því að samkomulagið var gert hafa innheimst 82,4 milljarðar ofan á málamyndaverðið sem sett var á eignirnar. Virði hlutar gamla bankans er um 66,8 milljarðar króna. Nái virðið 92 milljörðum, sem gamli bankinn hefur opinberlega lýst yfir að muni nást, skilar hann öllum eignarhlut sínum í þeim nýja.

Íslenska ríkið fær hann þó ekki allan. Það var nefnilega samið um að allt að tveggja prósenta hlutur rynni í stofn fyrir kaupaukakerfi starfsmanna nýja bankans. Hlutfallsleg stærð hlutar þeirra færi eftir því hversu mikið myndi innheimtast. Þannig myndar hver aukakróna sem innheimtist viðbótareign í bónuspotti sem skipt verður á milli starfsmannanna.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Landsbankinn segir bónuspottinn hafa verið búinn til „að frumkvæði kröfuhafa“. Nú er það svo að kröfuhafar hafa ekki ráðið yfir þrotabúi Landsbankans, heldur skilanefnd skipuð af Fjármálaeftirlitinu sem síðan fékk héraðsdóm til að skipa slitastjórn. Það eru því þessir aðilar, íslenskir fulltrúar kröfuhafa, sem lögðu til samkomulagið. Gagnaðilinn var fjármálaráðuneytið, sem þá var stýrt af Steingrími J. Sigfússyni.

Steingrímur sagði í samtali við Fréttablaðið nýverið að búið væri að taka fyrir að stjórnendum bankanna verði greiddir risabónusar tengdir skammtímagróða svo þeir reyni ekki að skrúfa afkomuna upp milli ársfjórðunga vegna bónusa.

Vissulega er rétt að búið er að takmarka umfang bónusa, en það er ekki búið að koma í veg fyrir að bónuskerfi hvetji beinlínis til þess að skammtímahagsmunir séu hafðir að leiðarljósi við innheimtu. Kaupaukakerfi Landsbankans er nefnilega nákvæmlega þannig.

Kerfið snýst ekki um arðsemi eiginfjár, ekki um að lána út peninga, í raun ekkert um hefðbundna bankastarfsemi. Peningarnir sem mynda stofn kerfisins eru afleiðing hrunsins, tilkomnir vegna þess að gamlar eignir voru færðar úr þrotabúinu í nýja bankann á nánast engu verði en síðan rukkaðar að fullu inn. Sá hvati sem drífur kerfið áfram er fjarri því að vera ólíkur þeim sem rannsóknarnefnd Alþingis tilgreindi að hefðu verið við lýði innan föllnu bankanna og orsakaði áhættuhegðun. Munurinn nú er sá að ekki er hægt að rökstyðja tilvist bónuskerfis með því að íslenskt bankafólk sé svo eftirsóknarvert á alþjóðavettvangi. Því trúir enginn í dag.

Miðað við eiginfjárstöðu Landsbankans í lok mars þá er innra virði mögulegs hlutar starfsmanna hans 4,2 milljarðar króna. Miðað við þróun hagnaðartalna hjá nýja Landsbankanum frá stofnun þá mun hann ugglaust verða enn meira virði. Þennan eignarhlut ákvað fjármálaráðuneytið undir stjórn Vinstri grænna að gefa og dreifa í gegnum kaupaukafyrirkomulag sem líkast til enginn stjórnmálaflokkur hefur gagnrýnt meira. Þetta á sér stað á sama tíma og höft gera allan bankarekstur á Íslandi óeðlilegan og ríkisábyrgð er á öllum innstæðum. Ljóst er að sama peningagjöf býðst ekki öðrum ríkisstarfsmönnum fyrir að vinna vinnuna sína.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kjósum um kvótann

„Ég tel að næsta skref sé að huglleiða hvort ekki sé rétt að setja fiskveiðistjórnunarmálið næst í þjóðaratkvæðagreiðslu.“ Þetta sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra í samtali við Fréttablaðið 8. mars 2010. Hún vildi leiða deilur um kvótann til lykta í eitt skipti fyrir öll. „Það færi vel á því að mínu mati, að niðurstaða sáttanefndarinnar, sem nú er að störfum um málið, yrði lögð fyrir þjóðina.“ Skemmst er frá því að segja að sáttanefndin lauk störfum haustið 2010, en nú, nærri tveimur árum síðar, bólar ekkert á þjóðaratkvæðagreiðslunni sem forsætisráðherra þjóðarinnar boðaði.



### Frestur að renna út

Ekki er langt síðan ríkisstjórnin þurfti að hætta við þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrá samhliða forsetakosningum í sumar, þar sem ekki náðist að samþykkja hana fyrir tilskilinn frest. Það þarf nefnilega að tilkynna um hana þremur mánuðum áður en hún fer fram. Nýtt kvótaár tekur gildi 1. september og þann 1. júní eru því þrír mánuðir í það. Trauðla verða óskir Jóhönnu því að veruleika.



### Vannýtt tækifæri

Því hlýtur að vakna sú spurning hvort einhver vilji var einhvern tímann til að þjóðin fengi að kjósa um kvótann? Eða var Steingrímur J. Sigfússon ósammála Jóhönnu um málið? Kannski stjórnin stæði betur ef hún hefði borið það undir þjóðina, til dæmis samhliða sveitarstjórnarkosningum 2010, hvort auðlindir hafsins ættu að vera í þjóðareign. Þá snerist málið nú um útfærslu, ekki grundvallarbreytingu.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Stefnumót að vori

Menning



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Það vorar og Listahátíð í Reykjavík verður sett í dag. Næstu vikur verður hægt að næra andann og njóta þeirra fjölbreyttu viðburða sem hátíðin færir okkur í þetta skiptið.

Reykjavík er mikil menningarborg, langt umfram það hve margir búa í henni og á landinu öllu, ef því er að skipta. Sköpunarkraftur landsmanna er lykilþáttur í því fjölbreytta menningarlífi en Listahátíð í Reykjavík er eitt af þeim verkefnum sem nærir þetta mikla líf og leggur til dýrmæta mælikvarða sem hægt er að beita á menningarlífið. Í því sambandi hafa erlendir gestir hátíðarinnar skipt miklu máli og fært nýjungar og viðmið til landsins og íslenskir listamenn og almenningur hafa notið góðs af þeim samanburði. Hátíðin hefur þannig veitt innblástur og eflt vitund um stöðu og horfur í íslenskri menningu.

Listahátíð í Reykjavík hefur á undanförnum árum líka verið mikilvægur vettvangur fyrir stefnumót grasrótar íslenskra lista og hefðanna sem myndast hafa í menningarlífinu. Slíkt samtal er öllum holt og gott. Frumsköpun í íslenskum listum er mikilvæg um leið og hugað er að arfi þjóðarinnar í listum og menningu.

Listir, í sínum fjölbreyttu myndum, geta

> Listir eru hluti af þekkingarleit mannsins sem ekki er alltaf hægt að fella undir hagvaxtarmælikvarða eða bræða í mæliker vísindamanna.

þegar best lætur höfðað bæði til hjarta og heila. Fyrir marga brjóta þær upp daginn, koma róti á hugann, hrífa menn eða hneyksla, kæta eða græta, reita jafnvel til reiði. Listir eru hluti af þekkingarleit mannsins sem ekki er alltaf hægt að fella undir hagvaxtarmælikvarða eða bræða í mæliker vísindamanna þó að flestir telji þær ómissandi hluta mannlegs samfélags.

Á undanförnum árum hefur líka færst í vöxt að dagskrá Listahátíðar færist út á götur og torg borgarinnar og liðin er sú tíð að menn umgangist listir með hvítum hönskum, alvarlegir á svip. Lykilatriðið er að njóta, upplifa og síðast en ekki síst skapa. Rétt er að hvetja alla til að kynna sér dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2012 og finna sér eitthvað við hæfi. Við eigum stefnumót við listina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lög lygum líkust

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Í frumvarpi að lögum um fjölmiðla sem nú liggur fyrir þinginu er lagt til að útlendingar utan EES megi ekki vera ábyrgðarmenn fjölmiðla. Einnig er reynt, með villandi vísunum í erlend fordæmi, að rökstyðja bann við birtingu skoðanakannana á ákveðnum tíma fyrir kosningar. Þetta frumvarp má ekki verða að lögum.

Í greinargerð með frumvarpinu er eftirfarandi haldið fram: „Ísland sker sig úr í hópi nágrannaríkja sinna að því leyti að hér á landi er ekki kveðið á um í lögum að setja skuli nánari reglur um umfjöllun fjölmiðla um framboð í aðdraganda kosninga.“ Út frá þessu er ráðist í það verk að banna birtingu skoðanakannana daginn fyrir kosningar. Það mætti því skilja það þannig að slík bönn væru alþekkt í löndunum í kringum okkur. Þetta er í besta falli ömurlega villandi málflutningur þótt sterkari orð ættu vel við. Í bók eftir Christinu Holtz-Bacha: „Opinion Polls and the Media: Reflecting and Shaping Public Opinion“, sem kom út fyrir viku, kemur fram að eftirfarandi ríki setja ekki skorður á birtingu skoðanakannanna fyrir kosningar: Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Bretland, Bandaríkin, Írland, Holland, Þýskaland, Eistland og Lettland. Hvað eru eiginlega „nágrannaríki“ Íslands, ef þessi lönd eru það ekki? Málið er þetta: Með banni við birtingu skoðanakannana mun Ísland einmitt skera sig úr í hópi nágrannaríkja sinna.

Af sama villumeiði eru tilvitnanir í skýrslu ÖSE um Alþingiskosningarnar 2009. Í greinargerð segir: „Enn fremur er með greininni brugðist við athugasemdum til íslenskra yfirvalda í skýrslu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um framkvæmd kosninga til Alþingis árið 2009. Þar var m.a. varpað fram þeirri spurningu hvort ekki væri ástæða til að huga að setningu reglna í tengslum við fjölmiðlaumfjöllun í aðdraganda kosninga hér á landi.“ Það er rétt að ÖSE lagði til styrkingu reglna um fjölmiðlaumfjöllun. ÖSE lagði til ýmsa hluti (t.d. frjálsan auglýsingatíma í sjónvarpi og að kosningaauglýsingar yrðu sérstaklega auðkenndar) en nefnir skoðanakannanabann ekki. Hér er ráðuneytið því að villa fyrir um þinginu með því að vísa í heimild og treysta því að þingmenn nenni ekki að glugga í hana sjálfir. Frumvarpið gerir nefnilega ekkert af því sem ÖSE leggur til, en leggur hins vegar til tálmanir sem stofnunin nefndi ekki stöku orði.

Það verður raunar ekki annað séð en að þetta bann sem lagt er til sé klárt stjórnarskrárbrot. Við skulum rifja það upp að stjórnarskráin heimilar skorður á tjáningarfrelsi í einungis sex tilfellum: í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra. Er erfitt að sjá undir hverja af þessum sex undantekningum bann við birtingu skoðanakannana ætti að falla undir. Greinargerðin með frumvarpinu telur samt að frumvarpið standist stjórnarskrá og nefnir það „að í Bretlandi og Noregi er bannað að birta í hljóðvarpi og sjónvarpi auglýsingar frá stjórnmálahreyfingum sem greitt er fyrir birtingu á.“ Þó þetta kunni að vera efnislega rétt, ólíkt mörgu öðru í greinargerðinni, geta allir dæmt um það hve sterk rök það eru fyrir því að það megi (og eigi) banna einhvern hlut, að einhverjir allt aðrir hlutir séu bannaðir í öðrum löndum.

> Með banni við birtingu skoðanakannana mun Ísland einmitt skera sig úr í hópi nágrannaríkja sinna.

> Það er utan nokkurs skilnings hvernig það geti verið réttlætanlegt að veitast að atvinnu- og tjáningarfrelsi þeirra útlendinga frá löndum utan EES sem hér dvelja löglega.

**Aðför að tjáningarfrelsi útlendinga**

En þær skoðana- og upplýsingatálmanir sem rökstuddar eru með lygnum tilvísunum í erlend fordæmi eru ekki það eina ömurlega í þessu vonda frumvarpi. Í óskiljanlegri illkvittni er þar lagt til að í einni grein frumvarpsins verði að finna orðin „Ábyrgðarmaður fjölmiðlaveitu skal vera ríkisborgari í EES-ríki.“ Það er utan nokkurs skilnings hvernig það geti verið réttlætanlegt að veitast að atvinnu- og tjáningarfrelsi þeirra útlendinga frá löndum utan EES sem hér dvelja löglega. Það á að banna þeim að reka og ábyrgjast (jafnvel eigin) fjölmiðla. Af hverju mega Bandaríkjamenn eða Taílendingar ekki ritstýra blaði öðruvísi en að einhver Íslendingur þurfi að ábyrgjast það, eins og um einhvern æfingarakstur væri að ræða? Þetta er aðför að stjórnarskrá, alþjóðlegum sáttmálum og heilbrigðri skynsemi. Menn verða að stoppa þennan ófögnuð. Og síðan þarf ráðherra að útskýra hvað fyrir henni vakti að leggja nokkuð slíkt til.

# Verður þá enginn fiskur veiddur meir?

Sjávarútvegsmál

Jóna Benediktsdóttir
bæjarfulltrúi á Ísafirði



Útgerðarfyrirtæki landsins auglýsa nú grimmt gegn fyrirhuguðum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfi því sem hér hefur verið notast við um áratuga skeið og menn hafa verið sammála um að væri meingallað. Þessar auglýsingar verða til þess að ég, og margir fleiri, slökkva á sjónvarpinu strax eftir fréttir því maður nennir ekki að láta segja við sig hvaða bull sem er.

Við höfum öll heyrt síendurteknar fréttir af því hvernig útgerðarfyrirtæki hreinlega krefjast þess að menn séu með þeim í liði, taki með þeim þátt í margs konar svindli, framhjáviktun og tegundablekkingum. Ef menn eru að basla við samvisku er þeim einfaldlega hótað atvinnumissi. Fyrirtæki hefur í hótunum við yfirvöld sem hyggjast skoða hvort það hafi brotið lög og hótar jafnframt að hefna sín á íbúum heils sveitarfélags. Þetta er það umhverfi sem við eigum að venjast þegar rætt er um stórútgerðir og er nema von að venjulegu fólki blöskri yfirganginn.

Sú ríkisstjórn sem nú situr fékk umboð frá þjóðinni til að gera breytingar á kerfinu við síðustu kosningar. Það umboð fékk hún meðal annars vegna langvarandi óánægju íbúa víðsvegar um landið með það hvernig farið hefur verið með þessa auðlind, sem samkvæmt stjórnarskrá er sameign þjóðarinnar. Það er ekkert launungarmál að gríðarlegir fjármunir hafa verið teknir út úr greininni og notaðir í allskyns brask. Það hafa handhafar veiðiheimildanna getað gert vegna þess að lögin hafa heimilað þeim það. Þeir veðsettu veiðiheimildir og keyptu hlutabréf í bönkum og stórum fyrirtækjum. Stundum þurfti ekki einu sinn veð til, menn gátu bara „stímað“ út með 25 milljarða út á sitt góða nafn eingöngu. Eftir sitja stórskuldug fyrirtækin sem mörg hver eru varla rekstrarhæf og skuldirnar deilast á þjóðina. Auðvitað er hún ekki sátt.

Á fundum víðsvegar um landið hefur komið fram að útgerðarmenn telja að ef þeir eigi að greiða gjöld til samfélagsins af arðinum sem fyrirtækin þeirra skapa muni þeir ekki geta greitt niður skuldir sem tilkomnar eru vegna kvótakaupa. Sú staðhæfing stenst ekki því gefið hefur verið út að fyrirtæki sem eru illa stödd vegna kvótakaupa geti fengið afslátt af veiðigjaldinu ef þau sýna fram á það að þau noti arðinn til að greiða niður kvótaskuldir. Lesist – opni bókhaldið.

Útgerðarmenn reyna líka að fá samúð okkar vegna þess að laun sjómanna muni lækka við þessa breytingu. Það stenst ekki heldur þar sem veiðigjaldið skal reiknast af arðinum sem myndast eftir að allur fastur kostnaður fyrirtækjanna hefur verið greiddur, þar með talin laun.

Nú eftir stendur sú staðhæfing þeirra að mun minni fiskur muni berast á land. Hvernig menn fá það út er óskiljanlegt, nema ef menn halda að fiskurinn verði svo miður sín að hann leggi á flótta. Það mun verða jafnmikið eða meira framboð af fiski, það er bara ekki víst að sægreifarnir sitji einir að því að veiða hann og hafa af honum þær tekjur sem hann gefur. Núverandi handhafar veiðiheimilda munu áfram geta veitt fisk, þeim bjóðast nýtingarleyfi til 20 ára. Það þykir flestum nægileg trygging fyrir fjárfestingum. En framsali og braski verða settar aðeins meiri skorður en áður.

Við, venjulega fólkið sem ekki erum í útgerð, köllum eftir því að útgerðarmenn sýni fram á það að þeim sé treystandi fyrir þessari auðlind sem við eigum öll saman en þeir hafa fengið að nýta. Það gera þeir með því að sýna samfélagslega ábyrgð og ræða málin, en ekki með því að hafa í hótunum eða hrópa upp staðhæfingar sem aðeins þola eitt ákveðið sjónarhorn.

# Þegar ég missi trúna á mannkyninu

Skipulagsmál

Daníel Geir Moritz
fyndnasti maður Íslands



Heima í Neskaupstað er eitt af þeim glæsilegu félagsheimilum sem landið státar af. Í því fór ég á mína fyrstu bíósýningu, steig í fyrsta sinn á svið, sá mitt fyrsta leikrit, upplifði mína fyrstu tónleika, vann í bingói Þróttar, fór í minn fyrsta skemmtistaðasleik og svo mætti lengi telja. Ég á þaðan margar góðar minningar og eru verðmæti félagsheimila ekki metin til fjár.

Ég hef búið í Reykjavík síðan 2005 og síðan þá sótt ófáar skemmtanir á Nasa. Skemmtanir af öllum stærðum og gerðum. Húsið er sérlega hlýlegt, einhvern veginn í réttri stærð og stemningin sem þar myndast slær öllum skemmtistöðum borgarinnar við. Í einhverjum tilfellum kemst þetta nálægt því að vera sveitaball í borg. Þetta er félagsheimili Reykvíkinga. Hús sem marga dreymir um að fá að stíga á stokk í. Hús sem margir hafa stigið á stokk í, stoltir og skemmt sér og ekki síður öðrum.

Þegar ég heyrði fyrst af áformum þess að rífa ætti húsið hristi ég hausinn og hugsaði með mér, þetta gerist aldrei. Fólk myndi aldrei vilja rífa Nasa. Ekki frekar en að virkja Gullfoss, byggja blokk í Ásbyrgi, losa skolp í Þingvallavatn eða selja Höfða útrásarvíkingum. Ef eitthvað af þessu myndi gerast myndi trú mín á mannkyninu minnka.

> Ráðherrar geta ekki beitt handafli gegn ákvörðunum sem teknar eru af stjórnenduAt

En hvað er svo að gerast? Allt útlit er fyrir að Nasa verði rifið og skarð höggvið í bæjarmynd og menningu Reykjavíkur. Skarð sem skilur eftir sig ör, svekkelsi og vonbrigði. Gjörningur sem fær fólk til að hugsa, þetta er svo rangt!

Er í alvöru ekkert hægt að gera? Er þetta óhjákvæmilegt skref ósanngirnis, auðmangs og viðbjóðs? Þetta er mál sem snýst ekki um trefla, latte eða Eurovision-partí. Þetta snertir okkur öll.

Til hvers er borgarstjórn, húsafriðunarnefnd og réttlætiskennd almennings? M.a. til þess að harmleikur eins og brotthvarf Nasa verði ekki raunin, ekki satt?

Plís ekki láta rífa Nasa!


## STYRKUR TIL MEISTARANÁMS Í FJÁRMÁLUM VIÐ VIÐSKIPTADEILD HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY

**Auglýst er eftir umsóknum um styrk til meistaranáms í fjármálum við viðskiptadeild HR**

ifs GREINING

Veittur verður styrkur fyrir skólagjöldum á námstíma styrkþega. IFS, samstarfsaðili viðskiptadeildar, veitir styrkinn.

Styrkurinn verður veittur nemanda sem stundar fullt nám til MSc gráðu í fjárfestingarstjórnun eða fjármálum fyrirtækja.

Umsóknarfrestur er til **31. maí 2012** og verður tilkynnt um styrkinn tveimur vikum síðar. Umsókn skal fylgja ferilskrá, afrit af prófskírteinum, stutt lýsing á markmiðum með námi og hugmynd að efni í lokaritgerð til MSc-prófs. Umsóknir skal senda Jóhönnu Björk Briem, verkefnasstjóra meistaranáms í fjármálum, **johannab@ru.is**

Nánar um meistaranám í fjármálum við viðskiptadeild HR: **http://www.ru.is/vd/framhaldsnam/**

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður upp á alþjóðlegt viðskiptanám í hæsta gæðaflokki, meðal annars með samstarfi við marga af öflugustu viðskiptaháskólum í heimi. Nýlega fékk viðskiptadeild tvær virtar alþjóðlegar vottanir á námi deildarinnar. Fyrir utan meistaranám í fjármálum býður deildin nám á meistarastigi í alþjóðaviðskiptum, endurskoðun og reikningshaldi, og stjórnun og eflingu mannauðs. Um 650 nemendur stunda nám við deildina. Þar starfa um 30 fastir kennarar, auk nokkurra tuga stundakennara úr íslensku atvinnulífi og gestakennara frá fremstu viðskiptaháskólum beggja vegna Atlantshafsins. Árið 2011 birtu fastir kennarar deildarinnar 24 greinar í virtum alþjóðlegum tímaritum.

**www.hr.is**




# Forsetinn: Tákn eða afl

Forsetaembættið

**Ólafur Páll Jónsson**
dósent í heimspeki við Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Ég held ekki að það sé sérlega eftirsóknarvert að vera forseti. Líklega er þó skárra að vera forseti lítillar þjóðar en stórrar. Á hinn bóginn held ég að það sé eftirsóknarvert fyrir þjóð – ekki síst ef hún er lítil – að eiga sér forseta. En það verður að vera góður forseti.

En hvernig skyldi góður forseti vera? Stundum er sagt að forsetinn eigi að vera sameiningartákn fólksins í landinu, þessarar óræðu stærðar sem sumir reyna að hafa fyrir lóð á vogarskálina þeim megin sem þeir sjálfir standa. Þá er talað eins og forsetinn geti hafið sig upp yfir stjórnmálin og hversdagsleikann og sameinað fólkið í landinu í krafti þess að vera sá sem hann er. En fólkið í landinu er frekar sundurleitur hópur, það eru varla neinar vogarskálar sem það kærir sig um að fjölmenna á og það er ekki til neitt tákn sem það er tilbúið að sameinast um. Ekki einu sinni náttúran hefur megnað að vera slíkt tákn.

En ef forsetinn getur ekki verið sameiningartákn, er þá ekki borin von að hann geti verið forseti allra? Er hugmyndin um forseta allra ekki bara einhvers konar brandari sem enginn vill segja – þótt sjö manns vilji reyndar verða forseti? Er forsetinn ekki einmitt aukastærð í lýðræðinu, einhvers konar menningarlegt skjaldarmerki sem hefur engu hlutverki að gegna í eiginlegri stjórnskipan lýðveldisins?

Ég held ekki. Hugmyndin um forseta er ekki bara einhver brandari, heldur alvarleg hugmynd um lýðræðislega stjórnskipan. Til skamms tíma var fátt sem tengdi forsetann við valdaskak lýðræðisins, en lýðræðið snýst ekki bara um valdaskak. Að minnsta kosti ekki þegar sæmilega lætur. Og raunar er það einmitt valdaskakið sem hætt er við að gangi af lýðræðinu dauðu á endanum.

Stjórnmál einkennast af tvenns konar baráttu. Annars vegar baráttu fyrir sérhagsmunum og hins vegar baráttu fyrir almannahagsmunum. Þessi tvenns konar barátta verður alltaf hluti af stjórnmálum, og þannig hlýtur það að vera – og þannig á það að vera. Þegar sagt er að forsetinn skuli vera sameiningartákn fólksins í landinu, þá er stundum talað eins og hann geti af skarpskyggni sinni komið auga á þá sérhagsmuni sem einmitt geti sameinað fólkið. En eðli sínu samkvæmt eru sérhagsmunirnir ekki allra og þeir sameina ekki aðra en þá sem njóta þeirra – með réttu eða röngu. Forsetinn getur ekki umbreytt sérhagsmunum í almannahagsmuni hversu mikilfenglegur og mælskur sem hann annars er.

Lýðræðið snýst ekki bara um að fólk nái að koma því til leiðar

> Þegar sagt er að forsetinn skuli vera sameiningartákn fólksins í landinu, þá er stundum talað eins og hann geti af skarpskyggni sinni komið auga á þá…

sem það skynjar sem hagsmuni sína á hverju augnabliki. Lýðræði snýst líka um skynsemi. Það snýst líka um virðingu. Það snýst líka um leikreglur. Það snýst nefnilega ekki bara um leikslok, heldur um gildi, verðmæti og leikreglur. Og það er hér sem forsetinn getur haft hlutverki að gegna í lýðræðinu. Hann þarf að tala máli skynseminnar, með því að styðja embættisverk sín skynsamlegum rökum. Hann þarf að byggja slík rök á mikilvægustu gildum lýðræðislegs samlífis – m.a. virðingu fyrir öðrum, ekki síst þeim sem eru honum ósammála. Hann þarf að sýna að hann kunni að hlusta, ekki bara á þá sem hafa hátt heldur líka á þá sem tala af veikum mætti. Hann þarf að sýna að hann stendur fyrir eitthvað sem er nógu bitastætt til þess að þeir sem eru forsetanum ósammála geti eftir sem áður sagt: „Já, gott og vel, ég er honum ósammála en ég get samt fallist á að sjónarmiðin séu studd gildum rökum.“

Þannig verður forsetinn ekki sameiningartákn, heldur sameiningarafl. Lýðræði snýst um það að lifa saman þrátt fyrir ólíkar skoðanir, þrátt fyrir öndverð sjónarmið, þrátt fyrir athafnir sem við erum ósammála um. En lýðræðið snýst ekki bara um þetta. Því tónn lýðræðisins er ekki einungis sleginn á „þrátt fyrir“-strengi. Lýðræði snýst ekki um að lifa saman þrátt fyrir að við séum ólík, heldur „vegna þess“ að við erum ólík. Líf okkar er einmitt innihaldsríkt og gefandi vegna þess að við komum úr ólíkum áttum, stefnum í ólíkar áttir og ferðumst með margvíslegum hætti. Það er í margbreytileikanum og ágreiningnum sem við getum menntast hvert af öðru og það er með viðbrögðum við þessum staðreyndum mannlegs samlífis sem forseti getur verið sameiningarafl.

Eitt sterkasta sameiningarafl í íslensku samfélagi í dag eru dómstólar. Þeir sameina ekki með því að finna það sem allir eru sammála um, heldur með því að vera farvegur fyrir ósamkomulag – stundum jafnvel hatrammar deilur. En þótt fólk sé ósammála og deili harkalega, þá eru samt flestir sammála um að leið dómstólanna sé réttlát leið til úrlausnar. Og þótt fólk sé ekki endilega sammála niðurstöðu dómstólanna – og síst þegar dómur fellur því í óhag – þá sættir fólk sig yfirleitt við niðurstöðuna einmitt vegna þess að hún er niðurstaða hlutlægs dómstóls og rökstudd í löngu máli, með vísun í almennar leikreglur samfélagsins og þau viðmið um réttlæti sem hafa verið ríkjandi um langan tíma.

Ég held að ef það sé yfirleitt eitthvert vit í hugmyndinni um forseta lýðveldisins sem sameiningarafl þá liggi það vit einmitt í því að forsetinn geti stuðlað að einingu frekar en sundrungu með því að sýna okkur hvernig við getum hlustað hvert á annað og lært hvert af öðru – hvernig við getum lifað innihaldsríku og lærdómsríku lífi einmitt vegna þess að við erum ólík.

# Eru Íslendingar vel menntuð þjóð?

Menntamál

**Kristján Pétur Sæmundsson**
formaður Stúdentafélags HR 2011-2012

**Ebba Karen Garðarsdóttir**
formaður Stúdentafélags HR 2012-2013

**Sara Sigurðardóttir**
formaður Stúdentaráðs HÍ 2012-2013

Því er iðulega slegið fram sem sönnu að þrátt fyrir bágan efnahag og erfitt ástand hafi Ísland fulla burði til þess að rétta úr kútnum á skömmum tíma og reisa hér endurbætt og öflugra samfélag. Í þessari algengu orðræðu er því haldið fram að Íslendingar séu umfram allt svo vel menntuð þjóð. Slíkar fullyrðingar eru sérstaklega algengar í stjórnmálum.

Staðreyndin er þó sú að slíkar fullyrðingar eru ekki á rökum reistar. Samkvæmt nýjustu tölum OECD eru 36% Íslendinga á aldrinum 25-34 ára með háskólapróf. Samanborið við önnur norræn ríki er ástandið vægast sagt slæmt þar sem 47% Norðmanna, 45% Dana, 42% Svía og 39% Finna á sama aldri hafa lokið námi við háskóla. Þá kemur Ísland ekki einungis illa út í samanburði við nágrannaþjóðir heldur er komið niður fyrir meðaltal OECD.

Árið 2008 var Ísland í 18. sæti af 34 löndum OECD þegar kemur að opinberum fjárframlögum til háskóla. Ísland varði árlega að meðaltali 10.429 Bandaríkjadollurum á hvern háskólanema. Til samanburðar var meðaltal OECD ríkjanna 13.717 dollarar og Svíar settu yfir 20.000 Bandaríkjadali á hvern sinn nemanda. Síðan þessar tölur voru birtar hafa framlög ríkisins verið skorin niður um um það bil fjórðung á Íslandi. Þetta þýðir að verið er að reyna að reka háskólakerfi að norrænni fyrirmynd fyrir rétt rúmlega 40% af fjármagninu.

Ástandið er slæmt og mun versna með hverju ári nema vitundarvakning verði á mikilvægi þessa málaflokks fyrir framtíðarhorfur í lífsgæðum og atvinnumálum í landinu. Bæði nefndir og sérfræðingar hafa skilað skýrri afstöðu til málsins, nú sé ekki tíminn til þess að draga saman seglin í menntamálum, þvert á móti að nú sé tími til þess að efla þau. Þessi skilaboð hafa verið látin sem vind ur um eyru þjóta.

Frá „hruni“ hafa fjárframlög til háskólanna verið skorin verulega niður að raunvirði. Á sama tíma er þeim gert að taka inn fleiri nemendur en áður. Framlag á hvern nemenda er því að lækka og það mun óhjákvæmilega koma niður á gæðum kennslunnar og skólanna allra. Nú þegar aldrei hefur verið mikilvægara að útskrifa vel menntaða einstaklinga og fá hingað til lands góða nemendur erlendis frá, stefnir allt í hnignun metnaðarfullra háskóla sem geta ekki staðið undir væntingum sem til þeirra eru gerðar.

Háskólar verða að geta boðið starfsfólki sínu upp á spennandi vinnuumhverfi og samkeppnishæfar aðstæður og laun og komi ekki til stórtækra stefnubreytinga í þessum málum er ekki langt í að það verði ekki fært. Umræðan um laun stundakennara hefur vart farið fram hjá neinum og starfsfólk háskólanna vinnur við kjör sem engan veginn samræmast þeirri hæfni, menntun og reynslu sem það hefur.

Aukinheldur verða háskólarnir að bjóða íslenskum nemendum aðstæður og gæði sem eru sambærileg valkostum erlendis. Námsmenn eiga rétt á þeirri lágmarkskröfu að íslenskir háskólar bjóði þeim upp á námsgæði til jafns við það sem tíðkast á löndunum í kringum okkur. Ef fram heldur sem horfir fá framtíðin ekki björt í íslensku háskólastarfi. Viljinn til þess að gera vel er til staðar og á síðustu árum hefur verið unnið þrekvirki með tilliti til niðurskurðar og þess fjármagns sem skólarnir fá. Hættan er sú að vel unnin verk skólanna komi nú í bakið á þeim. Stjórnvöld verða að gera sér grein fyrir því að vel heppnaður niðurskurður er ekki tilefni til frekari niðurskurðar.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## NÝ SUNDLAUG Í HVERT SINN

Ferðu alltaf í sömu sundlaugina? Þá er ráð að gera sér það að leik að fara aldrei í sömu laugina í sumar. Þá er upplifunin aldrei sú sama og víst að börnin hafa gaman af því að prófa nýjar rennibrautir og buslupolla.

GEYSIR BISTRO & BAR
FERSKT & FREISTANDI
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

SPENNANDI
SJÁVARRÉTTA TILBOÐ



BLÁSKEL & HVÍTVÍN 2.950 kr.
Hvítvínssoðin bláskel úr Breiðafirði ásamt hvítvínsglasi.



HUMARSALAT & HVÍTVÍN 2.250 kr.
Humarsalat með hægelduðum smátómötum, mangó, sultuðum rauðlauk og ristuðum cashew-hnetum ásamt hvítvínsglasi.

BORÐAPANTANIR Í SÍMA 517-4300

GEYSIR Bistro
Aðalstræti 2 / 101 Reykjavík / Sími: 517 4300 / www.geysirbistro.is




# ÁVANABINDANDI ROKKPYLSUR

**STELPUROKK** *Rokksumarbúðirnar Stelpur rokka eru vettvangur fyrir stelpur þar sem þær geta látið rödd sína heyrast og hæfileika sína skína.*

Í sumar verður boðið upp á rokksumarbúðir fyrir stelpur á aldrinum tólf til sextán ára. Búðirnar bera nafnið Stelpur rokka! en um er að ræða sjálfboðaliðaverkefni undir stjórn Áslaugar Einarsdóttur. Hún segir enga hljóðfærakunnáttu nauðsynlega fyrir dvölina í búðunum en þar læra stelpurnar að spila á hljóðfæri, semja texta og koma fram.

„Markmið rokksumarbúðanna er að bjóða ungum stelpum upp á vettvang þar sem þær geta látið rödd sína heyrast og hæfileika sína skína. Við munum bjóða upp á vettvang þar sem þær geta farið óhræddar upp á svið og pönkast og öskrað og sleppt fram af sér beislinu.“ Rokksumarbúðirnar standa yfir í fjórar vikur, frá 2. til 27. júlí. Í lok búðanna verða haldnir lokatónleikar þar sem stelpurnar koma fram. Reynslumiklir sjálfboðaliðar sjá um að leiðbeina stúlkunum. Opnað var fyrir skráningu í búðirnar fimmtánda maí og hafa viðtökurnar verið mjög góðar. Einungis er boðið upp á pláss fyrir 30 stelpur og hvetur Áslaug þær til að skrá sig sem fyrst. Vegna mikillar eftirspurnar verður hugsanlega fleiri plássum bætt við. „Við óskum hér með eftir fleiri sjálfboðaliðum til að aðstoða okkur. Einnig vantar okkur fleiri hljóðfæri fyrir stelpurnar ef einhver vill lána eða gefa okkur.“ Hollur matur verður í fyrirrúmi í rokkbúðunum en til hátíðabrigða verður kannski boðið upp á rokkpylsur í smjördeigi.

„Ég valdi þessa uppskrift því móðir mín er smjördeigssnillingur og gerir margt listilega fallegt úr smjördeigi. Ég hef alltaf fengið svona pylsur á afmælinu mínu og því hafa þær fylgt mér lengi. Það er eitthvað ávanabindandi við þessar pylsur því vinkonur mínar krefja mig árlega um smjördeigspylsuafmæli.“ ■ sfj

**ROKKIÐ LIFIR** Stelpur fá tækifæri til að fara óhræddar upp á svið til að pönkast og öskra segir Áslaug Einarsdóttir.

**STELPUROKK-SUMARBÚÐIR**

***Skráning fer fram á heimasíðu búðanna, stelpurrokka.org. Laust pláss er fyrir 30 stelpur.***

■ FRAMHALD Á SÍÐU 4

www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara



Ólafur Sólimann, eigandi My Secret, kynnir nýja heilsudrykki.

# Nýr drykkur frá MY SECRET

**My secret** kynnir nýjan heilsudrykk unninn úr fersku túrmeriki og engifer.

My secret kynnir nýjan drykk, Túrmerik, unnin úr fersku túrmeriki sem kemur á markað í dag.

„Í þennan nýja drykk notum við sérstaka aðferð eftir leiðsögn frá Ayurvedalækni á Indlandi,“ útskýrir Ólafur Sólimann, eigandi My Secret. „Við meðhöndlum til dæmis túrmerik og svartan pipar í olíu við visst hitastig, áður en við setjum það í drykkinn. Þessa aðferð lærðum við á Indlandi af lækni sem vinnur við náttúrulækningar, Ayurveda,“ segir Ólafur en hann hefur dvalið bæði í Taílandi og á Indlandi um árabil.



Rannsóknir hafa sýnt að með því að blanda svörtum pipar saman við túrmerik tvöþúsundfaldast virknin.

Í drykknum er auk túrmeriks, engifer, svartur pipar, mynta, cane-sykur og fleira. Virkni engifers og túrmeriks er vel þekkt í Asíu en Ólafur segir ekki sama hvernig jurtirnar séu unnar. Með réttri aðferð megi jafnvel þúsundfalda áhrif einstakra efna.

„Það er ekki nóg að sjóða eitt hráefni sérstaklega heldur þarf alltaf að blanda öðrum efnum á móti til að hámarka virknina í jurtunum. Til dæmis sýrum, kryddi eða sætu. Nú sýna nýjustu rannsóknir að með því að blanda svörtum pipar á móti túrmeriki getur virknin í curcumininu, virka efninu í túrmeriki, tvöþúsundfaldast. Við gerum það í þessum drykk og notum einungis ferskar jurtir, ekki duft og flytjum sjálf inn sérstaklega ferskt túrmerik. Þá eru engiferdrykkirnir frá My secret einu drykkirnir hér á landi þar sem eingöngu er notað ferskt engifer en ekki duft.“

Undanfarna sex mánuði hafa tíu einstaklingar drukkið nýja drykkinn til reynslu. Ólafur segir árangurinn ekki hafa látið á sér standa.

„Áhrifin eru frábær. Þetta voru mismunandi einstaklingar sem voru að kljást við mismunandi kvilla, meðal annars einstaklingur með MS-sjúkdóm og einstaklingar sem kljást við kulda í höndum og fótum, rist-



Túrmerik hefur verið notað í yfir 2500 ár á Indlandi þar sem það var í fyrstu notað sem litarefni. Læknisfræðilegir eiginleikar þessa krydds hafa komið betur og betur í ljós.

ilvandamál, þvagvandamál og magavandamál. Þá hafa rannsóknir sýnt að virka efnið í túrmeriki er sótthreinsandi og bólguhemjandi og flýtir fyrir að sár grói. Þá er talið að efnið hjálpi til við meðferð á liðagigt. Ég vil þó taka fram að Túrmerikdrykkurinn okkar hefur ekki verið rannsakaður sérstaklega sem slíkur en virkni allra innihaldsefna drykkjarins hafa verið rannsökuð,“ segir Ólafur.

Vörur My Secret hafa nú verið í tvö ár á markaðnum og njóta vinsælda. Þær fást nú í flestum verslunum landsins og segir Ólafur undirbúning fyrir markaðssetningu erlendis hafna.

„Við höfum tekið þátt í alþjóðlegum keppnum og unnið til verðlauna sem hefur hjálpað okkur að vekja athygli á vörunni erlendis. Við erum nú í samstarfi við Íslandsstofu um rannsóknarvinnu á erlendum markaði og höfum einnig sótt um styrk til að láta rannsaka virkni drykkjanna. Það sem gefur vörunum okkar hins vegar trúverðugleika eru reynslusögur fólks sem hefur reynt drykkinn og fundið áhrifin á sjálfu sér,“ segir Ólafur.

Túrmerikdrykkurinn frá My Secret fer í sölu í dag og fæst einungis hjá My Secret á Digranesvegi í Kópavogi. Drykkurinn verður á sérstöku tilboði út maí.

Mun meira fæst út úr virka efninu curcumin úr fersku túrmeriki heldur en dufti og þykkni.



## KYNNINGARVERÐ Á NÝJASTA AADA „TURMERIC AADA“




# **Túrmerik** er ein mest rannsakaða jurtin á markaðnum og talin algjör töfrajurt.

# **My secret** er tveggja ára núna í maí og býður þennan einstaka drykk á afmælisverði.

# Kynningarverð kr. 990,- út maí

Tilboðið gildir einungis hjá okkur á Digranesvegi 10, Kópavogi.

Opið í dag til kl. 18.00 og á morgun, laugardag frá 10.00-14.00

**My Secret, Digranesvegi 10, Kópavogi, sími 527-2777**
**www.mysecret.is**



**MY SECRET tók þátt í alþjóðlegri samkeppni drykkjarvöruframleiðenda sem haldin var í Brasilíu af Foodbev á síðasta ári. Drykkir My secret hlutu fjórar viðurkenningar og ein verðlaun.**






## RAUÐUR AADA

Léttur aada er sá klassíski. Þessi aada er orðinn vel þekktur fyrir virkni sína. Sýnt hefur verið fram á að engifer er áhrifaríkt gegn einkennum morgunógleði, bílveiki og flökurleika. Auk þess hjálpar engifer við að brjóta niður eggjahvítu og fituríka fæðu, sem styður meltinguna. Enn fremur er engifer talið mjög fyrirbyggjandi. *Inniheldur 6,5% engifer. Tilvalið fyrir fólk sem vill ekki sterkt.*






## GRÆNN AADA

Cayenne-pipar er mjög kröftugt krydd og oft kallað kraftaverkakryddið. Cayenne getur haft áhrif á fitubrennslu líkamans, dregið úr matarlyst, reynst góður við ýmsum magakvillum ásamt því að auka blóðflæðið. Þá er cayenne kröftugur við ristilhreinsun. Cayenne er rík uppspretta A- og C-vítamíns. Lemon-balm virkar róandi á magann og er mikið notað við magakveisum tengdum kvíða, stressi og ógleði. Einnig er það sagt róa óran hjartslátt í tengslum við streitu. Í Lemon-balm er vírusdrepandi efni sem meðal annars er sagt virka vel gegn frunsum. *Inniheldur 6,5% engifer. Frábær til að taka með sér í ræktina. Gæti aukið brennsluna og gefið orku.*









## STERKUR AADA

Hefur gert frábæra hluti fyrir hundruð Íslendinga. Hann hefur, samkvæmt reynslusögum viðskiptavina okkar, hjálpað til við meltinguna, magasýrur, sogæðakerfið, bólgur, gigt, sykurfíkn, grunnbrennslu líkamans og fleira. Engifer inniheldur yfir 100 efnasambönd, tólf andoxunarefni og sautján efni sem þekkt eru fyrir sótthreinsandi eiginleika. Engifer getur kallað fram heilbrigðan svita sem er mikilvæg líkamsstarfsemi sem afeitrar ekki bara líkamann heldur flytur bakteríuvaldandi efni út á yfirborð húðarinnar. *Inniheldur 10% engifer. Hressandi drykkur sem getur gefið mikla orku.*






## BLÁR AADA

Túrmerik er þekkt fyrir bólgueyðandi eiginleika sína og er sótthreinsandi. Túrmerik hefur góð áhrif á gigt og liðagigt. Það er náttúrulegur hreinsir fyrir lifrina. Túurmerik getur einnig ýtt undir efnaskipti fitu og hjálpað við þyngdarstjórnun. Það er talið öflugt bólgueyðandi efni og talið virka jafn vel og mörg bólgueyðandi lyf en án aukaverkana. Bláber innihalda mikið magn af andoxunarefnum. Þau eru holl fyrir hjartað því þau vinna á slæma kólesterólinu og eru holl fyrir meltinguna. *Inniheldur 6,5 % engifer. Prófaðu og finndu virknina.*

# GLÆSILEGIR BÍLAR Á AFMÆLI FORNBÍLAKLÚBBSINS

**FLOTTIR FORNBÍLAR** *Fornbílaklúbbur Íslands fagnar 35 ára afmæli sínu um helgina með því að opna glæsilegra fornbílasýningu á Korputorgi. Fornbílaeigendur hafa lagt mikla vinnu í bíla sína.*

Fornbílaklúbbur Íslands fagnar 35 ára afmæli sínu á Korputorgi um helgina með því að halda sýningu á glæsilegustu fornbílum landsins. Sýningin er haldin innandyra í húsnæði bílasölunnar Bílakaup. Jón Hermann Sigurjónsson, ritari Fornbílaklúbbsins, segir að reynt verði að höfða til allra aldurshópa, svo fjölskyldan geti komið saman og kynnst sögu bílaeignar á landinu.

„Það verða um 80 bílar; allt frá bílum sem verið er að gera upp og eru því ekki tilbúnir, flottir fjölskyldubílar og svo fínustu drossíur með krómi. Ég held það sé gaman fyrir fólk að sjá muninn á óuppgerðum bíl og fullgerðum bíl,“ segir Jón. Sérstakt svæði á sýningunni er tileinkað herbílum og stríðsminjum sem nokkrir aðilar innan klúbbsins hafa sérhæft sig í, þar mun myndum frá stríðsárunum einnig verða varpað á tjald. Jón segir klúbbinn mjög virkan félagsskap fólks.

„Við hittumst reglulega á miðvikudögum í félagshúsnæðinu á veturna og þá er spjallað saman, skoðaðar myndir, skipst á ráðum og ýmislegt fleira.“ Fornbílaeigendur eru allajafna stoltir af bílum sínum og nýta hvert tækifæri til að sýna þá enda flestir búnir að leggja mikla vinnu í að gera þá upp.

„Á sumrin förum við því reglulega á rúntinn um stofnbrautir bæjarins, stoppum kannski og fáum okkur ís og njótum þess að vera til, sýna okkur og sjá aðra.“ Fornbílaklúbburinn reynir einnig að vera sýnilegur á ýmsum tyllidögum og tekur meðal annars rúntinn á 17. júní. „Svo mætum við með bílana einn dag í Húsdýragarðinn og á Árbæjarsafnsdaginn ásamt fleiri skemmtilegum uppákomum. Hápunktur sumarsins er svo landsmótið sem haldið er á Selfossi í júní, þar sem verða rúmlega hundrað bílar yfir heila helgi.“ ■ vg



**HEIÐBLÁR OG FLOTTUR** Jón Hermann Sigurjónsson við bláan Plymouth, árgerð 1947 í eigu Kjartans Friðgeirssonar, meðlims Fornbílaklúbbsins.

## AFMÆLISSÝNING FORNBÍLAKLÚBBSINS

**Í DAG**
***Opnuð kl.17 í dag og er opin til klukkan 22.***

**LAUGARDAGUR**
***Opið frá kl. 10-22.***

**SUNNUDAGUR**
***Opið frá kl. 12-18.***

**MIÐAVERÐ**
***800 krónur og frítt fyrir 12 ára og yngri.***


15% AFSLÁTTUR
AF YFIRHÖFNUM OG BOLUM
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770




Bílskúrssala útsala...
Kínversk húsgögn

Uppl. í síma 821 8609 • qcindy@gmail.com

LAGERSALA
40-80% afsláttur
Laugardag & sunnudag
Opið 11-16
Ath
LAGERSALAN er á Laugavegi 178
næsta húsi við verslun Lín Design

Lín DESIGN
LAGERSALA Lín Design Laugavegi 178 www.lindesign.is

Hjálp
náttúrunnar
við aukakílóum
VIÐURKENNT AF EFSA
MEZINA


KONJAK
- Fyrr södd og borðum minna!
Í Konjak eru náttúrulegar Glucomannan-trefjar sem eru búnar þeim eiginleikum að geta dregið til sín 2-300 falda þyngd sína af vatni. Þegar töflurnar leysast upp í maga myndast massi sem flýtir fyrir seddutilfinningu og viðkomandi borðar minna sem er oftast lykillinn að þyngdartapi.
Notkun: 2 töflur með stóru vatnsglasi hálftíma fyrir 3 stærstu máltíðir dagsins.
Frekari upplýsingar www.gengurvel.is
Fæst í apótekum, heilsubúðum, heilsuhillum stórmarkaða og á www.femin.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP
FRÉTTIR STÖÐVAR 2 Í BEINNI
2 | FRÉTTIR
vísir - oft á dag

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU



## ROKKPYLSUR Í SMJÖRDEIGI

**■ Hressandi millibiti fyrir verðandi rokkarara**

**INNIHALD Í UM ÞAÐ BIL 25 PYLSUBITA**

**5 litlar smjördeigsplötur**
**5 SS pylsur**
**tómatsósa**
**1 egg**
**krydd eftir smekk**
**rifinn ostur ef vill**

**Fletjið út smjördeigsplötu þannig að hún verði rúmlega lengd pylsunnar og um það bil 17 sentímetrar á breidd. Setjið tómatsósu á neðri enda deigplötunnar. Setjið eina pylsu þar ofan á (samsíða sósunni) og rúllið deiginu utan um hana. Setjið pylsuna á bökunarplötu og látið samskeytin liggja á bökunarplötunni. Lokið endunum með því að þrýsta niður gaffli. Hafið síðan gott bil á milli pylsanna. Hrærið eggið og penslið pylsurnar með því. Kryddið og setjið rifinn ost yfir eftir smekk. Stingið þrisvar til fjórum sinnum lauslega með gaffli ofan í hverja pylsu til að hleypa lofti út.**

**Bakið við 220 gráður í fimmtán til tuttugu mínútur eða þar til deigið er orðið gullið. Hver pylsa er skorin í þrjá til fjóra bita. Berið pylsurnar fram volgar eða kaldar.**

18. MAÍ 2012

# Lífið

ALLT LAGT Í SÝNINGU MÖLLU/JOHANSEN

ÞÓRUNN HÖGNA STOFNAR VEFTÍMARIT

HERA BJÖRK RÆKTAR HAMINGJUNA



## HÖFUM MIKINN MEÐBYR

GRETA SALÓME STEFÁNSDÓTTIR UM FORKEPPNINA Í EUROVISION SEM FRAM FER 22. MAÍ NÆSTKOMANDI.

FRÉTTABLAÐIÐ

› Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Mikill stjörnufans mætti í þrítugsafmæli **Breka Logasonar** fréttamanns á Stöð 2 sem fagnaði á skemmtistaðnum Austur. Þar mættu fjölmiðlastjörnurnar **Þorbjörn Þórðarson**, Logi Bergmann Eiðsson og eiginkona hans **Svanhildur Hólm**, Telma Tomasson, Andri Ólafsson, Sindri Sindrason, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, Helga Arnardóttir, Jóhanna Margrét Gísladóttir, Elísabet Margeirsdóttir og Karen Dröfn Kjartansdóttir. Faðir Breka, Logi Úlfarsson, stal senunni en hann söng æviskeið afmælisbarnsins við þekkt Abbalag við mikinn fögnuð viðstaddra.










Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Stefán Karlsson
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Förðun Gretu Eygló Birgisdóttir Kjóll Rebekka Ingimundardóttir hannaði og Elma Bjarney saumaði Skart Sign Hár Nína Kristjánsdóttir


# SAMHUGUR OG SPENNA BAKSVIÐS

Haust og vetrarlína vinkvennanna Manúelu Óskar Harðardóttur og Önnu Lilju Johansen var frumsýnd með pompi og prakt á hótel Borg síðastliðið laugardagskvöld. Merkið ber heitið MALLA/JOHANSEN og hefst sala á vörunum næsta haust.

Áherslur línunnar eru kvenleg snið, sterkar konur og gæðaleg efni og var hverri innkomu tískusýningarinnar fagnað með lófaklappi.

Tinna Bergsdóttir fyrirsæta kom sérstaklega til landsins til að opna sýninguna sem og hárgreiðslumeistarinn Kristinn Óli Hrólfsson sem búsettur er í Kaupmannahöfn en hann sá um hárgreiðslurnar fyrir sýninguna. Um förðunina sá Anna Kristín Óskarsdóttir.

Tinna Bergs er einnig andlit þessarar fyrstu línu og það var Helgi Ómarsson sem myndaði hana.



Manúela og Anna Lilja með frumburðum og Dorrit Moussaieff sem naut sýningarinnar vel!









### KRISTINN ÓLI HRÓLFSSON

**HVE LENGI HEFURÐU BÚIÐ OG STARFAÐ Í KAUPMANNAHÖFN?** Frá árinu 2003.
**STARF/TITILL?** Hárgreiðslumaður og annar eigandi Mugshot í Kaupmannahöfn

**Hvað kom til að þú varst beðinn um að greiða fyrir sýninguna?** Ég og Manúela höfum verið vinir í mörg ár og ég hef fengið að fylgjast með framgangi merkisins frá upphafi. Það var aldrei neitt annað í stöðunni en að ég hjálpaði til við að finna útlit og gera hárið fyrir sýninguna sjálfa. Það var reyndar tvísýnt hvort þetta gengi upp þar sem dagskráin er þétt en allt small þetta saman á endanum.

**Hvernig var stemningin baksviðs?** Það var mikil orka og spenna baksviðs. Það að þetta er nýtt merki gerði það að verkum að samhugurinn og metnaðurinn var mikill hjá öllum sem að sýningunni stóðu. Svo var svona hæfilega mikið stress undir lokin.

**Er munur á að vinna svona verkefni hér á landi eða erlendis?**

Já, munurinn er sá að á Íslandi er allt miklu persónulegra. Fólk tengist á einn eða annan hátt. Og er komið til að hjálpa hvert öðru. Tískuvikan hér úti og aðrir sambærilegir viðburðir eru svo ofsalega stórar framkvæmdir þar sem hver og einn hefur sitt hlutverk og fer ekki út fyrir það.

**Hvað er fram undan hjá þér?** Fram undan hjá mér núna er að skipuleggja haustdagskrána hjá stofnuni og svo er eitt skemmtilegt sjónvarpsverkefni í bígerð sem ég má ekki segja frá eins og er.






# ÞÓRUNN HÖGNA STOFNAR NÝTT VEFTÍMARIT

**Þórunn Högnadóttir, stílisti og blaðamaður, hefur stofnað nýtt veftímarit í samstarfi við ritstjóra NUDE Magazine, Jóhönnu Björgu. Tímaritið ber heitið NUDE Home og kemur út í ágúst.**

**Hvernig kom þetta verkefni til?** Ég hafði lengi látið mig dreyma um að fara af stað með lífsstílstímarit á netinu og þegar ég hætti hjá Húsum og híbýlum nýverið ákvað ég að slá til og láta þennan gamla draum verða að veruleika.
Jóhanna Björg Christensen hefur verið að gera frábæra hluti með NUDE Magazine og ég setti mig í samband við hana með hugmyndina. Við náðum strax ótrúlega vel saman og erum alveg búnar að vera á flugi síðan. Við erum komnar með frábært fólk í lið með okkur og það er óhætt að segja að það sé margt spennandi í vændum.

**Hverjar verða áherslur vefblaðsins?** Við ætlum að fjalla um allt sem viðkemur heimilinu; við verðum með mörg innlit á falleg og áhugaverð heimili, fjöllum um þekkta hönnun og hönnuði, bendum lesendum okkar líka á skemmtilega verslanir, veitingastaði, vefsíður, blogg og fleira. Við munum leggja okkur fram við að miðla til lesenda öllu því nýjasta sem er að gerast í heimi hönnunar og arkitektúrs ásamt því að taka fyrir klassíska og velþekkta hönnun. Flottar uppskriftir af girnilegum mat og fleira matartengt efni verðu svo einnig að finna í blaðinu.

**Verður allt efni íslenskt?** Nei, við verðum líka með efni erlendis frá; innlit á erlend heimili, umfjallanir um trendsýningar úti í heimi og fleira áhugavert efni erlendis frá.

**Hvenær fer blaðið í loftið?** Fyrsta tölublað NUDE Home mun fara á netið í byrjun ágúst. Nýtt tölublað fer svo í loftið á tveggja mánaða fresti en við verðum líka með blogg á netinu þar sem nýtt og spennandi efni mun birtast reglulega í millitíðinni.

**Muntu halda áfram með frægu Skref fyrir skref þættina þín þar sem þú kennir eitt og annað nytsamlegt fyrir heimilið?** Já, ég kem til með að gera það. Í hverju tölublaði verður mikið af fjölbreytt efni, þar sem flikkað verður upp á húsgögn og fleira, enda finnst mér ótrúlega gaman að taka gömul húsgögn og hluti í gegn og gefa þeim nýtt líf.



Þórunn Högnadóttir og Jóhanna Björg Christensen ná vel saman og segja margt spennandi í vændum.

# SUMARIÐ ER KOMIÐ

## í The Pier!

THE PIER · A WORLD OF INSPIRATION · FOR YOUR HOME

Vorum að taka upp fullt af nýjum vörum!

Kertaljósakróna
15.900.-



Papasan stóll
til í fleiri litum
frá 19.900.-
með pullu





Útistyttur verð frá 8900.- stk.

ÞOLIR AÐ VERA ÚTI Í ALLT AÐ -15° GRÁÐUM



Nýjar luktir!
Verð frá 990.- stk.

Polirattan sófi
39.900.-



Polirattan stóll
29.900.-

Sumarblóm verð frá 590.- stk.



Falleg Polirattansett
sem þola að vera úti í allt að -15 gráðum!
Eigum einnig borðsett úr Polirattan.

Nýir speglar
13.590.-



15.900.-

Ný sending af flottum púðum



3 fyrir 2

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



„Allt frá því að við opnuðum Gló er mikið búið að biðja okkur um að koma i Hafnarfjörð. Við höfum átt fullt í fangi með að byggja upp Gló á Engjateig og látið þar við sitja. Þegar okkur bauðst síðan að koma í þetta fallega húsnæði í Hafnarfirði þá ákváðum við að slá til enda Engjateigurinn sprunginn,“ segir Solla Eiríks sem opnaði ásamt Elíasi Guðmundssyni nýjan veitingastað í Hafnarborg í Hafnarfirði.



Krummi, Elsa Dóra og dóttir þeirra.



MYNDIR/ELLÝ OG KOLBRÚN

# GÓÐAR VINKONUR

„Við Dorrit eigum fallega vináttu. Við kynntumst á Gló. Hún kom til að fá sér að borða og við tókum tal saman. Það var eins og við hefðum alltaf þekkst. Það sýndi sig fljótlega að við höfum báðar áhuga á svipuðum hlutum, lífrænni ræktun, hollu mataræði, að gera Ísland sem sjálfbærast með meiru. Hún hugsar mjög vel um sig og elskar hollan og góðan mat. Hún elskar matinn á Gló og borðar þar mjög oft. Mér finnst Dorrit ein skemmtilegasta og mest sjarmerandi manneskja sem ég hef kynnst. Hún er eldklár, sérlega vel gefin og þér leiðist aldrei í hennar félagsskap. Hún kemur eins fram við alla, hefur mikla útgeislun og lætur fáa ósnortna. Hún elskar Ísland og öll sú ómetanlega landkynning sem hún hefur staðið fyrir verður ekki metin til fjár. Ég hef aldrei kynnst manneskju sem elskar lífið og mannfólkið á jafn einlægan og fordómalausan hátt. Þar hefur hún verið mér mikill innblástur,“ segir Solla Eiríks um vinkonu sína Dorrit Moussaieff sem mætti á opnun hjá Gló í Hafnarfirði til að fagna með Sollu.

› Sjá nánar á visir.is/lifid



Hildur Edda Hilmarsdóttir og Auður Hermannsdóttir Englund voru glæsilegar.



Auður, Hildur Sif, Sigurrós, Elías og Ólöf safnstjóri í Hafnarborg.


## CLINIQUE KYNNIR:




BB kremið frá Clinique sem margir hafa beðið eftir og var valið besta BB kremið 2011 er komið í verslanir. Kremið yngir húðina og inniheldur „primer“ sem vinnur á húðinni og sléttir fínar línur og hrukkur á augabragði. Auk þess dregur BB kremið úr misfellum og vinnur vel á örum. Felur einnig roða og háræðaslit.




## HAMINGJUHORNIÐ

### Hera Björk Þórhallsdóttir, söngkona

## HUGLEIÐIR OFT Í FLUGI

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Mér finnst óskaplega gott að fara út að ganga en það sem veitir mér fullkomna hamingju og ró er að skella mér í garðinn eða bílskúrinn og dúlla mér.

**Hvernig hleður þú batteríin?** Ég hleð batteríin úti í náttúrunni og þá helst á litla „Southforkinu“ okkar fyrir norðan. Þar get ég skottast um heilu og hálfu dagana drullug upp fyrir haus í sumarkjól, lopasokkum og gúmmískóm. En svo er fólkið mitt og vinir alveg ómetanleg „hleðslutæki“.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég veit að ég er það sem ég hugsa þannig að ég reyni að beina huganum og athyglinni í réttan farveg á hverjum degi. Auðvitað gengur það misvel dag frá degi en æfingin skapar meistarann. Annars nota ég tímann vel þegar ég er á ferðalögum og nota hugleiðslu oft þegar ég sit í flugvélum. Fæ yfirleitt mínar bestu hugmyndir einmitt upp í háloftunum.

**Viltu deila með okkur uppáhalds hamingjumolanum þínum/tilvitnun?** Mín uppáhaldstilvitnun og lífsmottó er: „Allt sem þú veitir athygli vex og dafnar, jafnt fegurstu blóm sem og illgresi.“ Hann Guðni meistari í RopeYoga Setrinu gaukaði að mér þessum sannleika rétt áður en ég fór til Danmerkur 2009 til að keppa í Eurovision fyrir þeirra hönd. Eins gaf hann mér aðra gjöf í formi visku þegar hann rétti mér blað með tilvitnunum frá þýska meistaranum Goethe sem enn hangir á ískápnum mínum! Þar stendur eftirfarandi: „Until one is committed, there is hesitancy - the will to draw back, always ineffectiveness“. Fyrir mér er þetta það sem lífið snýst um, að hika ekki



heldur heitbinda sig sjálfum sér og sínum, vinunum, vinnunni, heilsunni, ástinni og svo framvegis.

**Hvernig ræktar þú hjónabandið?** Þessu er auðvelt að svara: Ég veiti því alla mína athygli. Það er svo gott að elska, eins og meistari Bubbi sagði svo réttilega, að maður verður að stunda það af miklum móð með bros út um allt andlit.

**Og að lokum, helduðu að Gréta og Jónsi komist áfram í Eurovision?** Já, ekki efakorn í mínum huga að þau eiga eftir að fara áfram, og svo lengra ef út í það er farið. Ef vindáttirnar verða réttar þann 26. maí og þau ná að fanga Evrópu með ástríðu sinni og einlægni, þá held ég að við gætum alveg þurft að halda „Evrópumeistarakeppni lagahöfunda og flytjenda“ hér að ári. Sem sagt: Gleðilegt Eurovision og farsælt komandi ár.


LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarfið í draumalandinu

Kannt þú erlend tungumál?



Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

WWW.MK.IS

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ

VELKOMIN Á BIFRÖST

# Frumgreinanám

## - skilvirkur undirbúningur að háskólanámi



**Nám í frumgreinadeild er góð leið fyrir fólk sem hefur ekki lokið stúdentsprófi, eða verið frá námi í langan tíma, til að bæta grunnmenntun sína áður en ráðist er í háskólanám.**

Boðið er upp á lánshæft fjar- og staðnám. Staðnám fer fram með fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnum. Kennsla í fjarnámi er í formi fyrirlestra sem eru aðgengilegir á námsvef skólans. Vinnuhelgar eru í hverju námskeiði þar sem nemendur hitta kennara og samnemendur. Frumgreinanámið hefur hlotið mikið lof á meðal nemenda.





Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# MARGRA MÁNAÐA UNDIRBÚNINGUR FYRIR ÞRJÁR MÍNÚTUR



**Söngkonan og lagasmiðurinn Greta Salóme sem lærði á fiðlu aðeins 4 ára gömul flytur lagið „Never Forget“ ásamt fylgdarliði í Bakú í undanriðli Eurovision þann 22. maí næstkomandi. Hún ræðir í einlægni um stuðning fjölskyldunnar og hennar upplifun á spennandi ævintýri sem bíður hennar.**

### GRETA SALÓME

**ALDUR:** Ég er 25 ára.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambandi með Elvari Þór Karlssyni.
**FJÖLSKYLDA:** Á eina systur.
**LÍFSMOTTÓ:** You are what you repeatedly do. Excellence therefore is not an act but a habit. - Aristóteles
**FRAMTÍÐIN:** Ég ætla mér að halda áfram að semja og flytja mína eigin tónlist. Stefni að plötuútgáfu í haust með Senu og hlakka mikið til að leyfa fólki að heyra meira af efninu mínu. Mitt helsta markmið er að halda áfram að þroskast sem tónlistarmaður og einstaklingur.

**Hver er konan?** Ég er fiðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands en einnig söngkona og lagasmiður.

**Nú ert þú aðeins 25 ára gömul. Hvernig hefur tónlistarlegu uppeldi þínu verið háttað ?** Ég byrjaði í Suzuki tónlistarnámi þegar ég var 4 ára gömul og lærði á fiðlu. Þegar ég var svo 14 ára gömul fór ég í Tónlistarskólann í Reykjavík og þaðan í Listaháskóla Íslands og Stetson University og útskrifaðist með bachelorgráðu árið 2008. Ég hóf svo mastersnám í tónlist árið 2010 og er að útskrifast nú í vor.

**Hver er fyrirmynd þín?** Ég á svo margar fyrirmyndir. Ein af mínum helstu fyrirmyndum í dag hvað varðar tónlist er Adele. Hún er óhrædd við að fara sínar eigin leiðir og fylgir sinni sannfæringu sem ég ber mikla virðingu fyrir.

**Hverjir eru áhrifavaldar í lífi þínu?** Mamma mín hefur verið mikill áhrifavaldur í mínu lífi. Hún hefur kennt mér þau gildi sem ég hef viljað tileinka mér, sérstaklega hvað varðar lífsviðhorf. Aðrir áhrifavaldar í mínu lífa hafa einkum verið fiðlukennararnir mínir og þar eru tvær mjög sérstakar konur. Það eru þær Lilja Hjaltadóttir sem kenndi mér að spila frá hjartanu og svo Guðný Guðmundsdóttir sem tók mig í gegn sem fiðluleikara og færði spilamennskuna mína á miklu hærra plan en hún var á. Fyrir þetta verð ég þessum konum ævinlega þakklát.

**Framlag Íslands Never Forget sem þið flytjið í undanriðli Eurovision þann 22. Maí – hvernig urðu lag og texti til?** Sagan á bak við lagið er mjög sérstök. Ég var búin að vera í tíu daga tónlistarvinnubúðum í Skálholti haustið 2010 og var mjög innblásin af íslenskri þjóðlagatónlist og algjörlega uppveðruð eftir þetta námskeið sem var á vegum mastersnámsins sem ég er í. Þegar ég kom heim settist ég við hljómborðið mitt og byrjaði að vinna í lagi sem hafði kviknað hjá mér í Skálholti. Lagið formaðist frekar fljótt og var Skálholt alltaf í huganum mínum. Ég leyfði mömmu svo að heyra það og hún spurði mig strax hvort lagið væri um söguna af Ragnheiði Brynjólfsdóttur og Daða Halldórssyni sem gerðist einmitt í Skálholti. Ég þekkti hana ekki en mamma lét mig fá bók með sögunni. Ég varð heltekin af henni og kláraði lagið með þau í huga. Það má eiginlega segja að sagan þeirra hafi komið til mín áður en ég las hana. Fyrir mér var þetta allt mjög sérstakt og ég fann mikla samsvörun í sjálfri mér og Ragnheiði. Mér fannst ég næstum þekkja hana persónulega og eftir því sem lagið þróaðist því sannfærðari var ég um að sagan þeirra hafi verið kveikjan af laginu þó svo ég hafi ekki þekkt hana. Í Skálholti er svo mögnuð saga sem skilur engan eftir ósnortinn, jafnvel þó við þekkjum hana ekki.

**Hvernig hefur undirbúningur fyrir Eurovision-keppnina gengið?** Frábærlega. Við mættum á svið á fyrstu æfingu á sunnudagsmorgun eftir 18 klukkutíma ferðalag og tveggja tíma svefn. Æfingin gekk vonum framar og við gripum andann á lofti þegar við sáum grafíkina í atriðinu okkar. Ég fékk þessa sömu tilfinningu og þegar ég sá myndbandið af laginu í fyrsta skiptið. Það eru ótrúlega sterk íslensk áhrif sem eiga pottþétt eftir að skila sér heim í stofu til Íslendinga og vonandi fylla þá af sama þjóðarstolti og ég fann fyrir þegar ég sá þetta. Eftir æfinguna höfum við fengið frábær viðbrögð og allir virðast mjög spenntir að sjá hversu langt lagið fer. Það eina sem við getum gert er að gera okkar allra besta og reyna að gera landa okkar stolta.

**Hverja telur þú vinningsmöguleika ykkar vera í keppninni?** Það er ómögulegt að segja. Við höfum mikinn meðbyr sem er frábært en í rauninni er eina markmiðið akkúrat núna að reyna að komast upp úr fyrri riðlinum og endurmeta stöðuna eftir það.

**Hver er sérstaða íslenska hópsins?** Sérstaðan okkar er held ég sú að við erum með þjóðlegt lag sem við teljum vera íslenskt en Austur-Evrópuþjóðirnar grípa líka og finna eitthvað pínulítið af sinni tónlist í laginu líka. Það er smá alþjóðlegur „þjóðlagablær“ á laginu.

**Nú eruð þið önnur á svið í Bakú á þriðjudaginn kemur. Hvernig leggst það í ykkur?** Í okkar tilfelli tel ég það bara vera jákvætt. Lagið á undan okkur er mjög sérstakt og ég held að íslenska lagið verði fínt á eftir því. Á eftir okkur koma svo Grikkir með Euro-pop lag. Þannig að við erum á milli tveggja laga sem eru mjög ólík okkar lagi sem verður að teljast jákvætt.

**Hvað ætlið þið að leggja áherslu á þegar þið stigið á svið fyrir Íslands hönd?** Áherslan er á að flytja lagið vel og reyna að koma kraftinum í laginu sem á upptök sín á Íslandi til skila. Þessi íslenski drifkraftur á að skila sér. Við höfum meira að segja oft vitnað í orðið skriðjökull og sagt að við ætlum að vera eins og skriðjöklar á sviðinu.

**Hvernig styður Elvar unnusti þinn þig?** Elvar styður mig á svo fallegan hátt. Hann er kannski ekki

## EUROVISION-HÓPUR GRETU




**Rebekka Ingimundardóttir:** Búningahönnuður og leikstjóri | **Sunna Rán S**
stjóra | **Þórhildur Örvarsdóttir:** Raddþjálfari | **Nína Kristjánsdóttir:** Hárgre
Svo er fullt af frábæru fólki frá RÚV sem leiðir okkur í gegnum allt ferlið








**stefánsdóttir:** Aðstoðarmanneskja leik-
eiðsla | **Eygló Ólöf Birgisdóttir:** Förðun
ð hérna og hjálpar okkur út í eitt.

gaurinn með fánann fremst, en hann er frekar á hliðarlínunni og fylgist með öllu og er alltaf til staðar þegar ég þarf á honum að halda. Hann kemur hingað út á morgun og verður með mér í gegnum þetta allt. Við erum í góðri þjálfun við að styðja hvort annað.

**Eru pabbi þinn og mamma dyggir stuðningsmenn þínir?** Já þau eru það og hafa verið frá því að ég var krakki. Þau hafa mætt á nánast hverja einustu tónleika mína frá því að ég byrjaði að spila. Mamma er búin að vera úti á Spáni síðan í janúar og það hefur verið skrítið að vera í þessu öllu saman á meðan hún er fjarverandi en hún kemur ásamt pabba og Elvari hingað til Bakú. Það verður þvílíkur stuðningur að fá þau öll.

**Þú hefur verið óhrædd að leyfa hjarta þínu að vera opið – eins og þegar þú sigraðir felldir þú tár og líka þegar þú sást myndbandið ykkar við lagið í fyrsta sinn táraðist þú að sama skapi. Þetta er góður eiginleiki í fari þínu og sjaldséður. Hvað veldur að þú ert með opna hjartastöð og óhrædd**

Framhald á síðu 8

## LÍFSSTÍLLINN

### ER FORFALLINN CROSSFITTARI SEM LIFIR OG HRÆRIST Í TÓNLIST

**Heimasíðan:** www.gretasalome.com.

**Tímaritið:** Crossfit Journal.

**Snyrtivörurnar:** Mac!

**Hvernig sinnir þú andlegu hliðinni:** Ég rækta trúna mína.

**En líkamlegu hliðinni:** Ég æfi Crossfit.









Hann er karlmannlegur með kraftmikla rödd, segir Greta um Jónsa.






## Framhald af síðu 7

**við að tjá þig svona?** Í þessu ákveðna tilviki með myndbandið og sigurinn þá voru viðbrögðin svona einlæg einfaldlega vegna þess að þetta verkefni fyrir mér er svo persónulegt. Mér þykir svo vænt um það og þegar ég sá svo myndbandið og að fólk hafi lagt sig svona vel og mikið fram við að gera lagið enn þá flottara og umgjörðina eins og hún var, þá gat ég ekkert annað en tárast. Ég held að ég sé opin manneskja en samt ekki þannig að ég flíki tilfinningum mínum hvar sem er. Sums staðar getur maður bara ekki haldið þeim leyndum, eins og þarna þar sem þú nefndir.

**Það hlýtur að vera álag að fara út með öllu þessu fólki og koma fram fyrir Evrópu. Hefur þú fengið það á tilfinninguna að þú kiknir undan álaginu?** Ég trúi því að orð hafi mátt og að maður megi einfaldlega ekki leyfa sér að hugsa þannig. Allar hugsanir sem beinast að sviðinu og framkomunni eiga að vera uppbyggjandi og jákvæðar og ég er fullviss um að við eigum eftir að skila þessu eins vel og við mögulega getum af okkur. Ég vil frekar hugsa þetta svona: Þvílík forréttindi eru það að fá að koma fram á þessu sviði og flytja lagið mitt fyrir alla Evrópu í þessu frábæra umhverfi. Þessi hugsun vekur upp tilhlökkun fyrir flutningnum sem er einmitt það sem maður þarf.

**En hver er styrkur þinn?** Styrkurinn minn liggur í trúnni minni og öllu því frábæra fólki sem er með mér hér.



Greta er einlæg og dugleg og hefur góðan stuðning fjölskyldunnar á bak við sig.

**Ertu örlagatrúar?** Nei ég er sennilega minnst örlagatrúaða manneskja sem finnst. Ég trúi á undirbúning og vinnu og að það skili manni því sem maður vill uppskera. Hlutirnir gerast sjaldnast af sjálfu sér og ég vil aldrei stóla á neitt annað en að undirbúningurinn skili því sem honum hefur verið ætlað.

***Af hverju ákvaðst þú að velja Jónsa sem syngur með þér?*** Jónsi passar svo vel í hlutverkið. Hann er karlmannlegur með kraftmikla rödd sem er einmitt það sem ég vil í lagið.

***Hvernig hefur samstarf ykkar Jónsa verið?*** Mjög gott. Jónsi er orkumikill og alltaf til í að gera meira og vinna meira. Það er mjög góður eiginleiki hjá þeim sem þarf að vinna mikið með mér.

**Hvað hefur komið þér mest á óvart í undirbúningnum?** Það hefur komið mér á óvart fyrst og fremst hvað þetta er svakaleg vinna. Lagið tekur þrjár mínútur en það fara margir mánuðir í að undirbúa það. En þetta hafa verið mjög skemmtilegir og lærdómsríkir mánuðir.

**Íslenska þjóðin mun fylgjast náið með ykkur á þriðjudaginn – hvaða skilaboð viltu færa henni fyrir stóra kvöldið?** Vonandi munu allir eiga frábært kvöld og við reynum eftir okkar fremsta megni að gera ykkur eins stolt og við erum að koma fram fyrir Íslands hönd.

**Eitthvað að lokum?** Ég vil þakka öllu fólkinu sem er að senda okkur hlýjar og jákvæðar kveðjur. Við metum það mikils. Ég vil einnig þakka nokkrum aðilum sem hafa stutt okkur í gjöfum og lánum: Vodafone fyrst og fremst, Gyðju Collection, Sign skartgripum, Dúkkuhúsinu, Halldóru, Hugin Munin, Zolo Design, Kultur Men, NTC, Orublu, L´oreal og Ölgerðinni.




IPMA Registered Education Programme DK



# Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun



**Heil og sæl.** Námið Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun sem kennt hefur verið við Endurmenntun Háskóla Íslands undanfarin ár hefur flutt aðsetur sitt yfir til Opna Háskólans í Háskólanum Reykjavík. Námið er þróað af Nordica ráðgjöf *(www.ncg.is)*. Það hefur hlotið skráningu hjá Alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga (IPMA). Heiti námsins á ensku er *Transparent Leadership and Sustainable Project Management*. Við bjóðum bæði fyrrum og tilvonandi nemendur okkar velkomna á okkar nýja vettvang við Háskólann í Reykjavík. Við viljum einnig nota tækifærið og þakka Endurmenntun Háskóla Íslands og starfsfólki hennar fyrir gott og gjöfullt samstarf!

Fjögur námskeið:
**Leiðtogafærni - Samskiptafærni - Stefnumótunarfærni - Skipulagsfærni**
Samnefndar bækur hafa komið út á undanförnum mánuðum hjá **JPV útgáfunni.**
Bækurnar eru innifaldar í námsgjöldum.

**Frambjóðendur til embættis Forseta Íslands eru velkomnir til okkar í HR að þiggja eintök af bókunum að gjöf.**

Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason




Nordica ráðgjöf ehf.
Nordica Consulting Group

**Skráning og nánari upplýsingar**
**www.opnihaskolinn.is**
**eða hafðu samband við okkur í síma 599 6300**

Beinn tengill á síðuna er: **www.opnihaskolinn.is/fagmennt/namsbrautir/verkefnastjornun---leidtogathjalfun/**

Ath! fyrri umsóknarfrestur er til 5. júní – öllum umsóknum sem hafa borist fyrir þann tíma verður svarað í júní.

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK


Tinna Brynjólfsdóttir, Ásta Pétursdóttir, Anna Eiríksdóttir, Helga Lind Björgvinsdóttir og Ágústa Johnson.


Það ríkti góður andi í boðinu.


Guðrún Skúladóttir, Elva Rut Erlingsdóttir og Guðrún Edda Einarsdóttir.

BLÁA LÓNIÐ FAGNAR NÝRRI VÖRU

# SUMARSTEMNING

**Nýr Blue Lagoon þörungamaski var kynntur í Hreyfingu þar sem fjöldi kvenna mætti til að forvitnast um maskann sem er byggður á háþróaðri formúlu. Góð stemning var í boðinu.**


Ragnheiður Ragnarsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, Helga Viðarsdóttir, Edda Sólveig Gísladóttir.

› Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid


Thelma Dögg Pedersen, starfsmaður i Blue Lagoon Spa ásamt gesti.


Guðrún Skúladóttir og Ása Björg Tryggvadóttir.

# SPENNANDI SUMARDAGSKRÁ

**Sumardagskrá Stöðvar 2 var kynnt á Hótel Borg í vikunni. Mætingin var góð og viðtökurnar frábærar.**


Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, stúpdóttir hennar Lilja Karítas, 4 ára, og Pétur Rúnar unnusti Unnar.

SPENNANDI SUMARDAGSSKRÁ STÖÐVAR 2


Rikka og vinkona hennar Svana.


Rannveig og Svansí skemmtu sér konunglega.


Unnur Steinsson var brosmild.

MYNDIR/SIGURJÓN RAGNAR

HÓTEL- OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINANÁM

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Hvað er í matinn?

Matsveinanám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum og litlum mötuneytum.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ



WWW.MK.IS
Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000




# Fréttablaðið er mest lesið

Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup fyrir janúar til mars sýnir sterka stöðu Fréttablaðsins meðal fólksins í landinu, sem langmest lesna blaðið. Til dæmis lesa rúmlega 69% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins – meira en tvöfalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflegur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

| 18-49 ára | Höfuðbsv. | Landið allt | 12-80 ára | Höfuðbsv. | Landið allt |
|---|---|---|---|---|---|
| Fréttablaðið | 69,3% | 57,8% | Fréttablaðið | 73,5% | 60,1% |
| Morgunblaðið | 27,5% | 27,1% | Morgunblaðið | 34,5% | 33,6% |
| DV | 8,1% | 7,8% | DV | 11,1% | 10,6% |
| Fréttatíminn | 48,4% | 35,5% | Fréttatíminn | 54,5% | 40,7% |
| Finnur.is | 32,0% | 25,4% | Finnur.is | 41,5% | 31,9% |
| Monitor | 21,4% | 20,3% | Monitor | 23,0% | 22,0% |
| Viðskiptablaðið | 9,5% | 8,1% | Viðskiptablaðið | 10,7% | 9,2% |

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Janúar til mars 2012, meðallestur á tölublað.




Allt sem þú þarft...

Lífið

# BLESS RITGERÐ

Stoltir háskólanemendur sem hafa verið að skila inn lokaritgerðum sínum undanfarna daga hafa ekki undan við að deila hamingjufærslum á samskiptavefnum facebook.com.

„Komin í land // bless ritgerð // örlítið lúin eftir lokasprettinn // það tókst! // betra aðeins of seint en ekki // húrra // þetta voru statusarnir sem mig langaði að deila með ykkur á þessum tímamótum þegar ritgerð hefur verið skilað,“ skrifar Elva Dögg Melsteð meðal annars glöð í bragði með sín tímamót en hún er að ljúka námi í HR.



## HELGARMATURINN



**Nína Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari býr í Lúxemborg með fjölskyldu sinni. hún nýtur þess að elda góðan mat og býður hér upp á dýrindis uppskrift fyrir helgina.**

**Nautalundir í litlum sneiðum með súkkíni og blaðsalati.**

600 g nautalundir, skornar í 1 cm þykkar sneiðar
1-2 súkkíni, skorið í sneiðar
1 lítið eggaldin, skorið í sneiðar

1 höfuð eikarlauf, skolað vel í ísköldu vatni og þerrað
1 dl kryddaðar ítalskar ólífur
4 msk. þurrristaðar furuhnetur
2 msk. nýrifnar flögur af parmesan-osti.

1 1/2 dl jómfrúarólífuolía
1 msk. balsamík-edik
1 búnt ferskt basilika
2 hvítlauksgeirar
1 tsk. rifinn sítrónubörkur
salt og svartur pipar úr kvörn.

Steikið nautalundarsneiðarnar eldsnöggt á rifflaðari pönnu eða útigrilli

Saltið og piprið

Veltið súkkíní og eggaldinsneiðunum upp úr jómfrúarolíu og steikið á sama hátt og saltið og piprið.

Rífið niður eikarlaufsalatið og látið í skál.

Takið fjórar matskeiðar af jómfrúarolíu og hrærið saman við eina matskeið af balsamíkó-edikinu. Saltið og piprið. Hellið þessu yfir salatblöðin og blandið vel saman. Látið salatið á miðjan disk eða á fat.

Raðið litlu nautasteikunum og súkkíní-bitunum umhverfis salatið. Setjið ólífur meðfram og á salatið. Látið sólþurrkuðu tómatana yfir. Stráið þurrristuðum furuhnetunum yfir salatið.

Látið basílíkublöðin, hvítlauksgeirana og sítrónubörkinn í kvörnina á litlu „töfrasprotamatarvinnsluvélinni“ og hakkið fínt. Hellið afganginum af jómfrúarólífuolíunni saman við og saltið og piprið eftir smekk.

Skvettið þessu fallega yfir litlu steikurnar, súkkíníið og eggaldinið og látið að síðustu nýrifnar parmesanflögur yfir allt.

Borið fram með brauði.




» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

### Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

### Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

### Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

### Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

### Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

### Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

### Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

### Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is






# Misstir þú af uppáhalds þættinum þínum?

**Smelltu þér núna inn á stod2.is og horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn hvar og hvenær sem þér hentar með Stöð 2 netfrelsi.**

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2. Njóttu þess að horfa á eftirlætisþættina þína og fjölbreytta afþreyingu í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni - **þegar þér hentar.**

SNJALLSÍMI | SPJALDTÖLVA | TÖLVA

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Óskum eftir íbúð til leigu.**
Reyklaust og reglusamt par frá Akureyri óskar eftir íbúð til leigu nálægt Háskóla Íslands. Við erum bæði í námi við HÍ og vantar íbúð frá og með 1. júní nk.hæ Sími: 849-5557, Árni Björn.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smiðir**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða.**
**Uppl. s. 821 9661 eða 659 9661.**

Vanur gröfumaður óskast, uppl í síma.694 3205

Employee wanted in a guesthouse 2 hour drive from Reykjavik from june 15 to 15 september. The job involves reception and housekeeping. Please send applications rs29@simnet.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.

Engin bið nema þegar talað er.


# Jarðvegsþjappa á „þjöppuðu“ verði

## PC 1442 Shatal jarðvegsþjappa

Stærð plötu: 400 x 550 mm
Þyngd: 80 kg
Mótor: Honda bensín 5,5 hö
Miðflóttaafl á plötu: 1400 kg
Mesti hraði áfram: 26 m/mín
Víbratíðni: 93 Hz




**189.900,-** m. VSK

(fleiri stærðir á lager)

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
– Afsláttur eða gott verð?

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is





Póstdreifing - Suðurhraun 1 - 210 Garðabær
Sími 585 8300 - www.postdreifing.is

## Sérhæfð vörudreifing

Við bjóðum upp á klæðskerasniðnar lausnir í vörudreifingu fyrirtækja. Hagstæð, örugg og gæðavottuð þjónusta.

**Hafðu samband til að fá nánari upplýsingar í síma 585 8300 eða 585 8330.**

Póstdreifing





# HREINLÆTISTÆKI

## MÚRBÚÐARVERÐ




VITRA Grand Scandinavia m. setu

**20.990,-**



SAFIR sturtusett

**1.995,-**

CERAVID baðkar 170x75 cm

**19.900,-**





VITA handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm

**14.890,-**

einnig fáanlegir í hvítu á enn lægra verði. Margar stærðir.

NAPOLI hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu ásamt stöng, barka og brúsu

**12.900,-**





CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara.

**35.990,-**



CERAVID WC upphengd skál
(seta ekki innifalin)

**6.990,-**



OVA handlaug 35x45 cm

**3.900,-**



NAPOLI handlaugartæki

**2.990,-**



6 mm Hert öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm

**29.900,-**



Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm

**11.990,-**



Bol-871 48cm þvermál
þykkt 0,8mm

**6.990,-**

AGI- Eldhústæki

**3.990,-**





Látúns sturtubarki 1,5m

**790,-**



NAPOLI hitastýrt sturtusett

**26.900,-**



MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni og vatnslás (einnig til 80x80)

**22.900,-**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**123** **GUNNAR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR (1889-1975),** fæddist á þessum degi fyrir 123 árum.

*„Þegar best lætur er mannkynið aðeins illa siðmenntuð apahjörð.“*

## Merkisatburðir

1756 Sjö ára stríðið hefst þegar Bretland lýsir yfir stríði á hendur Frökkum.

1908 Rannsóknarskipinu Pourquoi-Pas? var hleypt af stokkunum í Saint-Malo í Frakklandi. Það strandaði síðar á Íslandi.

1920 Sambandslögin frá 1918 voru staðfest með breytingum á stjórnarskrá.

1978 Selfoss fékk kaupstaðarréttindi.

1980 Eldfjallið Sankti Helena gaus í Washingtonfylki. 57 létust í sprengigosinu og tjónið var metið á þrjá milljarða dollara.

1989 Verkfalli Bandalags háskólamanna lauk og hafði það staðið í sex vikur og valdið mikilli röskun á skólastarfi og fleiru.

1990 Alþjóðaheilbrigðisstofnunin fjarlægir samkynhneigð af lista yfir geðræna kvilla.

2004 Massachusetts verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að heimila hjónavígslur samkynhneigðra.

2006 Silvía Nótt söng fyrir hönd Íslands í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

**ÞETTA GERÐIST:** 18. MAÍ 1989

## *Milljónir mótmæla í Kína*

Kínverjar, einkum námsmenn, hófu friðsamleg mótmæli í upphafi ársins 1989 og kröfðust lýðræðislegra umbóta. Mest fór fyrir mótmælunum á Torgi hins himneska friðar í miðri Peking en þar komu námsmenn sér fyrir og fóru í mótmælasvelti. Á þessum degi lagðist almenningur fyrir alvöru á sveif með námsmönnunum og milljónir manna fjölmenntu á götum úti með fána og skilti og hrópuðu slagorð gegn æðstu ráðamönnum landsins. Þetta voru alvarlegustu og umfangsmestu mótmæli í sögu Kína frá því kommúnistar tóku við völdum fjörutíu árum áður en allt fór þetta samt friðsamlega fram og börn og foreldrar sameinuðust í mótmælunum. Aðgerðirnar vöktu heimsathygli og þannig var til að mynda Gorbatsjov, Sovétleiðtogi, í opinberri heimsókn í Kína í maí en hún féll að miklu leyti í skugga mótmælanna. Langlundargeð landsfeðranna var þó ekki meira en svo að í byrjun júní leystu þeir mótmælin á Torgi hins himneska friðar upp með vopnavaldi og ofbeldi. Fjöldi manns féll í aðgerðunum og 10.000 manns voru handteknir í blóðbaðinu á Torgi hins himneska friðar.



## AFMÆLISBÖRN



Ólafur R. Dýrmundsson ráðunautur er 68 ára í dag.



Ingibjörg Hjartardóttir rithöfundur er 60 í dag.



Þórunn Guðmundsdóttir söngkona er 52 ára í dag.



**VALHÚSASKÓLI** Náttúrugripasafn Seltjarnarness er til húsa í Valhúsaskóla. Það fagnar 30 ára afmæli nú um mundir.

# Náttúrugripasafnið er 30 ára

Í tilefni af 30 ára afmæli Náttúrugripasafns Seltjarnarness verður safnið opið almenningi á laugardaginn, frá klukkan 13 til 17.

Safnið er til húsa í Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi og geymir einstæða gripi sem áhugavert er að skoða.

Einnig verður í Valhúsaskóla sýnd myndin Lífríki í landi Seltjarnarness sem Kvik hf. kvikmyndagerð vann fyrir menningarnefnd fyrir nokkrum árum.

Boðið er upp á fuglaskoðunarferð undir leiðsögn Jóhanns Óla Hilmarssonar fuglafræðings. Lagt verður af stað frá Valhúsaskóla klukkan 14.

Á sama tíma verður málverkasýningin Án forskriftar eftir Sigurð K. Árnason opin, en hún var sett var upp á Bókasafni Seltjarnarness í tilefni afmælis Náttúrugripasafnsins.



**KARINA OG EDDA** Ólíkt hefðbundnu safnastarfi, þar sem markmiðið er yfirleitt að koma upp vænlegum efnislegum safnkosti, gengur Smástundarsafnið fyrst og fremst út á skráningu minninga og sögu – þess sem gefur gripunum gildi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ALÞJÓÐLEGI SAFNADAGURINN ER Í DAG: SMÁSTUNDARSAFN Á HÁSKÓLATORGI

# Sagan gefur safngripnum gildi

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag víða um heim. Í tilefni af því hafa safnafræðinemar við Háskóla Íslands stofnað svonefnt Smástundarsafn, sem verður opið milli klukkan 14 og 16 í Hámu á háskólatorgi. En hvað er Smástundarsafn?

„Smástundarsafn, eða „pop-up museum“, er mótvægi við hefðbundið safnastarf og gengur meira út á skrásetningu minninga og sögu en söfnun efnislegra hluta“ segir Karina Hanney Marrero, sem stendur að safninu ásamt Eddu Björnsdóttur. „Smástundasafnið er hins vegar tímabundið og byggir meira á sögunum á bak við hvern grip, sem er í raun það sem gefur mununum gildi.“

Smástundarsafnið byggir þannig alfarið á þátttöku gesta, sem færa safninu muni sem tengjast tilteknu þema og segja söguna á bak við gripinn.

„Þemað í dag verður frí,“ segir Karina. „Við biðjum því fólk að koma með hvaða hlut sem er sem það tengir af einhverjum ástæðum við frí og hafa til sýnis á safninu. Við biðjum fólk jafnframt um að skrá söguna á bak við gripinn í stuttu máli. Að lokinni sýningu fá gestirnir gripinn aftur en mynd af honum og sagan á bak við hann birtist á heimasíðunni okkar.“

Smástundarsafnið er að erlendri fyrirmynd. „Þetta er mjög heppilegt konsept að því leyti að það krefst ekki mikillar yfirbyggingar,“ segir Karina. „Þetta er líka mjög hentug aðferð til að takast á við ákveðin samfélagsleg málefni, til dæmis samkynhneigð eða stéttaskiptingu. „Með því að gefa persónulegum frásögnum aukið vægi myndast samræðuvettvangur fyrir gesti safnsins, þar sem þeir fá tækifæri til að deila minningum og sögum tengdum ákveðnum hlutum. Útkoman verður því mögulega allt önnur en nokkurn tímann í hefðbundnu safni.“

Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem Smástundarsafn með þessu sniði er sett á laggirnar hérlendis en Karina segir vel koma til greina að endurtaka leikinn.

„Við vonum að það verði framhald á þessu, það væri gaman að halda aðra sýningu í sumar eða haust út frá einhverju öðru þema. Við ætlum fyrst að sjá hvernig viðbrögðin verða,“

Sýningin er öllum opin og Karina hvetur sem flesta til að líta við, jafnvel með mun sem tengist fríi með einhverjum hætti.

„Það getur verið gripur úr tjaldútilegu, staup úr útskriftarferð, brottfararspjald – hvað sem er. Komið endilega við og segið söguna á bak við gripinn.“

Hægt er að fylgjast með afrakstri dagsins á heimasíðu Smástundarsafnsins, smastundarsafnid.wordpress.com.

bergsteinn@frettabladid.is

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og bróður,

**GUÐBJARTS RAFNS EINARSSONAR**
**skipstjóra og útgerðarmanns,**
**Lönguliínu 2B, Garðabæ.**

**Anna Sigurbrandsdóttir**
**Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir** **Ingi Jóhann Guðmundsson**
**Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir** **Steinar Ingi Matthíasson**
**barnabörn**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Sigurður Einarsson**
**Stefán Einarsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.


HJÓLAHÁTÍÐ
FÖSTUDAG-LAUGARDAG-SUNNUDAG
18.-20. maí
20% afsláttur
á öllum Univega reiðhjólum
Að auki fylgir aukahlutapakki öllum fullorðins-reiðhjólum þessa helgi (hraðamælir, lás, brúsi og brúsastatif)
Reiðhjólahjálmur fylgir öllum barnahjólum.
OPIÐ:
Föstudag 10-18
Laugardag 10-17
Sunnudag 13-17
Við erum flutt í stærra og betra húsnæði að Dalshrauni 13
- við hliðina á American Style
GT Bicycles
UNIVEGA
FOCUS bikes
SCHWINN
Kalkhoff
VISA
Nýtt kortatímabil
MasterCard
Aukakrónur
Þú getur notað aukakrónur Landsbankans hjá okkur
Hjóla sprettur
VERSLUN OG VIÐGERÐIR
Hjólasprettur - Dalshrauni 13 - 220 Hafnarfjörður - Sími 565 2292 - www.hjolasprettur.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** tveir eins, **8.** fornafn, **9.** heiður, **11.** leita að, **12.** félagi, **14.** mjaka, **16.** samtök, **17.** til viðbótar, **18.** hamfletta, **20.** tveir eins, **21.** kúnst.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tísku, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** af, **7.** hindrun, **10.** regla, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** styrkur, **19.** spil.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** tt, **8.** mér, **9.** æra, **11.** gá, **12.** lagsi, **14.** fikra, **16.** aa, **17.** enn, **18.** flá, **20.** dd, **21.** list.

**LÓÐRÉTT: 1.** stæl, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** trafali, **10.** agi, **13.** ske, **15.** andi, **16.** afl, **19.** ás.






# Löngun í laumi

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**

Öldurnar er að lægja. Ég heyri minna og minna talað um þetta, varla eitt orð núna upp á síðkastið. Mér hlýtur að vera óhætt. Ég er ekki viss um að ég þurfi einu sinni að gera mér upp erindi, get bara skroppið ef mér sýnist. Þarf ekkert að kaupa neitt, þarf ekki að bráðvanta neitt. Svona skreppiferð er orðin samfélagslega ásættanleg. Ágætt hvað Íslendingar eru alltaf fljótir að gleyma.



**MIG ER BÚIÐ** að langa lengi en hef haldið aftur af mér. Fylgdist bara í laumi með fréttum af múgæsing og mannmergð. Þetta var víst alveg svakalegt. Einhverjir höfðu mætt kvöldið áður og gist. Voru með heitt á brúsa og samloku í boxi og höfðu það fínt, ætluðu ekki að missa af neinu. Og gerðu það ekki. Það var víst hleypt inn í hollum og þeir hljóta að hafa komist fyrst inn. Þessu var lýst eins og rokktónleikum, útihátíð af bestu gerð. Eða verstu.

**FYRSTA DAGINN** heyrði maður alls konar sögur. Einhver hafði náð þremur, eða var það fimm á hjólatrilluna, áður en staflinn hafði klárast. Annar hafði náð að innrétta heilt einbýlishús fyrir sama verð og hann hefði getað innréttað litla skonsu fyrir annars staðar. Svona voru sögurnar. Allir höfðu heyrt eitthvað en enginn hafði samt verið þarna í eigin persónu. Viðurkenndi það allavega ekki. „Ert þú búinn að fara?“ var spurt glaðhlakkalega við kaffivélina og allir vissu samstundis við hvað var átt. Svarið var hlátursroka og ...„Ég? Nei, en bróðir mágs míns fór og hann ...“ Á Facebook átti fólk ekki orð yfir plebbaskapinn, hvað það væri hallærislegt að rjúka svona til og tæma úr hillunum, þó það væru rúnstykki í boði. Ég tók þátt í því: „Bara Lindex aftur. ha ha!“

**EN SVO** kom annað hljóð í strokkinn. Á öðrum degi fór fólk að tala um það á Facebook að reyndar vantaði það ákveðna tegund blómapotta. „Þeir fást víst bara þarna þannig að ...“ Fólk fór að segjast þurfa að sjá „herlegheitin“ með eigin augum. Við kaffivélina urðu menn öruggari með sig og viðurkenndu að vera jú búnir að fara. Sumir tvisvar.

**ÉG ÆTLA** að fara eftir vinnu í dag, færi í hádeginu ef þetta væri ekki svona langt. Ég veit ekkert hvað ég ætla að kaupa, hlakka bara rosalega til.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SUMAR TILBOÐ
GLÆSILEGUR NÝR 4BLS SUMARBÆKLINGUR
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNIS-KORTUM
MINNISKORT
Minniskort fyrir spjaldtölvur, myndavélar og síma í miklu úrvali, nú allt að 50% afsláttur
TILBOÐ
MIKIÐ ÚRVAL MINNISKORTA
NÝ SENDING
HLAÐIN NÝJUNGUM
8" ProTab2 XL
Ótrúlegt tilboð á spjaldtölvum í ölllum stærðum með alla nýjustu tækni ásamt Android 4.0 ICS
29.900
7" 19.900 • 10" 39.900
AÐEINS 9mm ÖRÞUNN OG FISLÉTT
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
ProTab2 IPS
Glæsileg spjaldtölva með einstökum 9.7" IPS fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, öll nýjasta tæknin, BT og Android 4.0 ICS
49.900
SMELLTU Á KÖRFUNA
4BLS NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
SPILAR HD 1080p H.264, MPEG4, MKV og fleira
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
ANDROID
7" SPJALDTÖLVA
Spjaldtölva fyrir leiki, tónlist, kvikmyndir, internetið og tölvupóstinn með Android 2.3
14.900
ENN BETRA VERÐ!
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA

# menning

menning@frettabladid.is



**PLATAN LEYFÐU LJÓSINU** eftir Hildi Guðnadóttur kemur í verslanir í dag. Leyfðu ljósinu er tónverk sem tekið var upp í Music Research Centre við Háskólann í York síðastliðin janúar af Tony Myatt en útgáfufélagið Touch gefur það út. Ekkert var átt við upptökurnar eftir flutninginn. Hildur Guðnadóttir er sellóleikari og tónskáld og er búsett í Berlín. Undanfarin ár hefur hún unnið með allskyns tónskáldum og listamönnum og verið meðlimur í fjölmörgum hljómsveitum, þar á meðal múm og Stilluppsteypu.





**FERÐALAG** Í verkinu Á vit ... ferðast dansarar Íd um Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Íd og GusGus bjóða til veislu

**Sýningin Á vit … verður frumsýnd í kvöld. Í henni leiða GusGus og Íslenski dansflokkurinn saman hesta sína. Ásgeir Helgi Magnússon dansari í Íslenska dansflokknum segir samstarfið mikið ævintýri.**

„Þetta hefur verið ágætis skóli í diplómatískum aðferðum, við erum níu dansarar í Íslenska dansflokknum og höfum öll okkar mismundi skoðanir,“ segir Ásgeir Helgi Magnússon dansari í Íslenska dansflokknum (Íd) og einn höfundar dansverksins Á vit … sem frumsýnt verður í Hörpu í kvöld. Verkið er samið af dönsurum dansflokksins og hljómsveitinni GusGus en það er sýnt í samstarfi við Hörpu og Listahátíð í Reykjavík.

Ásgeir Helgi segir hugmyndina eiga rætur sínar að rekja til Katrínar Hall, forstöðumanns og listræns stjórnanda flokksins. „Dansflokkurinn sýnir vanalega í Borgarleikhúsinu og hana langaði til þess að við færum annað og í samstarfi við Gusgus. Þá kviknaði sú hugmynd að sýna í Hörpu og það varð úr.“

> Svo höfum við verið dugleg að fylgjast með og bæta við þegar við erum ekki að dansa sjálf.
>
> ÁSGEIR HELGI MAGNÚSSON

Fljótlega var ákveðið að vinna út frá hugmyndinni um partý eða veislu. Ásgeir segir að GusGus og dansflokkurinn hafi fundað reglulega en unnið þess á milli að sínum hluta verksins. „Þetta hefur verið mjög skemmtilegt ferli, við höfum öll skemmt okkur hrikalega vel. Og samstarfið hefur verið meira en ég bjóst við. Þeir hafa tekið hugmyndir frá okkur og fært yfir í tónlist og við unnið með tillögur frá þeim.“

Ásgeir segir Katrínu Hall hafa verið listrænan ráðgjafa dansaranna. „En svo höfum við verið dugleg að fylgjast með og bæta við þegar við erum ekki að dansa sjálf og þannig hefur verkið smám saman þróast.“

Fleiri listform en dans og tónlist eru hluti sýningarinnar því frumsýndar verða stuttmyndir Reynis Lyngdal og Katrínar Hall. Þá er þess að geta að Aðalsteinn Stefánsson sér um umgjörð verksins og leikmynd en Filippía Elísdóttir og Ýr Þrastardóttir sjá um búninga.

Þrjár sýningar verða á verkinu, sú þriðja er aukasýning sem bætt var við vegna mikillar eftirspurnar.

sigridur@frettabladid.is




# SVEFNSÓFAR

frábær tilboð dagana - 18.- 25. maí

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**143.980**

FULLT VERÐ: 179.980



**MELBOURNE** svefnsófi. B:242 D:91/168 H:85.
Dýna: 147x200 cm. Dökkgrátt áklæði.

TILVALIÐ Í SUMAR-BÚSTAÐINN

**95.992**

FULLT VERÐ: 119.990



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**ALICIA** svefnsófi. B:164 D:85 H:90.
Dýna: 135x200 cm. Grátt microfiber áklæði.

## RÝMINGARSALAN Á LA-Z-BOY HELDUR ÁFRAM

Rýmum fyrir nýrri sendingu af La-z-boy!



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**65.994**

FULLT VERÐ: 109.990

LA-Z-BOY

**AMITY** La-z-boy stóll. Brúnt, camel eða ljóst áklæði.
B:80 D:73 H:102 cm.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**160.993**

FULLT VERÐ: 229.990

LA-Z-BOY

**DEMPSEY** La-z-boy nuddstóll. Brúnt leðurlíki og ljóst áklæði.
B:90 D:100 H:103 cm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**71.994**

FULLT VERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

**MYSTIQUE** La-z-boy stóll. Ljóst áklæði.
B:92 D:79 H:104 cm.



NÚNA 40% AFSLÁTTUR

**131.994**

FULLT VERÐ: 219.990

LA-Z-BOY

**DECLAN** La-z-boy stóll. Performance dökkbrúnt leðuráklæði.
B:95 D:84 H:103 cm.



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

**71.994**

FULLT VERÐ: 119.990

LA-Z-BOY

**VENTURA** La-z-boy stóll.
Natur áklæði. B:91 D:85 H:107 cm.



NÚNA 20% AFSLÁTTUR

**95.984**

FULLT VERÐ: 119.980

LA-Z-BOY

**PINNACLE** La-z-boy stóll. Ljóst áklæði.
B:82 D:81 H:102 cm.

**0% VEXTIR** Húsgagnahöllin býður nú upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða MasterCard VISA

**HÚSGAGNAHÖLLIN** Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ** Virka daga 10-18 laugardaga 12-18 **SUNNUDAGA LOKAÐ.**



**24 MÁNUÐIR** eru síðan Ryan Seacrest byrjaði með dansaranum og raunveruleikastjörnunni Julianne Hough og er parið nú farið að íhuga að ganga upp að altarinu. Þrátt fyrir að vera bæði vön raunveruleikasjónvarpi vill hvorugt sjónvarpa frá brúðkaupinu ef af því verður.

# Cruise um Íslandsferðina



**MINNIST Á ÍSLAND** Tom Cruise minnist á Íslandsför sína í viðtali við Playboy. NORDICPHOTOS/GETTY

**Bandaríski leikarinn Tom Cruise minnist á væntanlega Íslandsheimsókn sína í viðtali við karlaritið Playboy. Cruise mun dvelja hér á landi í sumar við tökur á kvikmyndinni Oblivion í leikstjórn Josephs Kosinski.**

**„Ég man þegar ég vann við Taps að ég hugsaði með mér að ef ég gerði mitt allra besta gæti ég ef til vill unnið við leiklist út ævina. Nú er ég að verða fimmtugur og er enn að og það er fínt. Þann 3. júlí, afmælisdaginn minn, verð ég á Íslandi við tökur. Kona mín og fjölskylda skilja það, þetta er það sem ég geri. Ég hef eytt mörgum afmælisdögum á tökustað, og það hafa alltaf verið góðir afmælisdagar."**

**Oblivion segir frá hermanni sem sendur er til fjarlægar plánetu með það að markmiði að eyða verum sem þar búa. Leikstjórinn Joseph Kosinski á að baki kvikmyndir á borð við Tron: Legacy sem gerist einnig í framtíðinni.**



**GÓÐ TILÞRIF** Manfred Mann og félagar heilluðu gesti Háskólabíós á miðvikudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






# Manfred Mann's Earth Band

Tónleikar ★★★★☆

**Manfred Mann's Earth Band**
Háskólabíó

Það var þétt setinn bekkurinn þegar breska hljómsveitin Manfred Mann's Earth Band hóf leik sinn í Háskólabíói á miðvikudagskvöldið. Íslenskur strákarnir í Eldberg höfðu tekið nokkur lög í byrjun kvölds við ágætar viðtökur, en eins og oft vill verða með upphitunarbönd þá var hljómburðurinn frekar vondur þegar þeir spiluðu og flestir tónleikagestir farnir að bíða eftir aðalnúmeri kvöldsins þegar þeir luku sér af.

Manfred Mann og félagar byrjuðu á Bruce Springsteen-laginu Spirit In The Night. Þeir semja lítið sjálfir og fluttu eingöngu lög eftir aðra á tónleikunum, þar af fjögur eftir Springsteen og þrjú Dylanlög. Hljómsveitin breytir lögunum mikið og setur sinn stimpil á þau, lengir þau, bætir intrói framan við og brýtur þau upp með instrúmental köflum þar sem meðlimir sýna hvað þeir geta á hljóðfærin.

Manfred Mann's Earth Band var stofnuð árið 1971, en höfuðpaurarnir tveir eru báðir í hljómsveitinni í dag; hljómborðsleikarinn Manfred Mann og gítarleikarinn Mike Rogers. Þeir voru í aðalhlutverki á tónleikunum á miðvikudagskvöldið og skiptust á að taka sóló, en aðrir meðlimir sýndu fín tilþrif líka: bassaleikarinn Steve Kinch, trommuleikarinn Jimmy Copley og nýjasti meðlimurinn, söngvarinn Robert Hart.

Það er oft talað um nostalgíu þegar gamlar hljómsveitir troða upp. Fæstir tónleikagesta í Háskólabíói þekktu samt mörg lagganna sem voru flutt á fyrrihluta tónleikanna, eins og kom í ljós þegar Hart reyndi að fá salinn til að syngja með. Það var hins vegar auðvelt að hrífast af frammistöðu hljóðfæraleikaranna, ekki síst Rogers, og dást að útsetningunum, til dæmis á Springsteen-laginu Dancing in The Dark. Undir lok tónleikanna komu smellirnir hinsvegar hver á fætur öðrum; Blinded by the Light, Davy's on the Road Again (mjög flott) og, eftir uppklapp, Do Wah Diddy Diddy sem Rogers spilaði einn ásamt trommaranum og tónleikagestir sungu viðlagið.

Hápunkturinn kom í lokalaginu. Þegar forspilinu að því lauk og fyrstu tónar The Mighty Quinn hljómuðu fór nostalgísk sæluvíma um salinn og tónleikagestir stóðu skælbrosandi upp úr sætum sínum. Fullkominn endir á fínum tónleikum. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Manfred Mann og félagar heilluðu gesti Háskólabíós með góðum tilþrifum á miðvikudagskvöldið.






# Obama hrósar Beckham

**Forseti Bandaríkjanna Barack Obama hrósaði knattspyrnukappanum David Beckham í veislu til heiðurs LA Galaxy í Hvíta húsinu á dögunum. Veislan var haldin í tilefni af sigri liðsins í MLS-deildinni þriðja árið í röð. Þá sagði Obama að Beckham væri líklega gæddur sérstökum hæfileikum. „Beckham gæti í fyrsta lagi verið faðir flestra í liðinu og leiðir þá til sigurs. Það getur ekki hver sem er gert það samhliða því að sitja fyrir á nærbuxum sem hann hannar sjálfur," sagði Obama í ræðu sinni og uppskar mikil hlátrasköll liðfélaga Beckham og annarra gesta fyrir vikið.**

**Undirfatalínu Beckham fyrir sænsku verslunarkeðjuna Hennes & Mauritz hefur verið vel tekið og líklegt að önnur lína komi í verslanir með haustinu.**



**ÁNÆGÐUR MEÐ NÆRBUXURNAR** Forseti Bandaríkjanna Barack Obama segir Beckham vera gæddan einstökum hæfileikum bæði utan vallar sem innan. MYND/H&M

# Kæra dregin til baka

**John Travolta segir að þungu fari sé af sér létt eftir að kæra um að hann hafi kynferðislega áreitt annan mann var dregin til baka. Tveir nuddarar ásökuðu hann um að hafa áreitt þá kynferðislega en nú hefur annar þeirra dregið kæruna til baka.**

**„Við vonumst til að hinn aðilinn dragi kæruna til baka eins og sá fyrri," sagði lögfræðingur Travolta. Þrátt fyrir ummælin er ólíklegt að það gerist. „Hann er ekki að fara hætta við eitt né neitt. Hann varð fyrir miklu áfalli," sagði lögfræðingur hins mannsins.**



**LÉTTIR** John Travolta ásamt eiginkonu sinni Kelly Preston.

NÝTT KORTATÍMABIL

# Sprengidagur

áfram alla helgina

út sunnudag

# 25% AFSLÁTTUR

af öllum vörum

## 20% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus



**DRAUMUR RÆTIST** Aldís Snorradóttir lét gamlan draum rætast og skipti um starfsvettvang. Hún opnar Gallerí Þoku á Laugavegi 25 á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lét gamlan draum rætast

Aldís Snorradóttir rekur Gallerí Þoku sem staðsett er í kjallara Hríms hönnunarhúss á Laugavegi. Aldís er nýflutt aftur heim frá Montreal þar sem hún lagði stund á nám í listasögu.

„Vinkona mín opnaði Hrím fyrir skömmu og þar var rými í kjallaranum sem mér þótti tilvalið til að nýta undir sýningar enda er mikið af hæfileikaríku, ungu listafólki hér á landi og lítið um sýningarstaði. Við ákváðum því að kýla á þetta, taka rýmið í gegn og opna gallerí,“ segir Aldís. Það er listamaðurinn Magnús Helgason sem ríður á vaðið með sýninguna Guð fær greitt í dollurum sem verður opnuð á laugardag.

Aldís útskrifaðist úr viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 2007 og starfaði í tvö ár hjá fjárfestingabanka. Hún viðurkennir að listin hafi þó alltaf verið hennar ástríða og árið 2009 ákvað hún að láta drauminn rætast og hefja nám í listfræðum.

„Ég hef verið áhugamanneskja um list allt frá því að amma og afi fóru með mig á söfn víða um Evrópu, en gat einhvern veginn ekki ímyndað mér að það gæti orðið að lífsstarfi mínu. Ég fór því í viðskiptafræði því það þótti svo praktískt á þeim tíma. Ég hef nú komist að því að maður á að elta drauma sína því það er það sem gerir mann hamingjusaman og mér finnst ég nú loksins vera komin á rétta hillu í lífinu. Það er allt annað að læra eitthvað sem maður hefur brennandi áhuga á.“

Aðspurð segir Aldís að það sé í mörg horn að líta þegar setja á upp listasýningu og nefnir í því samhengi að lýsingin þurfi að vera rétt og að oftast þurfi að vinna með takmarkað fjármagn. Aldís sinnir ekki aðeins starfi sýningarstjóra heldur mun hún einnig sjá um að selja verkin og telur það kost að galleríið sé í sama húsi og Hrím því þangað koma bæði erlendir ferðamenn sem og fagurkerar. Hún segist vera spennt fyrir opnunarkvöldinu en einnig svolítið stressuð. „Þetta hefur allt gerst svo hratt að maður trúir varla að þetta sé að gerast strax.“

Guð fær greitt í dollurum verður opnuð á laugardag klukkan 17. Gallerí Þoka er á Laugavegi 25.

**- sm**

# Óskaði eftir hlutverki

Michelle Pfeiffer fer með eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Dark Shadows í leikstjórn Tims Burton. Leikkonan segist hafa hringt sjálf í leikstjórann og óskað eftir hlutverkinu.

„Ég hefði aldrei gert þetta nema af því ég þekkti hann, þetta setur fólk í mjög óþægilega aðstöðu. Ég frétti af verkefninu í gegnum sameiginlega vinkonu okkar og þó ég vissi ekki einu sinni hvort það væri hlutverk við mitt hæfi í myndinni ákvað ég að hringja í Tim og tjá honum hug minn. Við áttum gott samtal og ári síðar hringdi hann aftur í mig og bauð mér í prufur,“ sagði Pfeiffer sem vann með Burton árið 1992 þegar hún lék Kattarkonuna í Batman Returns.



**BAUÐ SIG FRAM** Michelle Pfeiffer hringdi í Tim Burton og óskaði eftir hlutverki í kvikmyndinni Dark Shadows. NORDICPHOTOS/GETTY

Pfeiffer sagðist ekki hafa búist við því að fá hlutverk Elizabeth Collins Stoddard og var því ánægð þegar Burton hafði aftur samband. „Tim er mjög hæfileikaríkur og frjór leikstjóri og það er frábært að fá að vinna með honum aftur.“ Kvikmyndinni Dark Shadows hefur verið líkt við blöndu af The Addams Family og Death Becomes Her.



**STENDUR MEÐ LINDSAY** Dina Lohan segir dóttur sína vel undir það búna að leika Elizabeth Taylor. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lohan ekki ólík Taylor

**Dina Lohan, móðir Lindsay Lohan, segir dóttur sína vera vel að því komna að leika Elizabeth Taylor í sjónvarpsmynd um ævi leikkonunnar. Valið hefur þó verið gagnrýnt af sonum Taylor sem segja leikkonuvalið vanvirðingu við minningu móður þeirra.**

**„Lindsay er mjög vel búin undir hlutverkið og lítur á þetta sem mikinn heiður. Þær eiga líka margt sameiginlegt, fjölmiðlaumfjöllun um Taylor var oft óvægin og það sama á við um Lindsay,“ sagði Lohan um dóttur sína í viðtali við Access Hollywood.**


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR VIP | KL. 4 - 8 | 2D | VIP |
| SAFE | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 16 |
| SAFE VIP | KL. 6 - 10 | 2D | VIP |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 8 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 10 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ÍSL TALI | KL. 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 9 - 11 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 6 | 2D | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SAFE | KL. 4 - 6 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 6 - 9 - 10 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 4 - 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK SHADOWS | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 10:20 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |
| DARK SHADOWS | KL. 10 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 5 | 3D | 10 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 7 - 10 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA M/ÍSL TALI | KL. 6 | 2D | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE DICTATOR LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE FIVE YEAR ENGAGEMENT | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 8 | 12 |
| HOW I SPENT MY SUMMER VACATION | KL. 10.10 | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.30 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

LOKAÐ 18. - 23. MAÍ

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE DICTATOR | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE 5 YEAR ENGAGEMENT | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| LOCKOUT | KL. 10.15 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 AUKAKRÓNUR 5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE DICTATOR | 4, 6, 8, 10 |
| THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT | 8 |
| THE RAID | 10.25 |
| THE AVENGERS 3D | 4, 7, 10 |
| LORAX 3D | 4, 6 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




FÖSTUDAGUR: I AM SLAVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ TOWN OF RUNNERS 20:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 17:40, 22:30

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




-20%
AF ÖLLUM VÖRUM
KROLL er 2 ára
20% afsláttur
af öllum vörum
18. - 20. maí
Opið Föstudag 11-19
Laugardag 11-17
Sunnudag 13-17
kroll
Laugavegi 33 - 552 2250 - Erum á facebook

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNAR SIGURÐSSON** spilaði síðustu mínúturnar þegar að lið hans og Sölva Geirs Ottesen, FC Kaupmannahöfn, varð danskur bikarmeistari í gær eftir sigur á AC Horsens í úrslitaleik á Parken, 1-0. Sölvi Geir hefur verið frá vegna meiðsla og var því fjarri góðu gamni í gær. Þetta er fimmti bikarmeistaratitill FCK frá upphafi.



**ROBERTO MARTINEZ** Einn eftirsóttasti knattspyrnustjóri Bretlandseyja um þessar mundir. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eigendur Liverpool í stjóraleit:

## Mega ræða við Martinez

**FÓTBOLTI** **Forráðamenn Liverpool hafa fengið leyfi hjá Dave Whelan, eiganda Wigan, til að ræða við knattspyrnustjórann Roberto Martinez. Þetta staðfesti Whelen við enska fjölmiðla í gær.**

**„Ég myndi gjarnan vilja halda honum,“ sagði Whelan við enska fjölmiðla. „En ef hann vill fara til Liverpool myndi ég ekki standa í vegi fyrir því. Ég myndi óska honum góðs gengis.“**

**Wigan var í neðsta sæti ensku úrvalsdeildarinnar þann 11. mars síðastliðinn en Martinez náði að bjarga liðinu frá falli með frábærum lokaspretti á tímabilinu, þar sem liðið vann til að mynda Manchester United, Arsenal og Newcastle.**

**Ekki er útilokað að forráðamenn Liverpool ætli sér að ræða við fleiri en Martinez um að taka við starfi knattspyrnustjóra af Kenny Dalglish, sem var rekinn í fyrradag.** - esá

# Meistararnir féllu báðir í fyrsta sinn

**Mörg lið ætla að blanda sér í baráttuna um meistaratitilinn í Pepsi-deild kvenna ef marka má úrslitin í 1. umferð. Íslandsmeistararnir og bikarmeistararnir töpuðu báðir sínum fyrsta leik sem hefur aldrei gerst áður.**

**FÓTBOLTI** Pepsi-deild kvenna hefur oft verið einvígi tveggja liða eins og í fyrra þegar Valur og Stjarnan börðust um titilinn sem endaði með að Stjörnukonur enduðu fimm ára sigurgöngu Vals og unnu sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil. Sumarið í ár hefur allt til alls til að verða eitt það mest spennandi í manna minnum ef marka má úrslit fyrstu umferðarinnar.

Stjörnukonur byrjuðu titilvörnina á tapi á móti Þór/KA fyrir norðan og þetta er aðeins í fjórða skiptið frá 1981 sem Íslandsmeistarar byrja Íslandsmótið árið eftir á tapi og það hafði aldrei hist svo á áður að bikarmeistararnir byrjuðu líka á tapi. Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari segir að úrslitin hafi komið sér á óvart.

„Það er ekkert eitt lið sem mun stinga af í sumar og nokkur lið munu berjast um titilinn. Það er svolítið gaman að líta á stöðutöfluna eftir fyrstu umferðina því maður bjóst eiginlega við að hún myndi líta öfugt út. Þetta er mjög gaman því undanfarin ár hafa þetta verið tvö lið og í mesta lagi þrjú lið sem hafa verið að berjast um titilinn,“ segir Sigurður Ragnar.

„Það kom mér mjög mikið á óvart að Stjarnan skyldi tapa. Ég var búin að sjá Þór/KA í tveimur leikjum á undirbúningstímabilinu og fannst þær slakar í báðum leikjunum. Þær eru að byrja sumarið mjög vel og þetta voru úrslit sem komu mikið á óvart. Ég fór sjálfur til Vestmannaeyja og sá ÍBV og Val. Vindurinn réði mjög miklu í þeim leik því öll mörkin voru skoruð í meðvindi. Mér fannst ÍBV vera nokkuð sterkara í leiknum þannig að úrslitin voru sanngjörn,“ segir Sigurður og bætir við: „Það er komin mikil óvissa í deildina ekki síst fyrst Þór/KA byrjar svona vel. Það lítur út fyrir mjög spennandi sumar,“ segir Sigurður Ragnar.

Það var ekki nóg með að Íslands- og bikarmeistararnir töpuðu sínum leikjum heldur náðu „meistaraefnin“ í Breiðabliki ekki að vinna Fylki en Blikakonum var spáð titlinum í spá fyrir mót.

„Breiðablik á mikið inni og ég held að þær komi strax sterkar inn í framhaldinu. Þær eru með mjög gott lið og hafa verið að rúlla upp mjög sterkum liðum á undirbúningstímabilinu,“ segir Sigurður Ragnar.

Ef einhver ætti að gleðjast fremur öðrum yfir þróun mála þá er það einmitt landsliðsþjálfarinn.

„Vonandi ætla margar stelpur að sýna sig fyrir mér í sumar og ég fagna því. Það er bara jákvætt að breiddin sé að aukast og þessar ungu stelpur sem hafa spilað í deildinni undanfarin ár eru komnar með meiri reynslu og eru bara orðnar mjög góðir leikmenn. Það er ekki hægt að vanmeta þessi lið sem líta kannski veikari út á pappírnum. Við sjáum það á úrslitunum í fyrstu umferðinni að það getur allt gerst,“ sagði Sigurður Ragnar að lokum.

Önnur umferðin hefst í kvöld með fjórum leikjum. Leikur Vals og Selfoss verður í beinni á Stöð 2 Sport og Vísi en aðrir leikir kvöldsins eru: Fylkir-Stjarnan, Breiðablik-Afturelding og FH-ÍBV. Á morgun mætast síðan KR og Þór/KA en þar mætir Stjörnubaninn Katrín Ásbjörnsdóttir á sinn gamla heimavöll.

ooj@frettabladid.is



**NÚLL STIG** Stjarnan og Valur háðu einvígi um titilinn í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Töp Íslandsmeistara í fyrsta leik árið eftir:**

- **2012 Stjarnan** - 1-3 tap fyrir Þór/KA
- **2005 Valur** - 1-4 tap fyrir Breiðabliki
- **1994 KR** - 0-3 tap fyrir Breiðabliki
- **1991 Breiðablik** - 0-3 tap fyrir Val

**Töp bikarmeistara í fyrsta leik árið eftir:**

- **2012 Valur** - 2-4 tap á móti ÍBV
- **2009 KR** - 1-3 tap fyrir Val
- **1996 Valur** - 1-7 tap fyrir Breiðabliki
- **1993 ÍA** - 0-2 tap fyrir ÍA
- **1992 ÍA** - 0-1 tap fyrir Val
- **1990 ÍA** - 1-3 tap fyrir KR
- **1985 Valur** - 1-7 tap fyrir Breiðabliki






**MARKAHRÓKAR** Viktor Smári, til hægri, og Enok fóru mikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Viktor Smári Segatta og Enok Eiðsson, Haukum:

## Saman með 16 mörk

**FÓTBOLTI** Haukar komust í sögubækurnar þegar liðið vann sannkallaðan stórsigur á Snæfelli í 2. umferð bikarkeppni KSÍ í fyrrakvöld, 31-0. Tveir leikmenn skoruðu meira en helming allra marka í leiknum.

Viktor Smári Segatta er einn fárra leikmanna sem hefur skorað tíu mörk í einum og sama leiknum og Enok Eiðsson mátti sætta sig við að vera næstmarkahæstur þrátt fyrir að hafa skorað sex mörk.

„Þetta þróaðist bara í eina átt – að markinu þeirra,“ sagði Enok léttur í bragði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær. „Það er svekkjandi að sex mörk dugðu ekki til að vera markahæstur en Viktor var grimmari við markið.“

Sjálfur vildi Viktor ekki meina að Haukarnir hefðu farið illa með 3. deildarlið Snæfells. „Það tel ég ekki. Við kláruðum þetta bara almennilega,“ sagði hann.

Fram kom á fréttavef Morgunblaðsins í gær að Haukar hefðu jafnað markamet Smástundar frá Vestmannaeyjum sem vann Skautafélag Reykjavíkur í gömlu 4. deildinni árið 1996, 31-1. Leiða má þó líkur að því að sigur Hauka sé einn sá stærsti frá upphafi í leik á vegum KSÍ.

Öllum leikjum nema einum er lokið í 2. umferð Bikarkeppni KSÍ en dregið verður í 32-liða úrslit keppninnar í dag. Liðin úr Pepsi-deild karla hefja þá þátttöku. - esá

# HÓPKAUP.IS Í DAG




# 11 KG GASKÚTUR FRÁ OLÍS

**2.956 kr.** **GILDIR 24 TÍMA**

| Verð | Afsláttur | Afsláttur í kr. |
|---|---|---|
| ~~5.475 kr.~~ | 46% | 2.519 kr. |

50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

Þú færð 11 kg innihald hjá Olís á aðeins 2.956 kr. þegar þú skilar 9 kg kút á móti. Að auki fylgir nýr þrýstijafnari fyrir Smellugas.

Smellugas er einfaldara og þægilegra kerfi við gasnotkun. Þrýstijafnarann þarf ekki að skrúfa á stútinn – honum er einfaldlega smellt á. Auðvelt er að sjá hvort skrúfað er frá eða fyrir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 113999

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

> **Stöð 2 kl. 20.10**

**Spurningabomban**

***Logi Bergmann Eiðsson er mættur aftur með glænýja þætti af Spurningabombunni. Líkt og áður keppa tvö lið í bráðskemmtilegum spurningaleik þar sem allt getur gerst.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER ÞREYTANDI

# *Vesti, ekki vesti, vesti, ekki vesti...*



Ég dáist að þeim sem geta búið til sjónvarpsþátt, hvað þá heila bíómynd. Finnst ótrúlegt hvernig hægt er að hafa yfirsýn yfir verkið þegar hvert nokkurra sekúndna atriði getur tekið heilan dag í upptöku. Atriðin ekki tekin upp eftir tímaröð heldur flakkað fram og aftur um handritið og eftir margra mánaða vinnu liggja fyrir þúsundir klukkustunda af efni. Hvernig getur nokkur komið því saman í samfellda kvikmynd sem rennur snurðulaust fyrir augunum á okkur? Ég get orðið svo upptekin af þessu að ég leita beinlínis að atriðum þar sem snurða hefur hlaupið á þráðinn. Eitthvað farið úrskeiðis en enginn tók eftir því. Einhver með krosslagðar hendur í einu skoti en með þær hangandi niður með síðum augnabliki síðar. Svo aftur krosslagðar. Skyrtukragi með mismunandi broti milli klippa, sígarettupakki ýmist í hægri eða vinstri brjóstvasa, hárlokkur ýmist fram eða aftur. Einhver segði þetta tómt rugl. Þessi smáatriði skiptu ekki máli og eyðilegðu fyrir mér ánægjuna af því að horfa. Sem er auðvitað rétt. Og það sem verra er, þessi þráhyggja mín eyðileggur ánægjuna líka fyrir öðrum. Því þegar verið er að frysta Han Solo í Star Wars II, á athugasemdin „bíddu, var hann ekki í vesti áðan?" víst ekki við.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Einnar mínútu þögn **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Sveiflan sem sigraði heiminn **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.25 HM í íshokkí**
**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó**
**17.23 Snillingarnir**
**17.50 Galdrakrakkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hið sæta sumarlíf** (2:6) (Det søde sommerliv)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Mark II: Draumurinn rætist** (Goal II: The Living Dream) Fótboltastrákur frá Los Angeles hefur fengið reynslu hjá Newcastle United en draumurinn rætist þegar hann er seldur til Real Madrid. Leikstjóri er Jaume Collet-Serra og meðal leikenda eru Kuno Becker, Alessandro Nivola og Anna Friel. Bresk bíómynd frá 2007.
**22.05 Lewis – Myrkrið svarta** (Lewis: Falling Darkness) Bresk sakamálamynd þar sem Lewis lögreglufulltrúi í Oxford glímir við dularfullt sakamál. Meðal leikenda eru Kevin Whately, Laurence Fox og Rebecca Front. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Nýtt tungl** (New Moon) Edward fer frá Bellu eftir árás sem kostaði hana næstum lífið. Í þunglyndi sínu lendir hún í sambandi með varúlfinum Jacob Black. Leikstkóri er Chris Weitz og meðal leikenda eru Kristen Stewart, Robert Pattinson og Taylor Lautner. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. Bandarísk bíómynd frá 2009 byggð á sögu eftir Stephenie Meyer.
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 17 Again**
**10.00 Run Fatboy Run**
**12.00 Tooth Fairy**
**14.00 17 Again**
**16.00 Run Fatboy Run**
**18.00 Tooth Fairy**
**20.00 Secretariat**
**22.00 The Front**
**00.00 SherryBaby**
**02.00 Black Sheep**
**04.00 The Front**
**06.00 Miss March**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.30 Oprah**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (142:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (1:38)
**11.00 Hell's Kitchen** (13:15)
**11.45 The Glades** (2:13)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Duplicity** Mynd um breska MI6-útsendarann Ray (Clive Owen) og CIA-leyniþjónustukonuna Claire (Julia Roberts) sem hafa bæði yfirgefið heim hinnar opinberu leyniþjónustu og fært sig yfir í einkageirann.
**15.00 Tricky TV** (20:23)
**15.25 Friends** (19:24)
**15.50 Sorry I've Got No Head**
**16.20 Daffi önd og félagar**
**16.40 Ævintýri Tinna**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (15:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 American Dad** (17:20)
**19.45 The Simpsons** (9:22)
**20.10 Spurningabomban** (1:6) Loga Bergmann Eiðsson er mættur aftur til leiks í ferskum og flottum nýjum þáttum.
**20.55 American Idol** (37:40) Aðeins þrír bestu söngvararnir eru eftir.
**22.20 American Idol** (38:40) Nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur halda áfram og eiga áfram von um að verða næsta stjarna.
**23.05 Deal** Dramatísk mynd þar sem Burt Reynolds fer með hlutverk alræmds pókerspilara sem dregst aftur inn í heim spilamennskunnar þegar hann tekur að sér að kenna nokkrum háskólanemum nokkur trikk.
**00.30 Them** Hryllingsmynd um hjónin Lucas og Clementine sem lifa friðsælu lífi á sveitasetri sínu, þar til þau vakna eina nóttina við óvæntan hávaða. Þar eru mættir óþekktir ofbeldismenn sem gera þeim lífið leittt.
**01.50 Duplicity**
**03.55 The Simpsons** (15:22)
**04.20 Spurningabomban** (1:6)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.00 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi-deildar karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
**18.10 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.40 Spænsku mörkin**
**19.10 Valur - Selfoss** BEINT frá leik í Pepsi deild kvenna í knattspyrnu.
**21.00 The Masters** Útsending frá öðrum keppnisdegi á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Þar keppa allir bestu kylfingar heims um ein eftirsóttustu verðlaunin í golfheiminum, græna jakkann.
**00.10 Valur - Selfoss**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Sunnudagsmessan**
**18.40 Swansea - Liverpool**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League World**
**21.30 Man. City - QPR**
**23.20 Chelsea - Blackburn**

## EXTRA

**18.30 The Doctors** (116:175)
**19.15 The Amazing Race** (12:12
**20.05 Friends** (18:24)
**20.30 Modern Family** (18:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Closer** (2:21)
**22.35 NCIS: Los Angeles** (20:24)
**23.20 Rescue Me** (13:22)
**00.05 Friends** (18:24)
**00.30 Modern Family** (18:24)
**00.55 The Doctors** (116:175)
**01.35 Fréttir Stöðvar 2**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (5:10) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.05 HA?** (27:27) (e)
**16.05 Girlfriends** (12:13) (e)
**16.25 Britain's Next Top Model** (10:14) (e)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 The Good Wife** (16:22) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (7:48) (8:48) (e)
**19.40 Got to Dance** (12:17) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli.
**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar. Bishop-systkinin leggja ríginn á hilluna og reyna að vinna inn háa fjárhæð fyrir fjölskylduna.
**21.15 The Biggest Loser** (2:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis. Keppendurnir þurfa að standast freistingar og gera upp við sig hversu langt þeir eru tilbúnir að ganga til að losa sig við aukakílóin.
**22.45 HA?** (1:27) (e)
**23.35 Once Upon A Time** (19:22) (e)
**00.25 Prime Suspect** (3:13) (e)
**01.10 Franklin & Bash** (6:10) (e)
**02.00 Saturday Night Live** (19:22)
**02.50 Jimmy Kimmel** (e)
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Byron Nelson Championship 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Byron Nelson Championship 2012 (1:4) **15.00** Golfsumarið 2011 **15.25** Byron Nelson Championship 2012 (1:4) **18.35** Inside the PGA Tour (20:45) **19.00** Byron Nelson Championship 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (18:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.40** The Vicar of Dibley **08.05** Dalziel and Pascoe **09.45** Deal or No Deal **10.20** Keeping Up Appearances **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.10** Top Gear **15.30** QI **16.30** Come Dine With Me **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **22.55** Top Gear **23.50** Shooting Stars **00.20** The Old Guys

## DR 1

**08.30** Grøn glæde **09.00** Vores Liv. Skattejægerne **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamies køkken **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Chiro **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drømmehaver **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen **19.30** The River Wild **21.20** Døden på krydstogt

## NRK 1

**12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Jan på Hytjanstorpet **13.50** Glimt av Norge **14.00** NRK nyheter **14.10** Program ikke fastsatt **15.00** NRK nyheter **15.10** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Fjellfolk **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** 20 sporsmål **19.25** Lindmo **20.15** Scott og Bailey **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tudors **22.05** Tommy Seebach - dansk Melodi Grand Prixs ukronede konge

## svt1

**11.25** Anslagstavlan **11.50** Konstdeckarna **12.50** Det är aldrig för sent - gympagrupp 90+ **13.05** South Riding **14.00** Rapport **14.05** Hundra procent bonde **14.35** Bröderna Reyes **15.30** Simhopp. European diving cup **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Inför det kungliga dopet **19.00** Högklackat **19.30** Edge of Darkness **21.25** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.35** Allt om min buske **23.10** Rapport **23.15** Mästarnas mästare

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

Í Hörpu 17. júní 2012
HELGI BJÖRNS SYNGUR ÍSLENSKAR DÆGURPERLUR
EIVÖR RAGNHILDUR GÍSLA SIGRÍÐUR THORLACIUS KK JÓN JÓNSSON JOHN GRANT VALDIMAR
Útsetningar: Samuel J. Samuelsson • Kynnir: Ragnar Kjartansson
Miðasala er hafin á harpa.is




# SPURNINGABOMBAN BYRJAR Í KVÖLD!

Sumarið byrjar með bombu! Einn vinsælasti og léttasti spurningaþátturinn í íslensku sjónvarpi hefst í kvöld kl. 20:10

**Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is**

Floridana LIFÐU VEL!

epli.is

## VÆNTANLEG SNILLD SEM ÞÚ MISSIR EKKI AF!



**EVRÓPSKI DRAUMURINN**
Taktu þátt í Evrópuævintýrum fyndnustu manna landsins.
**Hefst 29. júní**



**DALLAS**
Frægasta fjölskylda sjónvarpssögunnar er komin aftur!
**Fyrsti þáttur forsýndur 14. júní**



**SPRETTUR**
Nýr þáttur um reiðmennsku með Helga Björns og Vilborgu.
**Hefst 3. júní**



**STÓRA ÞJÓÐIN**
Vandaðir heimildaþættir um sístækkandi vandamál á Íslandi.
**Hefst 30. maí**



**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
Veldu þér dansfélaga!
**Hefst 8. júní**

**#STÖÐ2**

ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



*„Head over Heels með Tears for Fears. Það er síðan algjört möst að leika bælda hljómborðs sólóið sem er í myndbandinu.“*

Magnús Leifsson, grafískur hönnuður og grínisti.

# Facebook-samskipti í raunheimi

Halldóra Rut Baldursdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir, leiklistarnemar við Listaháskóla Íslands, vinna að lítilli, sjálfstæðri leiksýningu sem frumsýnd verður föstudaginn 25. maí á heimili Halldóru í Grjótaþorpinu. Sýningin nefnist Heim og er alfarið byggð á Facebook-færslum.

„Við vorum að velta fyrir okkur samskiptum fólks á Facebook þegar okkur datt í hug að það gæti verið gaman að glæða þetta lífi í leikhúsinu og allt í einu vorum við komnar út á gólf og farnar að vinna með þessa hugmynd. Það mætti því segja að þetta sé rannsókn sem óvart varð að sýningu,“ útskýrir Halldóra og bætir við að ferlið hafi fengið þær til að endurmeta tilganginn með notkun Facebook.

Stúlkurnar eru báðar virkar á samskiptasíðunni og viðurkenna að það hafi komið þeim á óvart hversu stóran þátt Facebook spilar í daglegu lífi manna. „Meiri hluti þjóðarinnar er á Facebook, meira að segja ungbörn og ömmur og afar eru virk á samskiptasíðunni. Í dag virðist maður ekki vera maður með mönnum nema maður sé á Facebook,“ segir Halldóra og bætir við: „Það sem okkur langaði að prufa að gera er að eiga í Facebook-samskiptum í raunheiminum. Ég veit ekki hvort okkur hafi tekist það, það er áhorfenda að dæma um það.“

Leiksýningin verður frumsýnd þann 25. maí á heimili Halldóru í Mjóstræti 3. Áætlaðar eru fjórar sýningar á verkinu og rúmast um tíu manns á hverri sýningu. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á Facebook-síðu leikhópsins Þrettán svartir kettir undir stiga.

- sm



**KYNNTUST FACEBOOK BETUR** Halldóra Rut Baldursdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir, leiklistarnemar við Listaháskóla Íslands, setja upp sýningu byggða á Facebook-samskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




DARRI INGÓLFSSON: Á VONANDI EFTIR AÐ OPNA EINHVERJAR DYR ÚTI

# Landaði hlutverki í taugatryllandi sjónvarpsþætti

Darri Ingólfsson leikari fer með lítið hlutverk í fyrsta þættinum af sjónvarpsþáttaröðinni Last Resort sem sýndir verða á sjónvarpsstöðinni ABC. Framleiðendur þáttanna eru þeir sömu og framleiddu Lost og handritshöfundarnir eru þeir Shawn Ryan, sem skrifaði The Shield og Angel, og Karl Gajdusek, sem samdi handritið að kvikmyndinni Trespass.

Þátturinn er sagður í anda 24 og Homeland og fjallar um áhöfn kjarnorkukafbáts í þjónustu bandaríska hersins sem fær þau fyrirmæli að gera árás á Pakistan. Fyrirmælin vekja upp grunsemdir hjá yfirmanni áhafnarinnar, sem óhlýðnast skipuninni og er fyrir vikið sagt upp störfum. Sá er tekur við sem hæstráðandi gerir slíkt hið sama og í kjölfarið er áhöfnin sökuð um landráð og upphefst taugatrekkjandi eltingaleikur. Þátturinn var tekinn upp í Honolulu á Havaí og er leikstýrt af Martin Campbell, sem á að baki kvikmyndir á borð við Green Lantern, Casino Royale og The Mask of Zorro.

Darri, sem vakti nokkra athygli hér heima fyrir frammistöðu sína í sjónvarpsþáttunum Mannaveiðum, fer með lítið hlutverk í Last Resort. Darri leikur aðstoðarmann þingmanns sem fer á stefnumót með dóttur efnaðs vopnaframleiðanda og leikin er af Autumn Reeser. Það er sjónvarpsstöðin ABC sem er meðframleiðandi þáttanna, en fyrirtækið er í eigu Walt Disney Studios samsteypunnar.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Darra sagðist hann að vonum ánægður með hlutverkið enda sé margt hæfileikaríkt fólk sem komi að gerð þáttanna.

„Það er auðvitað frábært að hafa fengið þetta hlutverk þó lítið sé. Þetta skapar vonandi fleiri tækifæri fyrir mig. Skemmir svo ekki að þetta var skotið á Havaí. Mér skilst að ABC hafi ákveðið að leggja pening í framleiðslu á hálfri seríu en framhald þeirra ræðst svo á áhorfi þannig nú er bara að bíða og sjá hvað gerist,“ sagði Darri sem hefur verið búsettur í Los Angeles undanfarin þrjú ár.



**AÐSTOÐARMAÐUR ÞINGMANNS** Darri Ingólfsson hreppti lítið hlutverk í prufuþætti fyrir Last Resort. Þættirnir eru nýir af nálinni og framleiddir af þeim sömu er gerðu Lost. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Bók um Fischer nýtur vinsælda

„Ég er nokkuð ánægður með þetta,“ segir Helgi Ólafsson, stórmeistari í skák.

Bók hans Bobby Fischer Comes Home situr í efsta sæti á vinsældarlista hins öfluga forlags New in Chess, sem gefur bókina út. Hún fjallar um heimsmeistarann sáluga Bobby Fischer, og þar er megináhersla lögð á síðustu ár hans á Íslandi.

„Ég umgekkst hann mjög mikið, eða fram á vorið 2007. Þá má segja að hafi kastast í kekki á milli okkar. Hann veiktist um haustið og var á spítala og var síðan farinn í ársbyrjun 2008,“ segir Helgi, sem var fenginn til að skrifa bókina vegna þess að hann þekkti skákferil Fischers manna best hér á landi. Helgi fylgdist með heimsmeistaraeinvígi Fischers og Spasskís í Laugardalshöll 1972 og umgekkst Fischer mikið eftir að hann flutti til Íslands. „Það kannast margir við að eignast átrúnaðargoð í æsku og kynnast þeim síðar. Það má segja að maður sé að bera þetta saman,“ segir hann. „Maðurinn sem kom hingað 2005 var ekki sami maður í mínum huga og 1972. Ég myndi ekki segja að hann hafi valdið mér vonbrigðum. Þetta var bara skeið í hans lífi sem var mjög erfitt.“

Hann segir bók sem þessa mikilvæga heimild. „Fischer tengdist skáksögu Íslendinga og Íslandssögunni mikið. Það er nauðsynlegt að það sé eitthvað skráð um þetta af þeim sem voru að umgangast hann.“

Spurður hvort bókin komi út á íslensku segir Helgi að það komi til greina ef einhver bókaforlög sýni henni áhuga.

- fb



**ÁNÆGÐUR** Helgi Ólafsson er ánægður með viðtökurnar við bókinni Bobby Fischer Comes Home. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


GÖNGUHELGI
ZO•ON
ICELAND
18 -20 MAÍ
Ný og glæsileg sumarlína komin í verlsanir.
25% afsláttur af öllum göngufatnaði í
ZO-ON Kringlunni og Smáralind.
ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vefsíða tónlistarspekings

Tónlistarspekingurinn **Arnar Eggert Thoroddsen** hefur opnað sína eigin vefsíðu og heitir hún einfaldlega arnareggert.is. Þar ætlar hann að fjalla um sitt helsta hugðarefni frá ýmsum hliðum og má búast við því að fjöldi tónlistaráhugamanna leggi leið sína þangað inn. Stutt er síðan Arnar tilkynnti um fyrirhugað nám sitt í tónlistarfræði í Edinborg og mun hann vafalítið greina frá gangi mála í námi sínu á nýju síðunni í bland við hina ýmsu tónlistarmola.



### Jóhann aftur á skjáinn

Athygli vakti þegar **Jóhanni Hlíðari Harðarsyni** var sagt upp störfum sem upplýsingafulltrúa Háskólans í Reykjavík í september í fyrrahaust. Þar hafði hann starfað í rúm fimm ár við góðan orðstír. Jóhann hefur töluverða reynslu af störfum við fjölmiðla, hefur starfað sem fréttamaður á RÚV og Stöð 2, dagskrárgerðarmaður á RÚV og var um skeið varaformaður Blaðamannafélags Íslands. Það vakti því engu minni athygli þegar Jóhann Hlíðar dúkkaði aftur upp í vikunni á sínum gamla vinnustað, fréttastofu RÚV, og flutti þar frétt af því að Mannfred Mann's Earth Band hygðist leika hér á tónleikum.



- fb, sh

### Mest lesið — vísir

1. Fimmtán teknir fyrir að pissa á almannafæri
2. Of Monsters and Men mætir til Jay Leno
3. Enn eitt áfallið fyrir Kennedyfjölskylduna
4. Fljótandi lúxushótel við Skarfabakka
5. Bjarni fundaði með utanríkisráðherra Breta







LJÓSLEIÐARINN

# 50 þúsund heimili eru tengd Ljósleiðaranum.
# – Er þitt heimili tengt?

## 100 Mb/s internet á 1.995 kr.

Ekki láta Símann fífla þig og fáðu
Ljósleiðarann alla leið inn í stofu.

Athugaðu málið á **hringdu.is/ljos**

- » Meiri hraði
- » Stöðugari
- » Betra verð
- » Öruggari tenging
- » Frí uppsetning
- » Ekkert mál að skipta

INTERNET
HEIMASÍMI
FARSÍMI

**537 7000**
www.hringdu.is

Hringdu
- Það er ódýrara